

HAFSTEINN JÚLIÚSSON

Hefur gaman af því að brjóta umhverfið upp heimili

allt í MIÐJU BLAÐSINS



FASTEIGNIR

Vel staðsett verslunar- og lagerhúsnæði

Sérblað um fasteignir FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



HÍBÝLI

Indiánafjaðrir og framúrstefnuleg form

Sérblað um híbýli og stofur FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

19. maí 2008 – 134. tölublað – 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

MÁNUDAGUR

Íslendingar í Cannes

Laufey Guðjónsdóttir og fleiri Íslendingar láta til sín taka á kvikmyndahátíðinni í Cannes.

FÓLK 25



Einstakt örlæti


Málmfríður Jóhannsdóttir ánafnaði Blindrabókasafni Íslands allar eigur sínar.

TÍMAMÓT 20

Allt á fullu í Hollywood

Atli Örvarsson er önnur kafinn við að semja tónlist við stórmyndir.

FÓLK 30



Kvaddir með stæl

Guðjón Valur Sigurðsson og Sverre Jakobsen voru kvaddir af stuðningsmönnum Gummersbach um helgina þar sem Sverre fékk óvænta gjöf í kveðjuskyni.

ÍPRÓTTIR 26



VEÐRIÐ Í DAG



Milt um allt land og áframhaldandi súld eða úrkomuloft norðanlands. Þurr sunnan til en einhverjar líkur á síðdegisskúrum. Hiti 7-13 stig yfir hádaginn.

VEÐUR 4

„...fyrst á visir.is“



visir.is

...ég sá það á visir.is



Rúmlega 300 börn á biðlista eftir talþjálfun

Faðir drengs sem þarf talþjálfun segist svo þreyttur á seinagangi í kerfinu að fjölskyldan íhugi að flytja úr landi. Sum börn þurfa að bíða á annað ár eftir þjónustu.

HEILBRIGÐISMÁL Rúmlega 300 börn eru á biðlista eftir því að komast að hjá talmeinafræðingum.

Þóra Másdóttir, talmeinafræðingur og verkefnisstjóri Heyrnar- og talmeinafræðingaráttæknistöðvar, telur fullvíst að sá fjöldi væri enn meiri ef samningar væru á milli Heyrnar- og talmeinafræðingaráttæknistöðvar og Tryggingastofnunar.

„Samningsleysið veldur því að erfiðara er fyrir foreldra að fá endurgreiðslu og því tel ég að margir foreldrar telji sig í raun ekki hafa efni á því að leita til talmeinafræðings,“ segir Þóra sem telur því að um mjög falið vandamál sé að ræða.

Eyrún Ísfold Gísladóttir, tal-

meinafræðingur hjá Talþjálfun Reykjavíkur, segir biðtímann misjafnan eftir sveitarfélögum, en á hennar vinnustað hafi fólk jafnvel þurft að bíða í á annað ár eftir að fá þjónustu. Þar sé þó unnið að því að fólk þurfi sjaldnast að bíða lengur en í um hálf t.ár.

Andrés Evar Grétarsson, faðir drengs á fimmta ári sem fæddist hvort tveggja með skarð í vör og klofinn góm og þarf því á talþjálfun að halda, segir fjölskylduna svo langþreytta á ástandinu í þessum málum að þau hafi íhugað að flytja til Danmerkur til að tryggja að drengurinn þeirra fái þá aðstoð sem hann þarf á að halda.

Björn Zoëga, forstjóri Landspít-

alans, segir að fyrir skömmu hafi verið gengið frá samningum um bættu þjónustu við börn sem fæðast með klofinn góm og/eda skarð í vör. Nú vinni spítalinn að því að koma upp tannlæknaþjónustu fyrir þessi börn á spítalanum sérstaklega svo hægt sé að koma til móts við foreldra vegna endurgreiðslna á tannlæknaþjónustunni. Mjög ólík verðskrá er meðal tannlækna og samræmist hún sjaldnast viðmiðunarskrá Tryggingastofnunar.

Björn segir að enn sem komið er hafi ekki verið rætt um hvort Landspítalinn komi til með að hafa umsjón með talþjálfun barnanna, þótt sé það ekki útilokað.

- kdk



FISKAFLI Nýju frumvarpi er ætlað að greiða fyrir aðgengi fiskkaupenda að gámafiski.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Nýtt frumvarp í þingflokka: Fiskvinnslur fá að bjóða í afla

SJÁVARÚTVEGSMÁL Íslenskar fiskvinnslur fá tækifæri til að bjóða í allan afla íslenskra fiskiskipa, verði nýtt frumvarp sjávarútvegsráðherra að lögum. Heimildir Fréttablaðsins herma að frumvarpið sé tilbúið og verði kynnt í þingflokum stjórnarflokkanna í dag.

Frumvarpinu er ætlað að greiða fyrir aðgengi íslenskra fiskkaupenda að hinum svokallaða gámafiski. Það er unnið upp úr tillögum nefndar sem skipuð var samhliða því að svonefnt útflutningsálag var afnumið nýverið.

Ekki náðist í Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra vegna málsins í gær.

- bj

Hermaður í Írak sendur heim: Með Kóraninn sem skotskífu

ÍRAK, AP Bandarískur hermaður hefur verið sendur heim frá Írak, fyrir að nota eintak af Kóraninum sem skotmark á æfingarsvæði, að sögn yfirmanna bandaríska hersins. Hann má búast við refsingu.

Bandarískur herforingi kyssti í gær nýtt eintak af Kóraninum áður en hann afhenti það leiðtogum súnni-múslima á svæðinu til að reyna að koma í veg fyrir að atvikið skaðaði samskipti hersins við mikilvæga bandamenn.

Íraskir lögreglumenn fundu bókina, sem hermaðurinn skaut alls fjórtán sinnum. Hann hafði að auki krotað í bókina.

- bj



SKIPT UM MÓTOR Félagarnir Hjalti Grétarsson, Einar Rafnsson og Páll Indriði Pálsson skipta um mótör í rússneskri flugvél. Vélin ætti að vera komin í lag fyrir flugsýninguna á laugardaginn.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Flugmálafélag Íslands stendur fyrir viðburðum tengdum flugi alla vikuna:

Skipt um mótör í YAK 52

FLUG „Mótörinn var orðinn gamall og lúinn. Við ákváðum að skipta um hann núna svo vélin yrði í góðu formi á flugsýningunni á laugardaginn,“ segir Páll Indriði Pálsson. Hann var í óða önn að gera við rússneska flugvél ásamt félögum sínum þegar ljósmyndari Fréttablaðsins kíkti við í Fluggördum á Reykjavíkflugvelli í gær.

Hinn árlegi flugdagur verður haldinn næstkomandi laugardag og af því tilefni stendur Flugmálafélag Íslands fyrir viðburðum alla vikuna. Ópið hús í

Fluggördum í gær var fyrsti liðurinn í þeirri dagskrá og Páll segir að margir hafi kíkt við.

„Það var þónokkur traffík og fólk fannst gaman að sjá að við vorum að vinna í vélinni. Þetta er rússnesk YAK 52 vél sem er sérstök að því leyti að sovéski flugherinn notaði hana til að æfa flugmennina sína. Hún hefur listflugeiginleika sem við nýtum okkur og hér er hún meðal annars notuð sem kennsluvél í listflugi,“ segir Páll sem á vélna í félagi með sautján öðrum flugköppum í flugklúbbum Jökum.

- þo

Kafbátur mánaðarins **SUBWAY** 329 kr. 17 Subway staðir um allt land. ...snjall leikur í hádegini!

www.stubbahus.is **Stubbahúsin** f. utanhúss reykingar. Fást í 3 stærðum á vegg og einnig sem standur. Pöntunarsími: S: 555 6200

SPURNING DAGSINS



Já, en Sóley, er Vigdís ekki kona?

Það mætti réttlæta það með gömlu tuggunni um að konur séu líka menn ef einhverjum finnst enn hræðilegt að heiðra konur.

Reykjavíkurráð ungmenna vill að reist verði stytta af Vigdís Finnbogadóttur. Ekki hefur tíðkast til þessa að reisa konum slíka minnisvarða. Sóley Tómasdóttir er borgarfulltrúi og feminísti.



MEÐ HJÁLPARGÖGN Hermenn frá Búrma afferma flutningavél frá Taílandi.

Ban Ki-moon um Búrma:

Brýnt að auka neyðaraðstoð

BÚRMA, AP Smitsjúkdómar hafa enn ekki breiðst út í Búrma eftir fellibylinn sem gekk yfir landið fyrir tveimur vikum.

Alþjóðlegar heilbrigðisstofnanir hafa óttast mjög útbreiðslu sjúkdóma á borð við kóleru og mislinga á svæðinu eins og algengt er við slíkar náttúruhamfarir. Stofnanirnar hafa lagt á það áherslu að matarsendingar, hreint drykkjarvatn og sjúkrahúsþjónusta þurfi að halda áfram að berast ef ekki á illa að fara. „Ef neyðaraðstoðin við landið eykst ekki fljótt er mikil hættu á að smitsjúkdómur breiðist út, sem myndi gera ástandið mun verra en það er í dag,“ sagði Ban Ki-moon, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna. Yfir 78 þúsund manna hafa fundist látnir eftir fellibylinn og 56 þúsunda er enn saknað. - fb

LÖGREGLUFRÉTTIR

Klífraði fram af svölum

Karlmaður slasaðist lítillega þegar hann féll niður úr tré við Njálsgötu á laugardagskvöld. Maðurinn var í gleðskap á þriðju hæð þegar hann tók upp á því að þróa af svölum hússins upp í nærliggjandi tré en fípaðist og féll til jarðar.

Sautján ára á ofsahraða

Lögreglan stöðvaði sautján ára ökuþór á Reykjanesbraut við Smáralind á laugardagskvöld. Sá ók á 157 kílómetra hraða þar sem hámarkshraði er 70.

Orkuveita Reykjavíkur hefur kært úrskurð Samkeppniseftirlitsins um kaup í HS:

Vilja fá að eiga þriðjungs hlut

ORKUMÁL Orkuveita Reykjavíkur (OR) hefur kært úrskurð Samkeppniseftirlitsins um að OR megi ekki eiga meira en þriggja prósentu hlut í Hitaveitu Suðurnesja (HS) til Áfrýjunarnefndar samkeppnismála.

Samkvæmt upplýsingum frá OR krefst fyrirtækið þess að fá að eiga tæplega þriðjungs hlut í HS.

Orkuveitan eignaðist 16,58 prósentu hlut í HS á síðasta ári, og gerði jafnframt samkomulag við Hafnarfjarðarbæ um kaup á 15,4 prósentu hlut í HS til viðbótar.

Samkeppniseftirlitið úrskurðaði hins vegar um miðjan apríl að OR mætti ekki eiga meira en þriggja



HITAVEITA Tekist er á um kaup OR á tæplega þriðjungs hlut í Hitaveitu Suðurnesja.

prósentu hlut í HS. Svo strangar takmarkanir komu forsvarsmönnum bæði OR og Hafnarfjarðarbæjar mjög í opna skjöldu.

Til vara krefst OR þess að fá að halda eftir 16,58 prósentu hlut í HS, og að samningur við Hafnarfjarðarbæ verði ógiltur. Til þrautvara er þess krafist að OR fái að eiga meira en þriggja prósentu hlut í HS.

Hafnarfjarðarbær skilaði inn greinargerð vegna kæru OR, þar sem tekið er undir aðalkröfu félagsins, segir Guðmundur Benediktsson bæjarlögmaður. Hafnarfjarðarbær vill hins vegar ekki að samningi við OR verði rift.

Óvíst er hvenær úrskurður fæst í málinu, en Guðmundur reiknar með því að þess verði ekki langt að bíða. - bj

Pólitíkin stjórnar því hverjir fá hjálp

Talið er að milljónir manna hafi enn ekki fengið neyðaraðstoð eftir að fellibylurinn Nargis reið yfir Búrma. Gísli Rafn Ólafsson, sem stýrir samhæfingu aðgerða á vegum Microsoft frá Bangkok í Taílandi, segir ástandið surrealistískt.

HJÁLPARSTARF „Það er vissulega mikil upplifun að taka þátt í svona stóru verkefni og bæði forvitnilegt og erfitt að sjá hvernig pólitíkin stjórnar öllu og hefur áhrif á hjálparstarfið,“ segir Gísli Rafn Ólafsson, einn af stjórnendum alþjóðasveitar Slysavarnafélagsins Landsbjargar og meðlimur í alþjóðlegu neyðarhjálpateymi Sameinuðu þjóðanna, sem nú er staddur við hjálparstörf í Taílandi vegna hamfaranna í Búrma.

Gísli var sendur til Taílands á vegum Microsoft þar sem hann stýrir því verkefni að tengja hjálpararsamtök á vettvangi. „Við höfum hannað ákveðið tölvukerfi fyrir Sameinuðu þjóðirnar til að halda utan um alla samhæfingu og dreifa upplýsingum til þeirra aðila sem koma að hjálparstarfinu. Við sátum yfir þessu alla síðustu viku og okkur tókst á fjórum dögum að búa til kerfi sem fullnægir þessum þörfum,“ útskýrir Gísli sem hefur aðsetur, ásamt fjölmörgum hjálparstarfsmönnum, á svæðisskrifstofu Sameinuðu þjóðanna í Bangkok.

Rúmar tvær vikur eru liðnar síðan fellibylurinn Nargis gekk yfir Búrma. Stjórnvöld í Búrma segja að 78 þúsund manna hafi látið líf sín í hamförunum en alþjóðlegar hjálparstofnanir óttast að fjöldinn sé mun meiri. Erfiðlega hefur



BEIÐ EFTIR MAT Fórnlömb fellibylsins standa í röð eftir mat og öðrum hjálpargögnum skammt fyrir utan höfuðborgina. Talið er að á stórum svæðum hafi enn engin aðstoð borist. NORDICPHOTOS/AFP

gengið að koma hjálpargögnum til bágstaddir þar sem stjórnvöld hafna enn öllum beiðnum alþjóðlegra hjálparstofnana um leyfi til að dreifa neyðargögnum.

Gísli segir skrítið að vera á staðnum og fylgjast með pólitíkinni. „Þetta kemur svo sem ekkert á óvart enda erfitt að eiga við herforingjastjórnir en það er hálf surrealistískt að vera svona nálægt en fá samt ekki að vera á staðnum. Við höfum heyrt frá hjálparstarfsmönnum sem hafa fengið að fara inn í landið, og þar eru aðstæðurnar jafnvel enn surrealistískari því þeir fá ekkert að fara og eru fastir í höfuðborginni,“ segir hann.

Gísli á sjálfur ekki von á að fara til Búrma, að minnsta kosti ekki á vegum Microsoft þar sem viðskiptabann ríkir milli Bandaríkjamanna og Búrma. „Ætli ég geri ekki meira gagn hér í Taílandi en hinum megin við landamærin. Það þarf einhver að hafa yfirsýn og í þessu tilviki þurfa þeir aðilar ekki að vera á staðnum. Það væri jafnvel óhugsandi því í Búrma er ekki hlaupið að því að komast í netsamband og allur tölvupóstur er rískoðaður. Símasamband er líka slitrótt svo þetta er ekki ákjósanlegt umhverfi fyrir samhæfingarmiðstöð,“ segir hann. Gísli reiknar með að koma heim í vikulok.

thorgunnur@frettabladid.is

Ungur ökumaður stöðvaður:

Faldi fíkniefni í innréttingu bíls

LÖGREGLUFRÉTTIR Fíkniefnahundur lögreglunnar á Selfossi var heldur betur fundvís í gærmorgun þegar hann fann fíkniefni sem falin höfðu verið í innréttingu bifreiðar.

Ökumaður bifreiðarinnar var stöðvaður um klukkan hálf nýu um morguninn grunaður um að aka undir áhrifum fíkniefna. Var hann færður ásamt bíl sínum á lögreglustöð.

Þar fékk fíkniefnahundurinn að spreyta sig og þefaði strax uppi tíu grömm af ætluðu amfetamíni og tvö grömm af kókaini sem hafði verið haganlega komið fyrir inni í innréttingu bifreiðarinnar. - þo

Bush í Mið-Austurlöndum:

Vill aukið frelsi fyrir borgara

EGYPTALAND, AP George W. Bush, Bandaríkjaforseti, hefur hvatt leiðtoga arababjórda til að hætta stuðningi sínum við hryðjuverkamenn og veita í staðinn borgurum sínum aukið frelsi.

„Í Mið-Austurlöndum gerist það alltof oft að einn leiðtogi stjórnar öllu á meðan stjórnarandstaðan situr í fangelsi,“ sagði Bush á heimsráðstefnu um efnahagsmál sem fór fram í Egyptalandi. „Það er kominn tími til að þjóðir fyrir botni Miðjarðarhafs hætta þessum stjórnarháttum og komi fram við fólk af þeirri virðingu sem það á skilið.“ Bush lauk í gær fimm daga ferðalagi sínu um Egyptaland, Ísrael og Sádi-Arabíu. Þetta var önnur ferð forsetans um Mið-Austurlönd á árinu. - fb



GEORGE W. BUSH

Tveir menn hnigu niður á bar:

Á gjörgæslu eftir lyfjanotkun

LÖGREGLUFRÉTTIR Tveir karlmenn á þrítugsaldri voru fluttir meðvitundarlausir á sjúkrahús eftir að þeir hnigu niður á skemmtistað í miðborginni í fyrrinótt.

Að sögn lögreglu kviknaði strax sá grunur að þeir hefðu tekið inn einhvers konar ólyfjan og voru þeir fluttir beina leið á gjörgæslu þar sem þeir fengu víðeigandi meðferð. Mennirnir voru útskrifaðir af gjörgæsludeild í gærmorgun og eru að sögn lækni á batavegi.

Ekki er vitað með vissu hvað það var sem mennirnir innbyrtu en svo virðist sem um fleiri en eitt efni hafi verið að ræða. - þo

Eftirlaunagreiðslur til 164 fyrrverandi þingmanna og ráðherra:

250 milljónir í eftirlaun í fyrra

STJÓRNMÁL Heildareftirlaunagreiðslur til 164 fyrrverandi ráðherra og þingmanna námu um 250 milljónum króna í fyrra að því er fram kemur í svari Dóreyjar Dórðardóttur hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins (LSR), við fyrirspurn Fréttablaðsins.

Samtals voru greiddar út rúmlega 49 milljónir til 35 ráðherra í fyrra en rúmlega 200 milljónir til 129 fyrrverandi þingmanna. „LSR hefur ekki upplýsingar um hverjir þiggi eftirlaun og fá jafnframt önnur laun,“ segir jafnframt í svari Dóreyjar.

Samtals fá sex fyrrverandi ráðherrar greidd eftirlaun og greiða jafnframt enn í LSR. Níu fyrrverandi þingmenn fá greidd eftirlaun og greiða jafnframt til LSR.

Heildareftirlaunagreiðsla til þingmanna og ráðherra árið 2004



ALPINGI Eftirlaunagreiðslur til þingmanna og ráðherra hafa hækkað um 55 milljónir frá árinu 2004. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

var um 195 milljónir króna, árið 2005 219 milljónir, árið 2006 var

hún 226 milljónir og árið 2007 nam hún 250 milljónum króna. - mh



Allir undir 15 ára aldri eru skyldugir til að vera með hjálm á hjóli, hlaupahjóli, hjólabretti eða línuskautum og skiptir öllu máli að velja réttan hjálm.

30% AFSLÁTTUR AF HJÁLMMUM ENN EINN KOSTUR ÞESS AÐ VERA Í STOFNI


Vidskiptavinir í Stofni fá fjölbreytt úrval af hjólahjálmmum á **30% afslátti** í Markinu, Ármúla 40, 108 Reykjavík.

SJÓVÁ

STOFN

Kom inn!

Í sýningarsal okkar gefur að líta fjölbreytt úrval hurða og húna



ASETA

GJALDMÍÐLAR KAUP SALA

Bandaríkjadalur	73,88	74,24
Sterlingspund	143,94	144,64
Evra	114,22	114,86
Dönsk króna	15,307	15,397
Norsk króna	14,518	14,604
Sænsk króna	12,224	12,296
Japanskt jen	0,7047	0,7089

SDR 119,44 120,16

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

147,7172

HEIMILD: Seðlabanki Íslands



EDWARD KENNEDY Bandaríski þingmaðurinn er á batavegi eftir að hafa veikst á heimili sínu.

Edward Kennedy á batavegi:

Gengst undir rannsóknir

BOSTON, AP Bandaríski öldungardeildarþingmaðurinn Edward Kennedy er á batavegi eftir að hafa veikst á heimili sínu. Hann mun dvelja á sjúkrahúsi í Boston næstu daga og gangast undir umfangsmiklar rannsóknir. Fyrst var talið að Kennedy hefði fengið heilablóðfall en svo reyndist ekki vera. Í október síðastliðnum gekkst hann undir aðgerð sem var ætlað að koma í veg fyrir hjartaráfall.

Kennedy, sem er 76 ára, er sá eini af hinum frægu Kennedy-bræðrum sem er á lífi. Elsti bróðir hans Joseph lést í síðari heimsstyrjöldinni, John F. Kennedy, fyrrverandi forseti, var myrtur árið 1963, rétt eins og þriðji bróðirinn Robert, fimm árum síðar.

LÖGREGLUFRÉTTIR

Dyravörður barinn í höfuðið

Dyravörður á skemmtistað í miðborg Reykjavíkur var barinn í höfuðið með glerflösku þegar hann reyndi að stöðva slagsmál í fyrri nótt. Hann var fluttur á slyshadeild en meiðsli hans reyndust ekki alvarleg.

JARÐSKJÁLFTI

Jörð skalf við Kleifarvatn

Mikil skjálftavirkni var við Kleifarvatn í fyrri nótt og mældust tæplega 50 skjálftar þar frá miðnætti og til klukkan hálf sjö í gærmorgun. Stærsti skjálftinn mældist 3,3 á Richter og varð klukkan 00.45, hans varð vart við á höfuðborgarsvæðinu.

Birgir Guðmundsson stjórn málafræðingur um meirihlutaskiptin á Akranesi:

Frjálslyndir að leika sér að eldi

STJÓRN MÁL „Ég held að Frjálslyndi flokkurinn sé að leika sér að eldinum í allri innflytjendauræðu, og það sýndi sig á Akranesi. Þetta er ekki mál sem er pólitískt klókt hjá þeim að keyra á,“ segir Birgir Guðmundsson, stjórn málafræðingur og lektor við Háskólann á Akureyri, um meirihlutaskiptin á Akranesi á miðvikudag. Ástæða þess að bæjarfulltrúi Frjálslyndra og óháðra gekk í Sjálfstæðisflokkinn var afstaða Magnúsar Þórs Hafsteinssonar, varaformanns Frjálslyndra, til móttöku flóttamanna á Akranesi.

Aðspurður hvort afstaða Magnúsar sé í beinum tengslum



BIRGIR GUÐMUNDSSON stjórn málafræðingur segir Frjálslynda leika sér að eldinum í innflytjendauræðu.

við stefnu flokks hans í málefnum innflytjenda segir Birgir erfitt að

fullyrða nokkuð um það. „Magnús segir málið snúast um bæjarpólitík og aðferðafræði en ekki stefnu flokksins í málefnum útlendinga, og það getur vel verið lögmætt sjónarmið hjá honum. Hins vegar hlýtur það að teljast mjög athyglisverð tilviljun ef svo er. Stefna Frjálslyndra í þessum málum hefur verið mjög til umræðu síðan í október 2006 og ekki nema eðlilegt að fólk velti fyrir sér hvort samhengi sé þarna á milli. Eins er eðlilegt að fólk spyrji hvort þarna séu kynþáttafordómar á ferð. Frjálslyndi flokkurinn getur ekki kvartað yfir slíkum spurningum í ljósi sögunnar,“ segir Birgir. - kg

Segir fasteignamarkað í gíslingu stjórnvalda

Formaður Félags fasteignasala segir ríkisstjórnina láta fasteignamarkaðinn gjalda í tilraunum til að koma böndum á verðbólguna. Yfirmaður í Landsbankanum segir nær öruggt að vextir hækki í haust hvað sem breytingum á sjóðnum líður.

FASTEIGNAMARKAÐUR „Það er verið að nota íbúðarhúsnæði almennings núna til þess að ná tókum á verðbólgunni,“ segir Ingibjörg Þórðardóttir, formaður Félags fasteignasala.

Ingibjörg segir óvissuna um þær breytingar sem til stendur að gera á starfsemi Íbúðalánasjóðs ekki hagstæða fyrir almennig. Það að sá möguleiki sé fyrir hendi að lánnum sjóðsins verði skipt upp í haust, annars vegar fyrir almenna lántakendur með hærri vöxtum og hins vegar fyrir þá tekjulægri með lægri vöxtum, telur hún verða til þess að fólk flýti sér að taka lán fyrir haustið á þeim vöxtum sem nú eru fyrir hendi.

Spurð hvort auknar lántökur fólks á fasteignamarkaðnum séu ekki gleðiefni fyrir fasteignasala sem nú hafa búið við að fólk hefur frekar haldið að sér höndum, til dæmis vegna spár Seðlabankans um lækkun fasteignaverðs, svarar Ingibjörg: „Við erum ekki að hugsa um okkur heldur hvað kemur almenningi í landinu best. Það gerir þessi sjóður.“

Þá segir Ingibjörg einnig að sér þyki „alvarlegt og ósanngjarnt að



ÍBÚÐARHÚSNÆÐI Formaður Félags fasteignasala segir líklegt að fólk flýti sér að taka lán hjá Íbúðalánasjóði nú þar sem líklegt sé að vextir hækki í haust.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ráðist sé að einum þætti til að ná tókum á verðbólgunni,“ en það telur hún ríkisstjórnina hafa markvisst gert að undanförunu þegar kemur að húsnæðismarkaði og látið fasteignamarkaðinn og alla þá starfsmenn sem koma að honum súpa seyðið af því. „Þetta er þjóðfélagleg meinsemd því margfeldisáhrifin eru mikil og teygja sig inn í fjölda annarra atvinnugreina.“

„Það er svo mikill hræðsluáröður í gangi,“ segir hún. Bendir hún á að spár um lækkandi fasteignaverð síðustu ár hafi ekki gengið eftir, og þau orð um að þegar gæti lækkunar á markaðnum séu ekki marktæk á því leyti að verið sé að bera saman söluverð nú og í fyrra við mjög ólík skilyrði og ólíkan fjölda eigna. „Núna er markaðnum haldið í gíslingu,“ segir hún.

„Fólk á þó ekki að einblína á bankana. Þeir voru ekki inni á þess-

um markaði fyrir árið 2004. Þeir möguleikar sem voru þá fyrir eru enn til staðar, það er að segja Íbúðalánasjóður og lífeyrissjóðirnir, og við því á ekki að hrófla. Það er talað um að virk samkeppni eigi að vera en hún hefur ekki verið fyrir hendi hjá bönkunum hvort sem er heldur fara þeir inn og út af markaðnum eftir því sem þeim hentar,“ segir hún.

Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar Landsbankans, segir ekki endilega líklegt að almenningur flýti sér að taka lán þegar verðið sé jafn hátt og nú. Hún segir þó nær öruggt að verðtrygðir vextir muni hækka þegar líður á haustið. Það hafi þó ekkert að gera með breytingar á Íbúðarlánasjóði heldur sé skýringin samspil verðbólgu og vaxta en verðtrygðir vextir séu eins og er óvenjulágir.

karen@frettabladid.is

Ráðist á mann í Þverholti:

Höfuðkúpubrotinn eftir árás

LÖGREGLUMÁL Karlmaður á þrítugsaldri höfuðkúpubrotnaði þegar ráðist var á hann í Þverholti í fyrri nótt.

Árásin átti sér stað á sjötta tímanum og var maðurinn á gangi þegar nokkrir menn stukku út úr bifreið sem ekið var fram hjá og réðust á hann. Var hann meðal annars laminn í höfuðið með barefli með fyrrgreindum afleiðingum.

Maðurinn sem ráðist var á var fluttur á sjúkrahús en reyndist ekki í lífshættu. Hann er á batavegi. Lögregla rannsakar málið og grunar hverjir kunna að hafa verið að verki. - þo

Handteknir fyrir ölvunarakstur: Vildu ekki segja hvor ók bílnum

LÖGREGLUMÁL Tveir karlmenn voru handteknir á laugardagskvöld grunaðir um akstur undir áhrifum áfengis.

Mennirnir voru saman í bifreið sem lenti aftan á strætisvagni á gatnamótum Grensásvegur og Miklubrautar laust fyrir miðnætti með þeim afleiðingum að bíllinn kastaðist á grindverk sem skilur að akreinar. Þegar lögregla kom á staðinn gátu mennirnir ekki gert grein fyrir því hvor þeirra hafði ekið bílnum og voru þeir því báðir handteknir og látnir sofa úr sér á lögreglustöð.

Þrír aðrir ökumenn voru stöðvaðir á höfuðborgarsvæðinu grunaðir um ölvunarakstur í fyrri nótt og einn er grunaður um að hafa ekið undir áhrifum lyfja. - þo

Samningar BSRB og ríkisins:

Viðræðurnar ganga ágætlega

VINNUMARKAÐUR „Ég gef mér að þetta muni taka nokkra daga í viðbót. Viðræður ganga í sjálfa sér ágætlega fyrir sig en það er að mörgu að hyggja og kjarasamningar verða ekki hristir fram úr erminni á mjög snöggsóðinn hátt,“ segir Ögmundur Jónason, formaður BSRB.

Fulltrúar bandalagsins funduðu í gær með samninganefnd ríkisins og munu aftur hittast klukkan 13 í dag.

Ögmundur segir að enn liggi ekkert fyrir um upphæðir eða samningstíma en báðum aðilum sé umhugað um að ljúka samningunum sem fyrst.

Samninganefnd Starfsgreinasambandsins fundaði einnig með fulltrúum ríkisins í gær. Áframhald verður á þeim viðræðum í dag. - þo

FLUGDAGURINN

2008 á Reykjavíkflugvelli sjá nánar á www.flugmal.is

Mánudagur 19. maí

Flugsagan og frumkvöðlarnir

Pallborð með flugsögunni. Gamlar hetjur. Haldið í Skýli 25 í Fluggördum á Reykjavíkflugvelli kl. 20:00. Fundarstjóri Ómar Ragnarsson.



VEÐURSPÁ

Elin Björk Jónsdóttir Veðurfræðingur

SVIPAD VEÐUR verður á öllu landinu líkt og verið hefur undanfarið með úrkomuloftri eða skúrum norðan til. Styttir upp í kvöld og nótt, hægur vindur um allt land og hiti á bilinu 7-13 stig yfir daginn.


Á MORGUN Austlægjar áttir um allt land.

MIÐVIKUDAGUR Austlæg eða norðaustlæg átt.

HEIMURINN

Kaupmannahöfn	14°
Billund	13°
Ósló	12°
Stokkhólmur	12°
Gautaborg	11°
London	13°
Paris	17°
Frankfurt	19°
Friedrichshafen	20°
Berlín	19°
Alicante	21°
Mallorca	20°
Bassel	15°
Eindhoven	21°
Las Palmas	17°
New York	32°
Orlando	20°
San Francisco	15°

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.



Fyrstu þúsund pöntunum
fylgja bíómiðar eða glaðningur
tengdur Harold & Kumar



Eurovision Megavika Domino's 19.-25. maí allar pizzur á 1.150 kr.*

*Allar pizzur af matseðli, ef þú sækir

Eurovision Megaviku tilboð Domino's og Coca-Cola

Þú kaupir eina pizzu, 2 lítra gos og nýja diskinn
með Eurobandinu á aðeins: **1.990 kr.***



58-12345
dominos.is

Allt 2 lítra gos
á 195 kr.
2 lítra Toppur á 100 kr.



*Séu fleiri pizzur keyptar eru þær á Megavikuverði.

KJÖRKASSINN



Hefur þú áhyggjur af stöðu íslenska geitfjárstofnsins?

Já	48,9%
Nei	51,1%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Vilt þú að reist verði stytta af Vigdís Finnbogadóttur fyrir framan tónlistarhúsið sem nú er í byggingu?

Segðu þína skoðun á visir.is

Forseti Afríska þjóðarráðsins fordæmir ofbeldisöldu í Jóhannesborg:

Burt með útlendingahatrið

SUÐUR-AFRÍKA, AP Að minnsta kosti sjö létust og tugir særðust um helgina eftir að ofbeldismenn ruddust um úthverfi Jóhannesborgar í Suður-Afríku og höfðu uppi kynþáttaáróður.

Tvö fórnarlambanna voru brennd til bana og þrjú til viðbótar lamin til ólffis. Rúmlega fimmtíu manns voru jafnframt flutt á sjúkrahús með skot- og stungusár.

Mikil ofbeldisalda hefur gengið yfir borgina undanfarna viku. Höfst hún í hverfinu Alexandra þegar reiðir íbúar sökuðu útlendinga, sem margir eru flóttamenn frá Simbabwe, um að taka frá þeim störf og húsnæði.



JACOB ZUMA Forseti Afríska þjóðarráðsins hefur fordæmt ofbeldið í Jóhannesborg í Suður-Afríku.

Yfirvöld segja að skipulögð glæpagengi hafi notfært sér atburðina sem afsökun fyrir því að stela og skjóta á fólk.

Thabo Mbeki, forseti Suður-Afríku, ætlar að setja á fót nefnd

til að rannsaka atburðina. Forseti Afríska þjóðarráðsins, Jacob Zuma sem er líklegur til að taka við embættinu af Mbeki á næsta ári, fordæmdi árásirnar. „Suður-Afríka má ekki vera þekkt fyrir útlendingahatur,“ sagði hann.

Stjórnvöld í landinu hafa að undanfögnu reynt að breyta mynd Jóhannesborgar sem glæpa- höfuðborgar heimsins fyrir heimsmeistarakeppnina í fótbolta sem verður haldin þar eftir tvö ár. Rúmlega fimmtíu morð eru fram- in í borginni á hverjum degi. Hundruð þúsunda innflytjenda búa í Jóhannesborg, margir hverjir án tilskilinna leyfa. - fb

Skotárás í Finnlandi:

Myrti einn og særði annan

FINNLAND, AP Finni á þritugsaldri skaut mann til bana og særði annan áður en hann framdi sjálfsvíg í norðurhluta Finnlands. Áður en maðurinn framdi ódæðið hafði hann starfað sem fríðar- gæsluliði í Kosovo, en hafði komið þaðan fyrir viku. Ekki er vitað hvað honum gekk til.

Atvikið varð fyrir utan næturklúbb í bænum Rovaniemi. Svo virðist sem maðurinn hafi skotið úr skammbýssu sinni á þá sem yfirgáfu klúbbinn með fyrrgreindum afleiðingum. Að sögn lögreglunnar hafði maðurinn ekkert yrt á fórnarlömb sín áður en hann hleypti af. - fb

Stúdentastjarnan og -rósin 2008

fallegar stúdentsgjafir sem fást hjá okkur



14 kt. gull
8.300 kr. Stjarnan
9.300 kr. Rósin

JÓN & ÓSKAR

www.jonogoskar.is

Laugavegur 61 / Smáralind / Kringlan



VIÐBRÖÐ Ríkisstjórnin hefur verið gagnrýnd fyrir að bregðast seint við vanda í efnahagslífinu. Geir H. Haarde segir að ekki borgi sig að rasa um ráð fram.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Öflugir varasjóðir sífellt mikilvægari

Það gæti orðið viðvarandi verkefni stjórnvalda að bregðast við áreiti gegn íslensku efnahagslífi, segir forsætisráðherra. Ekki hefur verið tilkynnt um næstu aðgerðir stjórnvalda, en líklegt að gjaldeyrisvarasjóður verði eflur á næstunni.

EFNAHAGSMÁL Íslenska ríkið gæti haft af því talsverðan kostnað að styrkja gjaldeyrisvarasjóðinn og grípa til mögulegra annarra aðgerða vegna hræringa í efnahagslífinu undanfarið.

Geir H. Haarde forsætisráðherra útilokar ekki að það verði viðvarandi verkefni stjórnvalda að berjast gegn óprúttum aðilum sem sjái sér ávinning í því að setja klærnar í íslenskt efnahagslíf.

„Það má vel vera að þetta sé dæmi um hluti sem þurfa sífellt að vera í vinnslu. Eftir því sem okkar hagkerfi verður opnara, og fjármagnshreyfingar mikilvægari, er því brýnna að vera með öfluga varasjóði,“ segir Geir H. Haarde forsætisráðherra.

Gjaldeyrissamningar við seðlabanka Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar sem kynntir voru fyrir helgi kosta hvorki Seðlabankann né ríkið nokkuð, nema lánsheimildirnar séu nýttar, segir Geir.

„Þetta er fyrst og fremst varnarviðbúnaður sem bankinn er að koma sér upp, en auðvitað er ekki hugmyndin að nýta þetta nema ef í harðbakkann slær. Þetta er viðbúnaður sem best er að þurfa ekki að nota,“ segir Geir.

Tekið var lán til að styrkja gjaldeyrisforðann á síðasta ári, og er nú unnið að undirbúningi frekari lántöku, segir Geir. Hann vill þó ekki upplýsa hvort lánið verði tekið, né hvenær af því verði.

„Það er ekki hægt að lýsa þessu eins og fótbolta-leik, þetta kemur þegar það kemur,“ segir Geir. „Í þessu gildir bara því fyrr því betra, en þó er mikilvægt að rasa ekki um ráð fram, og gera þetta af yfirvegun. Það held ég að hafi tekist hingað til,“ segir hann.

Þó að gjaldeyrissektasamningurinn kosti ríkið ekki krónu kostar möguleg lántaka ríkið fé vegna vaxtagreiðslna. Geir bendir þó á að þar sem lánið sé ekki hugsað til fjárfestinga eða eyðslu verði það væntanlega endurfjárfest, þó með þeim hætti að hægt verði að grípa til peninganna ef þörf krefji. Þá velti endanlegur kostnaður ríkisins á kjörum á

láninu annars vegar, og hagnaði af endurfjárfestingu hins vegar. Þau kjör liggja ekki fyrir.

brjann@frettabladid.is

SEGIR EKKI ÁHERSLUMUN Í UMRÆÐU UM ESB

Geir H. Haarde, formaður Sjálfstæðisflokksins, segir ekki áherslunum á því hvernig hann og Þorgeður Katrín Gunnarsdóttir, varaformaður flokksins, tali um stefnuna í Evrópumálum.



Geir sagði á fundi Sjálfstæðisflokksins á laugardag að Íslandi sé betur borgið utan Evrópusambandsins (ESB) en innan þess.

Þorgeður Katrín hefur talað fyrir því að byrjað verði á nauðsynlegum stjórnarskrárbreytingum vegna mögulegrar aðildar að ESB fyrir lok kjörtímabilsins. Þá sagði hún á fundi fyrir helgi að

treysta yrði þjóðinni til að kjósa um mikilvæg mál, þar með talið aðild að ESB. Hún sagði þó slíka atkvæðagreiðslu í fyrsta lagi geta orðið á næsta kjörtímabili.

„Við erum bæði með landsfundarsamþykktina frá því í fyrra sem grundvöll, og þar er mörkuð skýr stefna,“ segir Geir. „Við þurfum kannski að vera duglegri að útskýra á hvaða forsendum stefna flokksins er byggð. Svo verður að koma í ljós hvað verður með þjóðaratkvæðagreiðslur eða stjórnarskrárbreytingar.“

Ekki er tímabært að kveða upp úr með þjóðaratkvæðagreiðslu nú, þar sem ljóst sé að hún geti fyrst orðið á næsta kjörtímabili, segir Geir.

Engin sérstök stefnumörkunarvinna sé í gangi innan flokksins vegna Evrópumála. Geir telur afar ólíklegt að flokkurinn fari sömu leið og Samfylkingin, sem leyfði flokksmönnum að kjósa um stefnuna.

Hefur þú ekki efni á stórstjörnu í afmælið í ár?

En þú kemst samt í sólina með Plúsferðum :)

Portúgal – Sólarstaður fjölskyldunnar

Verð frá:

44.719 kr.

á mann miðað við 2 fullorðna og 2 börn á Alagomar í 7 nætur. Verð miðað við 2 í íbúð 59.874 kr. Verðdæmið miðast við brottför 28. ágúst. Innifalið í verði: Flug, flugvallaskattar, gisting og íslensk fararstjórn.

Fyrstur kemur, fyrstur fær.


Nánari upplýsingar og bókanir á www.plusferdir.is

plús
FERÐIR



PLÚSFERDIR – Lágmúla 4 – 105 Reykjavík – Sími 535 2100

www.plusferdir.is



Verktakar ánægðir með Kópavog

Spurt var:

Almennt séð, hversu vel eða illa telur þú að sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu sinni skipulagsmálum?

	Mjög vel	Nokkuð vel	Hvorki vel né illa	Nokkuð illa	Mjög illa
Kópavogur	10,5%	44,7%	31,6%	10,5%	2,6%
Reykjavík	0%	17%	20,8%	30,2%	32,1%
Hafnarfjörður	0%	39,1%	34,8%	17,4%	8,7%
Garðabær	0%	47,8%	26,1%	4,3%	21,7%
Mosfellsbær	8,3%	0%	66,7%	16,7%	8,3%

(Heimild: Capacent Gallup, apríl 2008)

Skoðanakönnun Capacent Gallups var kynnt á stórsýningunni Verk og vit. Könnunin var gerð dagana 4. til 14. apríl 2008. Í úrtaki var 161 fyrirtæki, 77 forsvarsmenn fyrirtækjanna svöruðu könnuninni eða 48%.

Metnaður Kópavogsbæjar er að vera í fremstu röð á sviði skipulags- og byggingarmála með gæði og skilvirkni að leiðarljósi.

Kópavogsbær fagnar niðurstöðu skoðanakönnunar Capacent Gallups sem sýnir almenna ánægju framkvæmdaraðila með skipulagsmálin í bæjarfélaginu.

Meirihluti verktaka í könnuninni telur Kópavogsbæ

- sinna skipulagsmálum með sóma
- hafa skýra heildarsýn í skipulagsmálum
- afgreiða verkefni í meirihluta tilvika hratt
- standa almennt vel að kynningum á einstökum verkefnum

Kópavogsbær – ef þú þarft að koma einhverju í verk!




FJÁRFESTINGARBANKI

Hvaða verðbréf eru í þínu eignasafni?

sérþekkt
árangur
persónuleg

EIGNASTÝRING MP
óháður aðili - virk stýring

Kynntu þér málið og hafðu samband - við tökum vel á móti þér

www.mp.is Sími 540 3200

 **Umhverfisvottaðar vörur**
- fyrir sumarbústaðinn, veiðihúsið og ...



ECCLAB Safíné Clean, gólfþápa
Brial Clean, alhlíða hreinsiefni
Kristallín Clean, baðherbergishreinsir
Into WC Clean

Lotus eldhúsrúllur
Lotus Marabon Plus
Lotur T-þurrkur
Lotus V-þurrkur

Lotus WC pappír
Lotus WC Júmbó

Á tilboði í maí 2008
Umhverfisvottuð hreinsiefni
og pappirsvörur
20% afsláttur

Servíettur NexxStyle 39x39cm 80stk, ýmsir litir

Rekstrarvörur
- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is



Björn Bjarnason segir átök um ESB-aðild geta reynst Sjálfstæðisflokknum erfið:

Átök geta klofið flokkinn

EVROPUMÁL Hörð átök um Evrópumál geta klofið Sjálfstæðisflokkinn, að mati Björns Bjarnasonar dómismálaráðherra, eins og ágreiningur um fiskveiðistjórnunarkerfið gerði á sínum tíma. „Frjálslyndi flokkurinn er brot úr Sjálfstæðisflokknum vegna deilna um fiskveiðistjórnunina. Það er til marks að mál af þessu tagi getur leitt til klofnings innan flokksins.“

Þetta kom fram í svörum Björns við spurningum Helga Magnússonar, formanns Samtaka iðnaðarins, á fundi sjálfstæðismanna um Evrópumál í Valhöll á fimmtudag. Helgi rifjaði upp viðtal í



BJÖRN BJARNASON Dómismálaráðherra talaði umbúðalaust á fundi í Valhöll um Evrópumál.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÖK

Silfri Egils fyrr á þessu ári þar sem Björn sagði að ef þyrfti að velja um það innan Sjálfstæðisflokksins hvort Ísland ætti að sækjast eftir aðild að Evrópusam-

bandinu eða ekki, þá gæti flokkurinn klofnað.

„Hvers vegna skyldum við efna til átaka ef við höfum ekki beina hagsmuni af því – þjóðarhagsmuni. Sjálfstæðisflokkurinn hefur aldrei mælt með stórum skrefum í utanríkismálum nema forystumönnum hans hafi tekist að sannfæra flokksmenn um að það sé nauðsynlegt með þjóðarhag í huga.“

Ef við höfum ekki slíka hagsmuni, þá held ég að það séu ekki flokkshagsmunir, að stofna til deilna innan flokksins um Evrópumál,“ sagði Björn jafnframt.

- shá

Borgarbörn rekin án viðbótarframlags

Fulltrúar Vinstri grænna og Samfylkingar í borgarráði eru ósátt við verkefnið Borgarbörn og saka meirihlutann um einkavæðingu á samfélagsþjónustu án umræðu. Meirihlutinn vísar því á bug og segir um bókhaldslegt atriði að ræða.

STJÓRN MÁL Áætlun verkefnisins Borgarbörn var samþykkt á fundi borgarráðs á fimmtudag. Áætlunin gerir meðal annars ráð fyrir því að komið verði upp ungubarnaskóla fyrir börn eins til þriggja ára. Þegar hefur verið auglýst útboð fyrir þann rekstur. Þá verður foreldrum greidd þjónustutrygging sem fellur niður þegar barn fær pláss í leikskóla.

Kostnaður við verkefnið er tæpar 119 milljónir og verða þær sóttar með tilfærslu innan leikskólasviðs. Borgarráðsfulltrúar Samfylkingar og Vinstri grænna gagnrýna þessa ráðstöfun harðlega.

„Hér er einfaldlega verið að færa fjármuni úr samfélagsþjónustu yfir í einkarekin leikskóla,“ segir Svandís Svavarsdóttir, borgarráðsfulltrúi Vinstri grænna. „Þetta er augljóslega í mótsögn við kynningu borgarstjóra og formanns leikskólaráðs á málinu.“ Svandís segir þetta vera óeðlilegan framgangsmáta. „Þegar viðbótarþjónusta er komið á fót hlýtur að fylgja því viðbótarfjármagn. „Það er óábyrg fjármála-stjórn að gera ráð fyrir að einn liður skili afgangi og þar sé fjármagn í málið.“

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, formaður leikskólaráðs, gefur lítið fyrir gagnrýni minnihlutans. „Við erum að setja af stað viðbótarverkefni. Sviðið skilar afgangi, þar sem því miður hefur ekki tekist að manna allar stöður, og við nýtum hann til að hrinda þessu verkefni úr vör. Dugi það ekki til þarf augljóslega að bæta við það fjármagn,“ segir Þorbjörg.

Hún segir þetta vera tæknilegt útfærsluatriði sem snúist um að nýta afgang sem er fyrir hendi. „Þegar við ráðum í allar stöður og nýtum það fjármagn



ÞORBJÖRG HELGA VIGFÚSDÓTTIR



SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR

munum við augljóslega sækja fjármuni annað í þetta verkefni.“

Borgarbörn er tímasett áætlun sem miðar að því að árið 2010 verði öll börn 12 mánaða og eldri komin með leikskólapláss, en nú eru 1.000 börn á biðlista. Á meðan foreldrar bíða eftir þjónustu greiðir Reykjavíkurborg þeim 35.000 krónur á mánuði.

Auglýst hefur verið eftir rekstraraðila að ungubarnaskólanum. Í skólanum verður lögð áhersla á heilbrigði, hollustu og hreyfingu. Þorbjörg Helga segir að þegar hafi nokkrir aðilar spurst fyrir um reksturinn og lýst yfir áhuga sínum á rekstrinum.

kolbeinn@frettabladid.is





Ópusallt viðskiptahugbúnaðurinn er í notkun hjá stærri heildsölum og matvæla- og iðnfyrirtækum sem vinna með mikinn fjölda vörunúmera, mikla vöruveltu og þurfa öfluga en einfalda vörustjórnun. Ópusallt er eina viðskiptalausnin sem byggir að öllu leyti á hinu útbreidda .NET umhverfi Microsoft.

www.opusallt.is/kynning

Ópusallt er hagkvæmt

Ímyndaðu þér stað



Gravity Zero

- Gravity Zero er einn öflugasti stillanlegi botninn á markaðnum.
- Lyftigeta er yfir 40.000 Newton einingar sem er 4 sinnum meira en öflugustu botnar sem eru í boði í dag og u.þ.b. 7 sinnum meira en algengasti mótorinn er.
- Meiri kraftur, hljóðlaus, meiri hraði og engin bilun.
- Öll tannhjól, fódhringar, festingar og liðamót eru úr næloni - ekkert að smyrja og ekkert ískur.
- Hljóðlát og öflugt.
- Hert stálgrind undir öllum botninum.
- Hæðarstilling á fótasvæði hefur aldrei verið meiri.
- Mótor er prófaður sem læknatæki frá Nemko - Þýskalandi.
- Mótor í Gravity Zero er viðurkenndur af Nemko - Þýskalandi.
- Pillowtop m/ 2 nuddmótorum, 12 nuddkerfum og tímarofa.
- 11 ára ábyrgð á mótor & grind



...þar sem erfiðri dagsins er létt af þér



6

mánaða
vaxtalaus
lán í maí

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík og Skeiði 1, Ísafirði
Ópið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16

Betra
BAK

NOTAÐU ÞITT EIGIÐ NÚMER

Þú þarft ekki að skipta um símanúmer til að lækka símreikninginn. Hjá Tali flytur þú númerið með þér og færð allan pakkann: Net, heimasíma og GSM frá 3.990 kr. á mánuði. 0 kr. úr heimasíma í alla heimasíma innanlands, 14,90 kr. í alla GSM innanlands og ótakmarkað niðurhal.*

Ef þú kaupir allan pakkann á www.tal.is og greiðir með kreditkorti færðu fyrsta mánuðinn frían.

TAL



HEIMASÍMI



NET



GSM

www.tal.is | Síðumúla 32, 108 Reykjavík | Þjónustuver 1817 | Skrifstofa 445 1600 | tal@tal.is



FLÚÐI TIL LAPPLANDS Juha Valjakkala, eða Nikita Fouganthine, er alræmdasti morðingi Norðurlandanna. Hann flúði til Lapplands um þarsíðustu helgi en náðist á fimmtudag.

Valjakkala handtekinn á ný: Alræmdur morðingi flúði til Lapplands

FINNLAND Einn alræmdasti fangi Norðurlanda, Finninn Juha Valjakkala, sem myrti fjölskyldu í Svíþjóð 1989 og hefur setið í fangelsi í Finnlandi og Svíþjóð alla tíð síðan, flúði úr fangelsinu um þarsíðustu helgi.

Valjakkala, sem hefur tekið upp nafnið Nikita Fouganthine, var í leyfi þegar hann stakk af til Lapplands ásamt eiginkonu sinni, að sögn finnska dagblaðsins Hufvudstadsbladet.

Valjakkala var handtekinn á fimmtudaginn sænsku þjóðinni til mikillar ánægju en Svíar kvíða mikið fyrir því þegar Valjakkala verður látinn laus úr fangelsi í sumar. Valjakkala er alræmdur fyrir blóðugt morð á hjónum og syni þeirra í kirkjugarði í Åmsele og hafa sænsk stjórnmál mótæmt kröftuglega í hvert sinn sem komið hefur til tals að láta hann lausan.

SVÍÞJÓÐ

Grunur um brot gegn börnum Karlmaður á fimmtugsaldri, sem starfaði sem æskulýðsleiðtogi í Västerås í Svíþjóð, hefur verið handtekinn grunaður um nauðganir og önnur kynferðisbrot gagnvart börnum, að sögn Dagens Nyheter.



HÆTTULEGT MILLIBILSÁSTAND Helga Hansdóttir öldrunarlæknir segir það millibilsástand sem nú ríkir í sjúkraskráningum í pappírs- og rafrænt kerfi geta reynst sjúklingum hættulegt, þar sem misbrestur hafi verið á því að upplýsingar séu skráðar á báða staði. Líf og heilsa fólks vegi þyngra en ótti við að persónuupplýsingar leki til hnýsins fólks.

Sjúkraskráningar á Íslandi áratug á eftir

Læknar virðast sammála um að sjúkraskráningarkerfið sem íslenskum læknum hefur verið gert að styðjast við sé meingallað. Það sé ekki til þess fallið að auka öryggi sjúklinga og núverandi ástand sé óviðunandi, jafnvel hættulegt.

HEILBRIGÐISMÁL „Dagar þessa kerfis eru taldir,“ segir Friðbjörn R. Sigurðsson, sérfræðingur í krabba-meinslækningum og fyrrverandi formaður Læknaráðs, um sjúkraskráningarkerfið Sögu. Læknar eru almennt sammála um að það sé meingallað og ekki til þess fallið að auka öryggi sjúklinga.

Ástandið sé óviðunandi. Þessum ummælum hans virðast margir læknar sammála, ef skoðuð eru viðtöl í nýjasta hefti Læknablaðsins.

„Í rauninni er þetta lélegt ritvinnslukerfi og engin leið að nota það sem gæðakerfi,“ segir Friðbjörn. Hér á landi rekist þeir sem vilji byggja upp skrána strax á ströng persónuverndarákveði, sem komi í veg fyrir frekari uppbyggingu sem myndi koma öryggi sjúklinga til góða. Hann telur þó að auðveldlega megi koma til móts við slík sjónarmið, svo sem með notkun aðgangsslykla svipuðum þeim sem fólk notar til að komast inn á heimabankann sinn.

Óskar Einarsson lungnalæknir segir í Læknablaðinu að kerfið hafi upphaflega verið hugsað sem tæki fyrir heilsugæslu. Fyrir sjúkrahús komi það sér mjög illa. Augljós galli sé að ekki skuli vera rafrænt aðgangur á milli heilsugæslunnar og sjúkrahúsa. Það hafi í för með sér að þegar sjúklingur komi bráðveikur inn á bráðamóttöku og ekki sé möguleiki að fá heilsufarsupplýsingar hjá honum sjálfum sé það enn síður hægt í miðlægri sjúkraskrá. Hann telur Íslendinga nú um það bil áratug á eftir þeim



KERFIÐ EKKERT ANNAÐ EN LÉLEGT RITVINNSLUKERFI Friðbjörn R. Sigurðsson segir sjúkraskráningarkerfið Sögu ónot-hæft sem gæðakerfi. Hann geti til að mynda hvorki séð í því hve marga sjúklinga hann meðhöndlaði á síðasta ári né hvernig sú meðferð gekk.

þjóðum sem þeir vilji bera sig við hvað þetta varðar.

Helga Hansdóttir öldrunarlæknir telur þó að Sögukerfið nýtist betur í bráðatilfellum en við meðhöndlun langvinnra sjúkdóma. Ástæðan sé sú að við meðhöndlun slíkra sjúklinga þurfi mikla yfirsýn sem Sögukerfið bjóði ekki upp á, sakir lélegra leitarskýlyrða og örökréttar uppsetningar. „Ef sjúkraskráringarkerfið yrði bætt myndi það auka skilvirkni, auka öryggi sjúklinga og draga mjög úr kostnaði í heilbrigðiskerfinu,“ segir Helga. Hún segir ljóst að umbóta sé þörf. Nú séu sjúkraskráningar á Íslandi í millibilsástandi pappírs- og rafræns kerfis. Slíkt geti reynst mjög hættulegt, þar sem töluverður misbrestur sé á því að upplýsingar séu skráðar á báða staði, og verði því að hafa varann á. Segir hún líf og heilsu sjúklinga vegna þyngra en ótta um að persónuupplýsingar leki til hnýsins fólks.

karen@frettabladid.is

Ferjusigling í Indónesíu: Sjö hundruð sluppu úr eldi

INDÓNESÍA, AP Rúmlega sjö hundruð manns sluppu með skrekkinn þegar eldur kom upp í ferju í Indónesíu. Ferjan var að nálgast áætluðastað sinn á eyjunni Bornéó þegar eldurinn kom upp.

Öllum farþegunum var gert að yfirgefa ferjuna hið snarasta vegna eldsins. Bátar eru helsti samgöngumátinn í Indónesíu enda tilheyra yfir sautján þúsund eyjar landinu. Tíð slys eiga sér stað um borð í ferjunum, oftast vegna of mikils farþegafjölda eða vegna þess að öryggismálum hefur ekki verið sinnt nægilega vel.



GORDON BROWN Lagði „Staying Alive“ er í miklu upphaldi hjá Brown.

Forsætisráðherra Bretlands: Gordon Brown er mikill unniandi Bee Gees

BRETLAND Gordon Brown forsætisráðherra Bretlands er mikill aðandi diskóbræðranna í Bee Gees. Þessu heldur Robin Gibb, fyrrverandi meðlimur hljómsveitarinnar, fram í nýlegu viðtali við The Times.

Robin Gibb segir Brown hafa lýst tónlist Bee Gees sem „tímalausri klassík“, og hann sé sérstaklega hrifinn af lögnum Staying Alive og Tragedy vegna þess að þau fjalli um „mannlega reynslu og mannleg sambönd og lífi áfram“.

Brown hefur áður lýst yfir aðáun sinni á bresku hljómsveitinni Arctic Monkeys, en gat að vísu ekki nefnt eitt einasta lag sveitarinnar þegar hann var spurður.

Þ V O T T A

AEG

FULLKOMIN LÖGUN & LEIKNI

15.-31.
MAÍ

D A G A R

TILBOÐSVERÐ

ÞVOTTAVÉLAR
ÞURRKARAR

UPPÞVOTTA-
VÉLAR



EFTIRSÓTTASTA PAR LANDSINS

AEG þvottavél
með íslensku stjórnborði

LAVAMAT 76820 ÍSLAND

- Taumagn: 7 kg
- Vinduhraði 1600/1200/1000/600 snúningar á mín.

AEG barkalaus þurrkari
með íslensku stjórnborði

LAVATHERM 57820 ÍSLAND

- Taumagn: 6 kg
- Fjöldi prógramma

TILBOÐVERÐ: Kr. 189.000 / PARIÐ



AEG þvottavél
með íslensku stjórnborði

LAVAMAT 64810 ÍSLAND

- Vindingarhraði 1400/1000/600 sn. á mín.



AEG þurrkari

LAVATHERM 54810

- Mjög hljóðlátur
- Fjöldi prógramma

TILBOÐVERÐ: Kr. 172.000 / PARIÐ



15% afsláttur

Gerðu hreinlega góð kaup!

Fjöldi einstakra þvottavéla, þurrkara og upppvottavéla eru nú á tilboðsverði.

ORMSSON



www.ormsson.is

Íslenskt
stjórnborð
og ítarleg
notendahandbók
á íslensku fylgir
okkar vélum.

ORMSSON
LÁGMÚLA 8
SÍMI 530 2800

ORMSSON
SMÁRALIND
SÍMI 530 2900

ORMSSON
KEFLAVÍK
SÍMI 421 1535

ORMSSON
MÓDEL-AKRANESI
SÍMI 431 3333

ORMSSON
PRISTUR-ÍSAFIRÐI
SÍMI 456 4751

ORMSSON
AKUREYRI
SÍMI 461 5000

ORMSSON
BÓKABÜÐ-HÚSAVÍK
SÍMI 464 1515

ORMSSON
VÍK-EGILSSTÖÐUM
SÍMI 471 2038

ORMSSON
VÍK-NESKAUPSTAÐ
SÍMI 477 1900

ORMSSON
VÍK-REYÐARFIRÐI
SÍMI 474 1477

ORMSSON
ÁRVIRKINN-SELFOSSI
SÍMI 480 1160

**UMBOÐSMENN
UM LAND ALLT**



LARFAR Indverskt módel sýnir sérstæðan fatnað frá hönnuðinum Amit K. Singh. Fatnaðurinn er hluti af sýningu Singhs, „draumar larfasafnarans“, og var til sýnis á tiskusýningu á Indlandi á dögnum. NORDICPHOTOS/AFP

NATO-þjóðir undirrita samkomulag um miðstöð gegn netárásum:

Nýjar varnir gegn nýrri vá

EISTLAND, AP Ríkisstjórnir Eistlands og sex annarra NATO-landa hafa undirritað samkomulag um að sjá nýrri rannsókn- og vaktstöð bandalagsins gegn árásum í netheimum fyrir starfsliði og rekstrarfé.

Þessi nýja starfsstöð NATO verður til húsa í eistnesku höfuðborginni Tallinn, en ár er nú liðið frá því tölvukerfi eistneskra ráðuneyta, stofnana og fyrirtækja urðu fyrir víðtækum árásum í gegnum internetið sem gerði kerfi þeirra óstarfhæf um tíma. Eista grunar að rússnesk stjórnvöld hafi staðið á bak við árásirnar, sem voru gerðar í kjölfar þess að stytta af

sovéskum hermanni í Tallinn var flutt um set. Rússar innan sem utan Eistlands tóku flutninginn mjög óstinnt upp. Rússnesk stjórnvöld hafa hins vegar neitað því staðfestlega að hafa átt hlut að máli.

Árásirnar sýndu hve berskjölduð heil ríki geta verið gegn slíkum tölvuárásum og þær opnuðu augu NATO fyrir þörfinni á skipulögðum vörnum gegn slíkri vá, að því er Raul Rikk, majór í eistneska hernum og yfirmaður nýju miðstöðvarinnar, greindi frá. - aa

NETVARNAMIÐSTÖÐ NATO í þessum gömlu herbúðum í Tallinn verður nýja netvarnamiðstöðin til húsa. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



Sænska ríkisendurskoðunin:

Sænski herinn gagnrýndur fyrir stjórnsýslu

SVÍÞIÓÐ Miklir vankantar eru á stjórnun og eftirliti hjá sænska hernum og allt yfirlit yfir fjármálastöðuna vantar. Þetta hefur dagblaðið Dagens Nyheter eftir sænsku ríkisendurskoðuninni í skýrslu sem var afhent sænsku ríkisstjórninni fyrir helgi.

Herinn er harðlega gagnrýndur. Ábyrgð og valdi er illa dreift og illa er staðið að skipulagningu og eftirfylgni.

Vandamálin hafa leitt til þess að reglum er ekki fylgt og villur eru í fjárhagsáætlunum og ársskýrslu hersins. - ghs

WWW.VILDARKLUBBUR.IS



VISSIR ÞÚ ...

AÐ SÁ SEM SAFNAR
VILDARPUNKTUM GETUR NOTAÐ
ÞÁ FYRIR HVERN SEM ER?



Vildarklúbbur



KÍNA Kínverskir hermenn bera eldri mann úr húsarústum eftir jarðskjálftann mikla sem gekk yfir landið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þriggja daga þjóðarsorg lýst yfir í Kína

Kínversk stjórnvöld hafa lýst yfir þriggja daga þjóðarsorg vegna jarðskjálftans sem gekk yfir landið.

Hlaupi með ólympíukyndilinn hefur verið frestað.

Alls hafa 32 þúsund manns fundist látnir.

KÍNA, AP Stjórnvöld í Kína hafa lýst yfir þriggja daga þjóðarsorg frá og með deginum í dag vegna jarðskjálftans sem gekk yfir landið á dögnum. Þjóðarsorgin hefst með þriggja mínútna þögn í dag, nákvæmlega viku eftir að skjálftinn, sem var 7,9 á Richter, gekk yfir miðhluta landsins. Flaggáð verður í hálfu stöng bæði í Kína og hjá kínverskum sendiráðum um allan heim, auk þess sem öllum opinberum athöfnum verður frestað.

Stjórnvöld hafa jafnframt fyrirskipað að gert verði hlé á hlaupinu með ólympíukyndilinn. Hlaupið hélt áfram í síðustu viku þrátt fyrir skjálftann en eins og gefur að skilja skygðei harmleikurinn mjög á stemninguna. Hlaupararnir höfðu uppi einnar mínútu þögn áður en þeir lögðu af stað og óskuðu jafnframt eftir fjárframlögum frá almenningi til að aðstoða þá sem eiga um sárt að binda.

Alls hafa yfir 32 þúsund manns fundist látnir eftir skjálftann auk þess sem yfir 220 þúsund slösuðust. Óttast er að tala látinna fari yfir fimmtíu þúsund og vonir um að finna fleira fólk á lífi í

rústunum verða veikari með degi hverjum. „Bráðum verður orðið of seint að finna fólk á lífi,“ sagði Koji, Fujiya, leiðtogi japansks þjörgunarliðs, sem fann í gær tíu lík í skóla sem hafði hrunið í skjálftanum. „Ef við höldum áfram að leggja okkur fram finnum við vonandi fleira fólk á lífi.“

Alþjóða heilbrigðisstofnunin segir að hættan á sjúkdómum sé mikil eftir jarðskjálftann og hefur hún óskað eftir því að hreinu vatni verði komið á svæðið og að hreinlætismálum verði kipt í lag sem allra fyrst. „Það er gríðarlega mikilvægt að matur, hreint drykkjarvatn og hreinlætis- aðstaða verði til staðar vegna þess að sjúkdómar eiga auðvelt með að komast upp á yfirborðið við þessar aðstæður,“ sagði Hans Troedson hjá heilbrigðisstofnuninni.

Kínversk stjórnvöld hafa óskað eftir því að almenningur láti meira fé af hendi rakna vegna skjálftans en hann hefur gert til þessa. Þegar hefur ríkisstjórninni borist um 75 milljarða króna fjárframlag bæði frá innlendum sem erlendum aðilum. freyr@frettabladid.is



SIEMENS



Eldunartæki, kælitæki, uppþvottavél og ljós í eldhúsið þitt. Sannarlega góð hugmynd!

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

Tölvunám í viðurkenndum skóla - skráðu þig núna í nám:

Tölvunám í sumar! Menntun sem gefur þér forskot



Nýttu þér tölvunám TV til aukinnar þekkingar. Núna! Eyddu ekki tíma og peningum. Menntaðu þig hjá viðurkenndum skóla sem veitir þér öruggari aðgang að betra starfi til framtíðar. Tölvuskóli Tölvu- og verkfræðipjónustunnar við Grensásveg er viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi. Skólinn er elsti tölvuskólinn á Íslandi og hafa um 37.000 nemendur sótt tölvumenntun sína til skólans á 22 árum. Nýttu þér tækifærin og skráðu þig strax. Hringdu núna í síma 520 9000 og talaðu við okkur um greiðslukjör.

Tölvuskóli TV er vottaður af innlendum og erlendum aðilum til að tryggja hagsmunum nemenda.

Microsoft
CERTIFIED
Partner



Veldu nám sem hentar þér og skráðu þig strax hjá Tölvuskóla TV:

Tölvufærni I • byrjendur



Við bjóðum frábært nýtt námskeið fyrir þá sem eru að stíga fyrstu skrefin inn í heilandi heim tölvunnar.

Námskeiðið er byggt á 22ja ára reynslu okkar af því hvað það er sem þarf til að ýta úr vör og námskeiðið kenna reyndustu kennararnir okkar.

Meðal þess sem verður tekið fyrir á námskeiðinu er þetta:

- Gagnlegur fróðleikur um tölvur, tölvudiska, prentara og annan tölvubúnað.
- Gerð, prentun og vistun margs konar skjala. Skoðun ljós- og vídeómynda.
- Stýrikerfi tölvunnar, Windows, og hjálparforrit sem fylgja því.
- Töfraheimur Internetsins, fréttir, tölvupóstur, innkaup, spjall og fleira.

Með námskeiðinu fylgja þrjár íslenskar kennslubækur og minnskubbur til að geyma verkefni á og færa þau í eigin tölvu.

Lengd: 22 stundir/15 klst. Verð: 24.500,-

Hikaðu ekki - bókaðu þig strax á námskeið!
Ekki missa af þessu frábæra námi.

Sumarskóli 9-14 ára



Bjóðum tvö frábærlega skemmtileg námskeið, í sumar, fyrir hressa krakka.
Nám í bland við útivist.

Stafræn ljósmyndun fyrir 9-14 ára

Farið í myndaleiðangra og ljósmyndir teknar, myndirnar fluttar í tölvu og unnið úr þeim og þær síðan prentaðar eða settar á vefinn.

Lengd: 13 stundir/9 klst. Verð: 16.900

Kvöldnám hefst 13. maí (19:30-22:30) og Síðdegisnám hefst 14. maí (16:15-19:15)

Myndabandavinnsla fyrir 9-14 ára

Alls konar skemmtilegar vídeómyndir teknar á stafræna myndavél eða víðeuvél og þær fluttar í tölvu til klippingar, úrvinnslu og birtingar á vefnum. **Vikunámskeið.**

Lengd: 22 stundir/15 klst. hvort námskeið. Kennit kl.9-12 eða 13-16.

Verð: Eitt námskeið: 18.900,-
Tvö námskeið: 29.900,- (Afsláttur gildir líka ef vinir eða systkini koma saman á námskeið).

Fyrstu námskeiðin hefjast 9. júní. Námskeið í júní og ágúst. **BÓKAÐU STRAX!**

Stafræn ljósmyndun



Einstakt námskeið þar sem þú lærir að nota stafræna myndavélina, stilla hana og taka betri myndir. Þú lærir líka að flytja myndirnar inn í tölvuna, laga þær til, prenta, búa til slideshow, færa myndirnar á geisladisk til eignar eða gjafa, allt með forritinu Picasa.

Lengd: 13 stundir/9 klst. Verð: 16.900

Kvöldnám hefst 13. maí (19:30-22:30) og Síðdegisnám hefst 14. maí (16:15-19:15)

Photoshop

Komdu í nám um ljósmyndavinnslu og grafík með Photoshop sem er vinsælasta myndvinnsluforritið fyrir margmiðlun, vefi, ljósmyndun og prentun.

Lengd: 27 stundir/18 klst. Verð: 29.900

Nám hefst 26. maí (13:00-16:00)

Tölvu- og bókhaldsnám



Einstakt nám fyrir þig ef þú vilt leggja megináherslu á að læra hagnýta tölvunotkun og bókhald. Lærðu það sem þarf til að undirbúa þig undir krefjandi skrifstofustörf, bókhald eða sjálfstæðan atvinnurekstur.

Helstu kennslugreinar

- Upplýsingatækni, Excel 2007, Access 2007, Outlook 2007, PowerPoint 2007, Word 2007, og verslunarreikningur
- Fjárhagsbókhald, tölvubókhald, uppgjör og skil á virðisaukaskatti, launamál ofl.
- Tíma- og verkefnastjórnun

Lengd: 225 stnd./150 klst. Verð: 189.900

Bókaðu þig strax á haustnámskeið!

VUE, Prometric og ECDL

Taktu alþjóðlegt þekkingapróf hjá okkur og fáðu viðurkenningu sem leiðir til aukinna möguleika til starfs og náms á Íslandi og erlendis.

Í nánú samstarfi við alþjóðlegar prófmíðstöðvar VUE, Prometric og ECDL, og undir eftirliti þeirra, eru hvergi fleiri alþjóðleg próf í boði hér á landi fyrir fagfólk og almenning:

MCP, MCSA, CIA, GMAT, CISCO, CompTIA ofl.

Hafðu samband sem fyrst og kynntu þér þína möguleika til að skara fram úr með því að taka viðurkennt alþjóðlegt þekkingapróf hjá alþjóðlega viðurkenndri prófmíðstöð.

(www.tv.is/prof/)



Flash margmiðlun fyrir 12-16 ára

Lærðu að búa til lifandi myndir, vefsíður með hreyfimyndum, teiknimyndir og leiki með Flash CS3. **Vikunámskeið.**

Lengd: 22 st/15 klst. Kennit kl.13-16:30.

Verð: 18.900,- Námskeið í júní og ágúst

Excel I

Ítarlegt nám fyrir þá sem vilja hafa hámarksnot af tölvunni við meðhöndlun talna, áætlanagerð, alls konar útreikninga og úrvinnslu talna. Þú bætir miklu við þekkingu þína á Excel.

Lengd: 22 stundir/15 klst. Verð: 24.500

Næstu námskeið: 19. maí og 9. júní (morgun)

Tölvunám TV til betri verka

– hringdu núna í síma 520 9000

– og skoðuðu www.tv.is til að fá meiri upplýsingar!

Gott að vita!

- ▶ VR, Efling og flest önnur stéttarfélög styðja félagsmenn sína til náms hjá okkur
- ▶ Afsláttur er veittur til félaga í VR, Eflingu og mörgum öðrum félögum, allt að 15%
- ▶ 30 daga ókeypis símaþjónusta að loknu námi
- ▶ Ókeypis forfallatrygging felur í sér að þú getur bætt þér upp veikindi og forföll, innan árs
- ▶ Mjög hagstæðir greiðsluskilmálar og lán til allt að 5 ára (leitið nánari upplýsinga um kjör).

TÖLVU- OG VERKFRÆÐIPJÓNUSTAN
Tölvu- og viðskiptaskóli • Ráðgjafarstofa

www.tv.is

Viðurkenndur einkaskóli á framhaldsskólastigi

Grensásvegi 16 • 108 Reykjavík • Sími 520 9000 • tv@tv.is • www.tv.is



A graphic overlay in the bottom right corner of the image. It features a laptop on the left with the text "0kr." on its screen. To the right of the laptop is a mobile phone with "3G" on its screen. Below these two items is a large, stylized white "3G" logo. The entire graphic is set against a dark, semi-transparent background.

0 krónur á netið með 3G

Nú kemstu á netið innanlands fyrir 0 krónur á kvöldin og um helgar með 3G síma eða netlykli í tölvuna. Með netlyklinum kemst fartölvan í netsamband hvar sem er á 3G þjónustuvæði Símans á mesta hraða sem boðið er upp á í 3G hérlandis. Taktu þátt í framtíðinni og fáðu þér 3G síma eða netlykil í næstu verslun Símans.

800 7000 • síminn.is

Það er **Síminn** 

Mesti hraðinn!
Með 3G netlykli nærðu allt að 5 Mbit/sek tengingu!



Sími



Netið



Sjónvarp

Fjármálafyrirtækin réðu margt öflugt fólk.

Uppsagnir ekki alltaf af hinu illa

BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON SKRIFAR

Glitnir tilkynnti í nýliðinni viku að 255 starfsmönnum hefði verið sagt upp störfum hér heima og erlendis frá áramótum. Þar af var 88 sagt upp á Íslandi í apríl og maí. Er þetta liður í því að draga saman seglin vegna minni umsvifa. Fyrirtæki þurfa að vera sveigjanleg í þeim miklu sveiflum sem ganga yfir alþjóðlega markaði. Að þráast við getur leitt til þess að efnahagsbatinn láti bíða enn frekar eftir sér.

Auðvitað er einstaklingsbundið hversu mikið áfall það er að missa vinnuna. Fólk sem sér fyrir endann á langri starfsævi á erfitt með að finna nýtt starf við hæfi. Í slíkum tilvikum reyna fyrirtæki að koma til móts við starfsmenn og sumir fara snemma á eftirlaun. Hins vegar ætti fólk á besta aldri að geta fundið annað starf á tiltölulega stuttum tíma.

Atvinnuleysi á Íslandi hefur verið í lágmarki. Undan því hefur verið kvartað að fjármálafyrirtæki hafi sogað til sín mesta hæfileikafólkið. Fjárfirtæki hafa getað boðið sambærileg laun og tækifæri. Sumir héldu því fram að þessi þróun hefði sínar slæmu hliðar þótt flestum þótti jákvætt að fyrirtæki gætu boðið fólki krefjandi störf. Ójafnvægið á vinnuþryggð var þannig að fjármálafyrirtækin þurruðu upp fólk með raungreina-, viðskipta- og löggæðimenntun. Þetta hefur bitnað á öðrum atvinnugreinum og opinberum stofnunum sem ekki gátu keppt um þessa starfsmenn.

Það ætti því að vera jákvætt að starfskraftar hæfileikafólks skiptast á fleiri atvinnugreinum. Eins er jákvætt að Glitnir ráðist í raunverulegar aðgerðir til að takast á við niðursveifluna og draga úr kostnaði. Til þess þarf ákveðinn kjark og sagði Lárus Welding uppsagnir af þessu tagi erfiðar. Því var nauðsynlegt fyrir hann að stíga fram og útskýra þessa ákvörðun. Og þær útskýringar voru trúverðugar.

Lárus benti á í Fréttablaðinu að um 300 manns hefðu verið ráðnir til bankans í fyrra. Ráðningarnar voru líka fjölmargar hjá Kaupþingi og Landsbankanum og launakostnaður þessara fyrirtækja hefur hækkað milli ára. Af hverju hafa þessir bankar ekki gripið til svipaðra aðgerða og Glitnir? Ljóst er að verkefnastaða fjármálafyrirtækja er allt önnur nú en fyrir ári. Starfsmenn sumra deilda sitja jafnvel aðgerðalausir við skrifborð sín allan daginn. Eða eru bankarnir að segja upp hópi fólks um hver mánaðamót án þess að greina frá því? Er það eitthvað til þess að þakka með? Myndi það ekki frekar sýna styrka stjórnun að stíga fram, útskýra og viðurkenna þörfina fyrir að fækka fólki við núverandi aðstæður?

Aðlögun hagkerfisins mun að einhverju leyti fara fram í gegnum vinnuþryggingu. Launakröfur breytast og einhverjir munu missa vinnuna. Aukið atvinnuleysi getur þýtt heilbrigðari vinnuþryggingu. Það þarf því ekki að vera veikleikamerki að segja upp fólki. Það getur sýnt styrk atvinnulífsins til að takast á við erfitt rekstrarumhverfi. Til lengri tíma gagnast það öllum.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUPLÁÐ: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson
 ADSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir
 FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Halldórsson og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvín Baldvínsson. VIÐSKIPTARITSTJÓRAR: Björgvin Guðmundsson og Björn Ingi Hrafnsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. issn 1670-3871



Stjórnendur athugið: Viljið þið spara 11 milljónir á ári í húsnæðiskostnað?

Til leigu á Eyraþakka nýstandsett atvinnuhúsnæði: (55 km frá Reykjavík - ca. 40 mínútna akstur)

Atvinnuhús 1.500 fm - leiga á fm. kr. 495. (Gangverð kr. 1.150)
 Atvinnuhús 250 fm - leiga á fm. kr. 480. (Gangverð kr. 1.090)
 Skrifstofuhúsnæði 210 fm - leiga á fm. kr. 690. (Gangverð kr. 1.400)

Upplýsingar í sínum: 661-6800 og 660-1060

FRÁ DEGI TIL DAGS

Gleðileg óvissa

Í fréttum Ríkisútvarpsins í gær sagði Ingibjörg Þórðardóttir, formaður Félagss fasteignasala, að óvissan um þær breytingar sem gera ætti á íbúðarlánasjóði gæti jafnvel orðið til þess að fólk flýtti sér að taka lán þar sem vextir íbúðalána gætu hækkað í haust. Það má velta orðum Ingibjargar fyrir sér. Íbúðarlánasjóður hefur lengi reynst fasteignasölum vel í viðskiptum og ekki að undra þótt þeim kunnir að þykja breytingar á starfsemi hans ugghætt. En óvissuástandið með sjóðinn og auknar lánþörf fólks vegna þess hljóta þó að vera einar mestu gleðifrétir sem

fasteignasalar hafa fengið á árinu. Að undanfögnu hafa helstu vandamál fasteignasala einmitt stafað af því að fólk hefur ekki tekið eða fengið lán.

Váleg tíðindi, en hvaðan?

Í fréttum Stöðvar 2 sagði í gærkvöld: „Vegna þróunar í efnahagsmálum bendir allt til þess að fjárhagur sveitarfélaga hér á landi versni um allt að fimm milljarða króna á þessu ári.“ Þetta eru váleg tíðindi og má svo sannarlega búast við því að brúin á áhyggjufullum Íslendingum hafi þingst enn við þessa fregn. En hvers vegna var ekki útskýrt betur fyrir áhorfendum hvernig þessi tala var fengin og hvaðan?

Trúin á bloggíð
 Egill Helgason spurði



Magnús Þór Hafsteinsson, þingmaður Frjálslynda flokksins, í gær hvað honum hefði þótt um mótmæli Sturlu Jónssonar vörubíljá og félag hans sem gerðu hróp að þingheimi í síðustu viku þegar rætt var um hvernig hægt væri að koma fórnarlömbum náttúruhamfaranna í Kína til hjálpar. Magnús svaraði þeirri spurningunni. „Mér þótti það skelfilegt og rangt.“ Krístrún Heimisdóttir, aðstoðarmaður utanríkisráðherra, kvaðst þó ekki trúa honum fyrr en hann hefði fordæmt þessi mótmæli á blogginu sínu. Mikill er máttur bloggsins orðinn fyrst að ekki er hægt að leggja trúnað á orð manna fyrr en þau eru komin á bloggsíðu.

karen@frettabladid.is

Væri Reykjavík heimili

Ef Stór-Reykjavík væri heimili þá væri stofan látin grotna niður. Mest væri alúðin lögð í bíl-skúrinn og geymsluna og almennt væru öll herbergi heimilismeðlimanna í toppstandi, mánaðarlega skipt um skrifborð, lampa, rúm og skjái, og dagnaðarforkurinn á heimilinu væri sífelld að innretta ný og ný herbergi í nýjum og nýjum álum – ef ske kynni að einhver vildi flytja sig eða fleiri bættust við – en stofan, miðjan, sjálfur vettvangur heimilislífsins, væri látin grotna niður.

Ekki þætti taka því að taka þar til meðan beðið væri eftir nýrri og raunverulegri státsstofu. Unglingurinn á heimilinu færi þangað reglulega og krassaði á veggina. Kettir fengu að brýna klærnar og gera stykki sín í sófasetið – sem einu sinni var stofuprýði.

Fjölskyldumeðlimir hefðu auðvitað vissar áhyggjur af þessu, enda oft í heimsóknum hjá fólki með almennilegar stofur – þeir gerðu sér grein fyrir því að stofur eru á heimilum nokkurs konar miðja og vettvangur samskipta.

Sjálfir sætu þeir hins vegar fastir hver í sínu herbergi, hver með sína heimasíðu og bloggguðu hver á annan og skiptust á skoðunum á spjallrásum. Ekki síst um ófremdarástandið í stofunni.

Að skipta um sál

Dagnaðarforkurinn á heimilinu væri sífelld að byrja á nýjum og nýjum innréttingum í stofunni og rusla upp skápum og kaupa risastóra reðurlagaða lampa úr gleri og stáli og stofuborð úr gleri og stáli – sífelld að bæta dóti inn í stofuna, sem þó væri þegar yfirfull af slíkum munum, ryki, gömlum dagblöðum, plasti utan af dótinu, yfirfullum öskubökkum og köttum. Dagnaðarforkurinn væri líka alltaf að innretta ný og ný her-



GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON
 Í DAG | Miðbærinn

bergi hér og þar í rangölum hússins, full af smörtu gleri og stáli, og bjóða upp á þau sem stofu. En engan langaði sérstaklega að vera þar.

Ekki eins og í gamla daga þegar stofan var og hét með sínum falleru bókaskápum fullum af fallaga innbundnum þjóðlegum fróðleik, sinni sérvitru borgundarhólmssklukku, sínum djúpvitru stólum, sínum blíðlegu borðum, sínum fagurmynstruðu mottum... Allt væri það komið inn í sérstakt herbergi þar sem vel væri hugsað um það en sófasetið eitt eftir í gömlu stofunni.

Sumir vildu kaupa nýtt sófasett en aðrir halda í það gamla og gera það upp. En á meðan enn væri ekki búið að taka endanlega ákvörðun um framtíð þessa sófasetts hvarfalaði ekki að neinum að halda því hreinu hér og nú. Fólk væri annaðhvort fast í fortíð eða framtíð.

Í þessu gamla sófasetti hefði verið setið og kjaftað í gamla daga, þar hefði verið grátið og hlegið og elskast og rifist, tímamótum fagnað, popp borðað...

Þetta gamla sófasett væri sem sagt sál heimilisins. Og sú krafa dagnaðarforksins á heimilinu að skipta algjörlega um sófasett jafngilti í rauninni því að ætla að skipta um sál.

Tómthúsmenn

Þetta heimili – ef heimili skyldi

kalla eins og málum væri komið – hefði í eina tíð verið helsta og glæsilegasta heimili hverfisins, nokkurs konar höfuðból.

Eitt af því sem gerði óhægt um vik að skipuleggja stofuna þannig að notalegt væri að vera þar væri þvottavélin í miðjum gangveginum inn í stofuna.

Hún væri staðsett einmitt þarna á þessum óþægilega stað að kröfu nágrannanna sem vildu geta gengið að því sem vísu að þeir gætu komið þarna og þvegið þvottinn sinn – sem þeir væru að vísu flestir löngu hættir að gera, en svona hefði þetta alltaf verið og þeir ættu kröfu á því að fá að ráða þessu: þetta heimili væri höfuðból og hefði sem slíkt ákveðnum skyldum að gegna...

Væri Stór-Reykjavík heimili myndi aðvifandi gestur segja við sjálfan sig: hér hlýtur eitthvað hræðilegt að hafa gerst. Hér býr fólk sem þolir ekki hvert annað og vill sem minnst hafa við hvert annað saman að sælda.

Auðvitað er þetta ekki einhlítt: Tófrar Þingholtanna eru samir og fyrrum þó að reynt hafi verið að gera hús og hús að rónabæli til að fá að reisa þessa gáma sem nútímaarkitektúr er mestanpart. Verktökunum og fjárfestunum – þessum tómthúsmönnum okkar daga – hefur enn ekki verið sigað á Skólavörðustíginn. Og Grjótaþorpið sýnir okkur hvernig Kvosin gæti verið ef hún hefði ekki verið flutt upp á Árbæjarsafn. En það er raunalegt að koma á Laugaveginum fyrir mann sem starfaði þar árum saman og sjá þar viðurstyggð eyðingarinnar sem tómhúsmennirnir hafa skilið eftir sig – að ekki sé talað um Hverfisgötuna. Tómhúsmennirnir eru óvinir Reykjavíkur og það er óskiljanlegt að þeim hafi verið leyft að fara um þetta svæði eins og eldsvoði.

Framhaldsskólafrumvarpið þarf meiri umræðu

UMRÆÐA

Framhaldsskólafrumvarpið

Mörg stór mál liggja fyrir Alþingi á vorðögum og virðist andinn sá að keyra sem mest af ríkisstjórnarmálum í gegn. Þeirra á meðal eru skólafrumvörp menntamálaráðherra sem voru lögð fyrir þingið í desember. Af þeim felur framhaldsskólafrumvarpið í sér hvað mestar breytingar en þar er komið á nýjum námslokum, framhaldsskólaprófi, sem verður almennt próf, tekið á einu og hálfu til tveimur árum. Þetta er góð breyting og verður vonandi til þess að draga verulega úr brottfalli í framhaldsskóla.

Grundvallarbreytingar eru gerðar á stúdentsprófinu. Annars vegar er það vald fært til skólanna að ákvarða námsbrautir til stúdentsprófs, sem og annarra námsloka. Þetta er til mikilla bóta. Hins vegar er hvergi skilgreint í lögum hversu margar einingar eiga að vera á bak við stúdentsprófið. Í reynd gæti það þýtt að nemandi gæti lokið 240 einingum til stúdentsprófs eða þess vegna 160 einingum. Ákvarðanavaldið um einingafjöldann mun liggja hjá skólunum



KATRÍN JÚLÍUSDÓTTIR

og ráðuneytinu sem þarf að samþykka hverja námsbraut.

Við þetta hafa verið gerðar verulegar athugasemdir af fagfólki og nemendum. Langflestir telja nauðsynlegt að hafa skýrari ramma um stúdentsprófið til að nám til stúdentsprófs verði ekki skert bakdyramegin. Það er jákvætt að skólarnir geti skilgreint ólíkar leiðir en nauðsynlegt er eftir sem áður að skilgreina lágmarksfjölda eininga til að sveigjanleikinn verði ekki allur í eina átt – í átt að innihaldsrýrara stúdentsprófi.

Núverandi ríkisstjórn virðist illu heilli ekki mjög samráðsfús þegar á hólminn er komið og veldur það sérstökum vonbrigðum miðað við fyrri yfirlýsingar ef fulltrúar Samfylkingarinnar ætla að láta athugasemdir fagfólks í skólunum sem vind um eyru ljóta. Það blasir við að margir fagaðilar óttast að stúdentsprófið sé ekki skilgreint nánar til þess að hægt verði að ná fram sparnaði. Ríkisstjórnin ætti tvmælalaut að endurskoða afstöðu sína; leggja sig fram um að ná sáttum í málinu og tryggja um leið öflugt nám til stúdentsprófs. Umræðustjórnarmál snúast ekki aðeins um að ræða málin heldur líka að hlusta á aðra og taka tillit til þeirra.

GARÐVERKIN KALLA

Nú er rétti tíminn til að taka til hendinni í garðinum.

HEIMILI 2



FALLEGAR Á BORDIÐ

Sumarlegar vatnskönnur geta verið til mikillar prýði á matarborðinu og ekki er verri að lauma litríkum ávöxtum í vatnið.

HEIMILI 3



allt

HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA GRÆJUR ATVINNA TILBOÐ VINNUVÉLAR O.FL.

FRÉTTABLAÐIÐ

Tré **STIGAR** **Stál**

Einnig: Innihurðir, Harmonikkuhurðir, Fullningahurðir, Útihurðir, Gerefti, Gólflistar og margt fleira.

Allar mögulegar gerðir og stærðir smíðað eftir óskum hvers og eins.

Mex - byggingavörur
Sími 567 1300 og 848 3215
www.byggingavorur.com

Vönduð vara og hagstætt verð..... **Ryðfritt**



Hafsteinn gerir ýmsar tilraunir á heimili sínu og málaði eldhúsvegginn og eldavélina í eiturgænum lit.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

OUTLET SKÓZ

FISKISLÓD 75 101 REYKJAVÍK

VERÐ 4.300.-KR. VERÐ 3.500.-KR. VERÐ 4.500.-KR. VERÐ 2.500.-KR.

LEIÐIN LIGGUR Á GRANDANN

Matur og minningar

Vöruhönnuðurinn Hafsteinn Júlíusson á skemmtilegan ísskáp sem er þakinn myndum af vinum og vandamönnum.

„Þetta er líklega um þrjátíu ára gamall ísskápur sem fylgdi íbúðinni sem ég og sambýliskona mín, Karítas Sveinsdóttir, keyptum fyrir rúmu ári. Við erum ekkert sérstaklega mikið fyrir að hengja fjölskyldumyndir upp á vegg og ákváðum því að dreifa þeim yfir ísskápinn. Þarna eru myndir af vinum og vandamönnum ásamt boðskortum, blaðagreinum og póstkortum,“ segir Hafsteinn en myndasúpan minnir helst á veggfóður.

Hann segir ísskápinn virka vel þó að hann sé kominn til ára sinna. „Hann gefur frá sér skemmtilegt og róandi suð og erum við farinn að líta á hann sem lítinn heimilisvin,“ segir hann spökur.

Hafsteinn og sambýliskona hans gerðu íbúðina sína upp með það fyrir augum að finna ódýrar og skemmtilegar lausnir og vildu þau hafa frekar opið og líflegt í kringum sig. Hafsteinn segir vöruhönnuði óneitanlega spá í umhverfi sitt og gerir hann sjálfur ýmsar tilraunir á eigin heimili.

„Ég hef prófað mig áfram með ýmsa hluti og reyni að brjóta umhverfið upp. Ég vil þó frekar hafa fá húsgögn en sanka að mér fullt af mublum og er til dæmis bara með sófa og svartlakkað parket í stofunni.“

Útskriftarverkefni Hafsteins heitir Growing Jewelry Store en hann hreinræktaði skartgripni úr íslenskum mosa. Nú hefur hann tekið stefnuna á útlönd og langar í nám í innanhúss- og húsgagnahönnun í Stokkhólmi. „Ef það gengur ekki upp þá er stefnan tekin á New York þar sem ég er með verkefni í sigti,“ segir Hafsteinn.

vera@frettabladid.is

„...fyrst á visir.is“



visir.is

...ég sá það á visir.is



Instal Crown Bag Big

Africa

Just Crown Bag Big

Chalien

Since Bag Big

Dottie

FRIIS  COMPANY®

kringlan • 108 reykjavík




GLÓFAXI HF.
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236

BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR

- Hurðir til á lager
- Smíðað eftir máli
- Eldvarnarhurðir
- Öryggishurðir

Sigma linsur fyrir flestar gerðir myndavéla



FOLO VAL
Myndavéla-
viðgerðir
Skiptiholti 50B
Sími 553 9200

www.fotoval.is • mail:fotoval@fotoval.is

Garðvinna að sumri

Nú er sumar í haga með grænkandi grasi og garðvinnu. Ekki eru þó allir með á hreinu hvar skal byrja.

„Rétt að fylgjast með veðurspá og sjá hvort kuldaköst séu í spánni með tilliti til sumarblóma og annarra viðkvæmra plantna,“ segir Valborg áhugasöm og bætir við: „Það er ágætt að venja sumarblóm við í pottum úti en þá er auðveldara að skýla þeim með því að kippa pottunum inn. Að öðru leyti er tilvalið að framkvæma nú í garðinum það sem gera þarf,“ segir Valborg Einarasdóttir, framkvæmdastjóri Garðyrkjufélags Íslands.

Kjörið er að hreinsa beð og kantskera áður en áburður er gefinn og snyrta fjölgæringa og runna. „Ef vorverkin eru vel unnin verður sumarvinnan í garðinum léttari og skemmtilegri,“ segir Valborg og bendir á að auðveldara sé að ná upp illgresi þegar jörð er rök. Nú þegar hafa sumir slegið grasið en aðrir eru um það bil að dusta rykið af sláttuvélinni. „Það er ágætt að slá grasið ekki of snögg og láta það þorna áður en því er rakað saman. Ef mosi er í flötinni borgar sig að raka sem mestu af honum upp um leið og grasið er rakað,“ útskýrir Valborg og vekur athygli á því að ef grasflötin er sein að taka við sér þá bendi það yfirleitt til áburðarskorts eða lélegs jarðvegs. „Nú er rétti tíminn til að bera áburð á garðinn en ef þörf er á slætti þá borgar sig að slá áður.



Valborg segir að markmiðið hjá landanum hafi venjulega verið að hafa garðinn nokkurn veginn tilbúinn eða snyrtilegan á þjóðhátíðardaginn.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Betra er að gefa fleiri áburðargjafir og minni,“ segir Valborg og eru tvær til þrjár gjafir með um 4-6 vikna millibili yfir sumarið hæfilegt.

Gott er að skrifa hjá sér tegundar- og magntölur þar sem of stórir skammtar af áburði geta eyðilagt meira en þeir bæta. „Ágætt er að gefa lífrænan áburð inn á milli þar sem mun meira magn af stein- og snefilefnum er í honum og gefur það garðinum grænni lit, bætir örverulíf garðsins og loftrás jarðvegsins,“ segir Valborg. Best er að gefa áburðinn þegar grasið er

þurr en þá dettur hann ofan í grasrótina. Gott er að vökva vel á eftir. Stór tré þurfa meiri áburð. „Miða á við stærð trjákrónunnar þegar áburður er gefinn en það á ekki að setja áburð upp við trjábollinn,“ segir Valborg ákveðin.

Gott er að forma limgerðin og klippa þau reglulega í sumar til að viðhalda þeim. „Æskilegt er að grisja innan úr runnum svo þeir blómgist betur og upplagt að gróðursetja nýjar plöntur,“ segir Valborg en bætir við að auðvitað megi gróðursetja allt sumarið og langt fram á haust. hrefna@frettabladid.is

Viðhaldsfríar

ÞAKRENNUR

Þegar hús eru klædd með „viðhaldsfríri“ klæðningu er nauðsynlegt að nota „viðhaldsfríar“ þakrennur.

Rennurnar frá Grövík Verk í Noregi eru gerðar úr 0,9 mm áli og tærast ekki, ryðga, né brotna.

Fyrsta rennan var framleidd árið 1956 og er enn í notkun.

Litir til á lager: Svartar, hvítar, rauðbrúnar og ólitaðar.

Hágæða

Varmaskiptasamstæður
loftræstistokkar og tengistykki



HAGBLIKK ehf.

Smíðjuvegi 4C

Box 281 202 Kópavogur

Sími 587 2202 Fax 587 2203

hagblikk@hagblikk.is www.hagblikk.is

Þessi fallega Kaheku-kanna fæst í Kúningúnd á Laugavegi. Hún kostar 2.350 krónur.

Niðurskornir ávextir í vatnskónunni gefa vatninu enn ferskara bragð auk þess sem litirnir lífga upp á matarborðið.

Þetta er einstaklega falleg og sumarleg kanna. Blómin á henni gefa henni suðrænan stíl. Þessi kanna fæst í Kokku á Laugavegi og kostar 3.950 krónur.

Eva Solo-kannan frá Kúningúnd er þannig gerð að ekkert lekur þegar hellt er úr henni. Stálið í henni er ryðfrítt og þolir kannan að fara í uppþvottavél. Hún kostar 4.840 krónur.

Þorstanum svalað

Falleg vatnskanna með ísköldu vatni og ferskum ávöxtum setur óneitanlega svip sinn á matarborðið.

Þegar fólk sest saman að snæðingi er vatnskannan ómissandi. Hvort sem hún er notuð undir vatn eða safu þá er alltaf eitthvað girnilegt við könnu fulla af ísköldum drykk. Klakar og sneiðar af ferskum ávöxtum gera innihaldið enn ómótstæðilegra.

klara@frettabladid.is

Gluggar & hurðir

Gluggar, hurðir, og svalahurðir úr viðurkenndu PVC-U hágæða efni frá **REHAU**

Kjarnagluggar hafa einstakt einangrunargildi og eru til í mörgum gerðum.

Íslensk framleiðsla og áratuga reynsla

Sparaðu tíma • leitaðu tilboða netfang: gluggar@vortex.is



Kjarnagluggar

Skemmuvegi 46 • 200 Kópavogi
sími 564 4714 • Fax 564 4713

www.kjarnagluggar.is



Ekkert viðhald



Ný hugsun – nýjar íbúðir

www.arnarneshaed.is

allt - sem þig vantar

[ALLAR SMÁUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is]

SMÁUGLÝSINGASÍMINN
ER OPINN ALLA DAGA KL. 8-17

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
VIRKA DAGA

8-17

BÍLAR & FARARTÆKI

BÍLASALA
REYKJAVÍKUR



Til Sölu nýr Suzuki Grand Vitara dies-
el Luxury með öllum búnaði verð kr.
3.590.000. Skoðum skipti á ódyrari.
Uppl. á BÍLASÖLU Reykjavíkur 587 8888
& 860 1998.

Bílasala Reykjavíkur
Bíldshöfða 10, 112 Rvk.
Sími: 587 8888
www.br.is

bíla B&L
land
nádór bílar

www.bilaland.is
BÍLL DAGSINS



TILBOÐSVERÐ : 1.970.00
HARLEY HERITAGE SOFTAIL
Nýskr 2004, 1400cc Ekinn 3.200
þ. ATH HJÓLID ER EINS OG NYTT!!!
Verð: 2.350.000

Bíland, B & L
Grjótháls 1, 110 Rvk.
Sími: 575 1230
www.bilaland.is

Bílaport



Mercedes Benz E 200 K Avantgarde
Model 2007, ekinn 27 þ.km. Ásett verð
kr. 5.550.000,- Nú kr. 4.750.000,- 70%
fjármögnun möguleg.



Nú kr. 5.890.000,-

BMW X5 3,0 diesel Model 2006, ekinn
46 þ.km. Ásett verð kr. 7.190.000,-
Nú kr. 5.890.000,- 70% fjármögnun
möguleg.



Nú kr. 4.450.000,-

Mercedes Benz E 200 K Classic Model
2007, ekinn 17 þ.km. Ásett verð kr.
4.950.000,- Nú kr. 4.450.000,- 70%
fjármögnun möguleg.



Nú kr. 4.750.000,-

Mercedes Benz SLK 200 Kompr. Model
2007, ekinn 28 þ.km. Ásett verð kr.
5.950.000,- Nú kr. 4.750.000,- 70%
fjármögnun möguleg.



Nú kr. 7.250.000,-

Audi Q7 4,2 Quattro Model 20078,
ekinn 11 þ.km. Ásett verð kr. 8.900.000,-
Nú kr. 7.250.000,- 70% fjármögnun
möguleg.



Nú kr. 7.600.000,-

Range Rover HSE Model 2006, ekinn 32
þ.km. Ásett verð kr. 9.300.000,- Nú kr.
7.600.000,- 70% fjármögnun möguleg.

Bílaport / Interport ehf
Malarhöfða 2, 110 Reykjavík
Sími: 569 3300 / 897 1928
www.interport.is



AUDI A4 árg 4/2001, ek 136,þ km, 5
Gíra 2.0L, Verð 1.490,þ Tilboð 1.290,þ
stgr Nánari uppl á www.arnarbilur.is nr:
140345 S: 5672700

Arnarbilur ehf
Gylfahlöt 5, 112 Reykjavík
Sími: 567 2700
www.arnarbilur.is



Nú kr. 4.750.000,-

Hyundai Santa Fe II V6, 9/2006 ek.
17 þús.km, ssk. Hiti í sætum, rafmagn
oil. Stgr. tilboð 3290 þús.kr. Listaverð
4050 þús.kr.



Nú kr. 5.890.000,-

100 bilur ehf
Funahöfða 1, 110 Reykjavík
Sími: 517 9999
Opíð virka daga 10-18.30 og
laugardaga 12-16
www.100bilur.is



Nú kr. 4.450.000,-

Til sölu Volvo Cross Country, árg.
9/2003, ek. 110 þ.km, stór aukahluta-
pakki + nelgd vetrardeck. Ásett verð
3.150.000 kr, LÆKKAÐ VERÐ 2.490.000
kr. Uppl. í s. 894 0135.



Fáðu Betra Tilboð!

10% útbættur - Læstak ábyrgð

www.islandus.com - Sími 552 2000



Nýjir og nýlegir bílar frá öllum helstu
framleiðendum allt að 30% lægra
verð. T.d. 2007/2008 Dodge Grand
Caravan frá 2050þús, Dodge Caliber frá
1790þús, Ford Mustang frá 2400þús,
Toyota Camry frá 2650þús, Volvo
S60 frá 2950þús, Audi A4 Turbo frá
3250þús, Dodge Charger frá 2390þús,
Benz C230 frá 3700þús. Sími 5522000.
www.islandus.com



192hp - 5,5L/100km!

10% útbættur - Læstak ábyrgð

www.islandus.com - Sími 552 2000



270hp - 7,5L/100km!

10% útbættur - Læstak ábyrgð

www.islandus.com - Sími 552 2000



Skiptu í HYBRID og sparaðu hundruð
þúsunda í eldsneyti. 40% minna
eldsneyti, meiri kraftur og lægra verð.
Hybrid er framtíðin sem leysir af hendi
eyðslufreka og mengandi benzín og
dísel bíla. Pantaðu HYBRID reynslu-
akstur Reykjavík eða Akureyri í síma
5522000. Kynntu þér úrval HYBRID
jeppa og fólksbíla frá Toyota, Ford,
Chevrolet og öðrum helstu framleið-
endum á www.islandus.com



Ein með öllu. Tilboð/skipti. S. 896
2552.

Auðveld Kaup!
Hyundai Getz árg. 05/'05, 5 gíra. Ásett
1270 þ. Fæst gegn yfirtöku ca. 1070 þ.
S. 820 0151.



/ Chevrolet Suburban 2500 6,0 4x4 árg
2007 ekinn 15.000.- 8 manna bíll sem
er vel útbúinn Þessi hentar vel fyrir þann
sem vantar stóran bíl Sjá myndir www.bilasalaislands.is raðnúmer 178127 Verð
6.480.000.-skoðum skipti



VW Passat Highliner, árg. '00, nýsk. '99,
e. 122, Grand Cherokee árg. '00, e. 155.
Uppl. 8953232.



Til sölu Camaro ss 2001 ekinn 30 þús.
skoða öll skipti. sími 8471776 Viðar



Til sölu Toyota Yaris 2007, 1300, ek. 20
þús. ljósgrár, sk. '10. 5d. Listaverð 1830
þús., Tilboð 1550 þús. S. 892 7852.



Ford Econoline Club Farþegabíll árg.
'92, ek. ca 200þús. S. 698 2806 /
555 2806



1-2 milljónir

WW Passat station árg.2003, 2.0, 4x4
beinsk., ekki sidríf, ekinn 60. þús. km.
leður, sumardeck á álfelgum, vetrardeck
á felgum fylgja. ný skoðaður. Verð 1.7
þús uppl s.8922139



2 milljónir +

Dogde Caravan 3.3L árg 02 ekinn 97
þmilur, góður og fallegur 7 manna
bíll, nú á sumartilboði 1.050 þús uppl
898 8011



Skiptu í HYBRID og sparaðu hundruð
þúsunda í eldsneyti. 40% minna
eldsneyti, meiri kraftur og lægra verð.
Hybrid er framtíðin sem leysir af hendi
eyðslufreka og mengandi benzín og
dísel bíla. Pantaðu HYBRID reynslu-
akstur Reykjavík eða Akureyri í síma
5522000. Kynntu þér úrval HYBRID
jeppa og fólksbíla frá Toyota, Ford,
Chevrolet og öðrum helstu framleið-
endum á www.islandus.com



Bílar óskast

Til sölu Scania 124G 420 árg. '00 með
Hiab 220C5 '04. Stóll undir palli og
gámalásar í palli. V. 11,2 millj. + vsk.
Uppl. í s. 894 1705.

Óska eftir ódyrum Pallbíll, station bíl
með krók og keru. Nánari uppl. veitir
Þórhallur í s. 846 0864.



Jeppar

LAGERSALA
JEPPAR

Fáðu Betra Tilboð!

10% útbættur - Læstak ábyrgð

www.islandus.com - Sími 552 2000

Nýjir og nýlegir bílar frá öllum helstu
framleiðendum allt að 30% lægra
verð. T.d. 2007/2008 Ford Explorer frá
2790þús, Dodge Durango frá 2790þús,
Jeep Grand Cherokee frá 2590þús,
Toyota Highlander frá 3100þús,
Landrover LR3 Discovery frá 5690þús,
Benz ML350 frá 5350þús, Audi Q7 frá
5750þús, VW Touareg frá 4750þús. Sími
5522000. www.islandus.com



Ford F-350 King Ranch 09/'07 ek. 15
þús. Verð 4.950 þús. Lán 4.400þús S.
896 4561.




Pallbílar

LAGERSALA
Pallbílar

Fáðu Betra Tilboð!

10% útbættur - Læstak ábyrgð

www.islandus.com - Sími 552 2000



Nýjir og nýlegir bílar frá öllum helstu
framleiðendum allt að 30% lægra verð.
T.d. 2007/2008 Ford CREW F150 frá
2450þús, Ford F350 DIESEL frá 3390þús,
Dodge RAM 1500 frá 2300þús, Dodge
RAM DIESEL frá 3290þús, Toyota
Tacoma frá 2990þús, Toyota Tundra frá
3090þús. Sími 5522000. [www.island-
us.com](http://www.island-
us.com)



Til sölu ARE palllok á FORD 250-350
pickup skemmt eftir óhapp. Einfalt
að gera við. Verð 30 þús. Uppl. í síma
8979828.



Vörubílar

Til sölu M. Benz 814 '93 m/palli og
sturtu. M. Benz 850 '99 m/palli og
sturtu. Einnig Iveco vörubíll árg. '96
m/krana og sturtum. Getum einnig
útvegað gámbíla og vinnuvélar frá
Þýskalandi. S. 866 6684.



Til sölu M. Benz 814 '93 m/palli og
sturtu. M. Benz 850 '99 m/palli og
sturtu. Einnig Iveco vörubíll árg. '96
m/krana og sturtum. Getum einnig
útvegað gámbíla og vinnuvélar frá
Þýskalandi. S. 866 6684.



Til sölu MAN 8 224 árg. '99 m/ kassa og
lyftu. Einnig Benz 850 '99 m/kassa og
lyftu. S. 866 6684.

Til sölu gott úrval
Pallhýsa.

Ný og notuð á flestar gerðir pallbíla.
Sendum hvert á land sem er. Uppl í
síma 421 7922 eða Ágúst 864 0982,
Jóhannes 896 2317 www.pallhysi.is JS
Campers ehf.

Til sölu M. Benz 309D, innfluttur 2004,
skattlaus. Sk. '09, gasmiðstöð, ísskápur,
rennandi vatn, vatnsgeymir, 2 olíutank-
ar, 5cyl dísel vél, eyðslugrannur og
vel innréttður. V. 450-550 þús. Skipti
möguleg. Uppl. í s. 897 0906 & 557
1772.



Mótorhjól

Kawasaki Voyager xll 1200 árg. '03. V.
milljón. s. 896 2552.



Honda CB 900 Custon, árg. '81. v. 450
þ. s. 896 2552.



Honda Magna 1100 V65, árg. '84. V. 450
þ. s. 896 2552.



Can Am Max XT 800, 2008 Nýtt, götu-
skráð, spil, álfelgur, stuðningar og handa-
hlífar. Kemur til landsins í júní. Myndir
á www.motorhjol.net. Verð 1590 þús. Uppl.
í s. 824 6600.



Til sölu Big Dog Pitbull, einstakt hjól
ökíð, sérsníðað, skipti á ódyrari eða
dyrari, verð 3.950, uppl í s: 892 1116
og 896 5511



Harley Davidson Softail Deluxe, Árgerð
2006, Ekið 6587. Verð 1990 þús. Uppl.
í s. 824 6600. Sjá fleiri myndir á mot-
orhjol.net



Fjór hjól

Polaris Magnum 330 árg. '04. V. 500 þ.
S. 896 2552.



Hjólhýsi

Til sölu nýtt Tabbert Da Vinci 540 hjól-
hýsi, kojuhúsi með 3 hæða koju, klósett,
sturtu, 2x vaskar, ísskápur & allt sem
þarf. Fæst með miklum afslætti. Mögult
á góðu bílaláni. S. 860 1998.



Valsað ál fyrir þök og veggj

Fegurð, mýkt, ending
Fæst í 12 litum



Ál er okkar mál



Stórhöfða 33 • 110 Reykjavík • Sími: 577-4100 • www.alyak.is

fasteignir

19. MAÍ 2008

Fasteignasala Mosfellsbæjar

Sími: **586 8080**

Fax: 586 8081

www.fastmos.is

Einar Páll Kjærnested
Lögjettur fasteignasali

Klapparhlíð – 3ja herb.



Flott 87,5 m² 3ja herbergja endaíbúð á 2. hæð í nýlegu fjölbýli við Klapparhlíð 11. Íbúðin er mjög rúmgóð og björt með fallegum mahóni innréttingum í eldhúsi, baði og svefnherbergjum. Góð tæki í eldhúsi og stór stofa. Baðkar m/sturtuáðstöðu og sér geymsla í íbúð. Íbúðin er laus til afhendingar strax.

Verð kr. 25,9 m.

Klapparhlíð - 97 fm íbúð



Vorum að fá í sölu 97 m² endaíbúð á 2. hæð nýlegu 3ja hæða fjölbýli við Klapparhlíð 24 í Mosfellsbæ. Þetta er mjög falleg endaíbúð með eikarparketi og mahóni innréttingum. Flísalagt baðherbergi m/sturtu og sér þvottahús. Flottur staður, mjög stutt í World Class, Lágafellslaug, Lágafellsskóla og leikskólann Hulduberg.

Verð kr. 26,5 m.

Klapparhlíð – 4-5 herb.



Þetta er 112,6 m² endaíbúð á 2. hæð í nýlegu fjölbýli með opnum stigagangi við Klapparhlíð 30 í Mosfellsbæ. Íbúðin er teiknuð sem 5 herbergja, en er í dag 4ra herbergja, hægt að breyta aftur. Þrjú rúmgóð svefnherbergi, stofa og gangur með „Merbau“ parketi, flísar á baði og þvottahúsi og korkflísar á forstofu og eldhúsi. Íbúðin er laus til afhendingar strax.

Verð kr. 29,9 m.

Stórir gluggar á framhlöð gefa mikla möguleika.



Stórir sýningargluggar

Fasteignasalan Stóreign hefur til sölu vel staðsett verslunar- og lagerhúsnæði.

Húsnæðið er við Síðumúla í Reykjavík og skiptist í tvo eignarhluta, framhús og bakhús á tveimur hæðum. Jarðhæðin er samtals 317,9 fermetrar með aðkomu frá Síðumúla og stórir sýningargluggar eru

að framan sem gefa mikla möguleika.

Neðri hæðin í bakhúsinu er 124,6 fermetrar að stærð með góðu aðgengi að innkeyrsludryrum og stóru bílplani. Einnig eru iðnaðardyr á efri hæðinni í bakhúsinu til að taka inn vörur. Húsnæðið getur bæði nýst í einu lagi eða í hlutum.

Söluverð er 113 milljónir.

Á ils.is getur þú:

- Gengið frá greiðslumati
- Sótt um íbúðalán
- Sótt um lengingu og styttingu á lánstíma

Önnur þjónusta á ils.is:

- Bráðabirgðamat
- Ýmsar reiknivélar
- Netsamtal við ráðgjafa
- Umsókn um rafrænar afborganir lána

Kynntu þér lánakjörin á ils.is

Greiðslumat

Þú getur sjálfur gert greiðslumat á netinu. Ef þú þarft að aðstoð að halda geturðu hringt í okkur, komið á staðinn og hitt ráðgjafa okkar eða haft samband á netinu.

Lánsúmsókn

Þegar þú hefur fundið draumaíbúðina sækir þú um lánið á www.ils.is. Lánið er afgreitt á fjórum virkum dögum.

Íbúðalánasjóður fyrir alla

www.ils.is

Borgartúni 21, 105 Reykjavík
Sími: 569 6900, 800 6969




100% FJÁRMÖGNUN Á VERÐI EIGNARINNAR



„FRÁBÆRT TILBOÐ“ NÝJAR PENTHOUSE ÍBÚÐIR 100% lán á verði eignarinnar.

- ✓ Eingöngu skattar borgaðir 15,000 €.
- ✓ Íbúðirnar eru tilbúnar og hægt að flytja inn strax.
- ✓ Sérlega vandaðar 2 fallegar penthouse íbúðir með stórum þaksvölum til sölu í Balcones de Cabo Roig á Torrevieja svæðinu.
- ✓ Íbúðirnar eru nýjar og innifalin eru öll húsgögn sem eru mjög vönduð og sérlega smekkleig í alla staði.
- ✓ Öll eldhústæki eru einnig innifalin í verði.
- ✓ 2 svefnherbergi / 2 baðherbergi.
- ✓ Stærð: 114,95 fm.
- ✓ Pakterras: 30 fm.
- ✓ Sameiginleg sundlaug.
- ✓ Frábært útsýni til sjávar.
- ✓ Allt svæðið í kring er tilbúið og frágengið.
- ✓ Öll þjónusta nálægt sem og 3 golfvöllir sem eru við dyrnar.
- ✓ Stutt á ströndina.
- ✓ Verð 174.000 €



Costa blanca.is

www.golf-houses.com

Bjarni 0034-663326472 // bjarni@costablanca.is • Ívar 0034-606743181 // breyting@hotmail.com



Hert gler
...í milliveggi

Íspan
GLER OG SPEGLAR

Smiðjuvegi 7 - 200 Kópavogi - sími 54 54 300 - www.gler.is


Danfoss



Danfoss ofnhitastillar

Hápróuð og notendavæn
hitastýring sem veitir
þægilega húshitun og
hámarks orkusparnað

Við erum leiðandi í
framleiðslu ofnhitastilla



Turninn
Smáratorgi.

Turninn í Kópavogi:

Miklir möguleikar í Kópavogi

Smáratorg 3: Frábær aðstaða fyrir starfsfólk

RE/MAX Skeifan kynnir hálfu hæð á sautjándu hæð Turnsins í Kópavogi. Þetta er efsta óleigða hæðin á landinu og stendur Turninn í hjarta Kópavogs á Smáratorgi 3. Í næsta nágrenni eru verslunarmiðstöðin Smáralind og verslunarkjarninn í Smáralind 1. Í byggingunni er gert ráð fyrir skrifstofum og smásölu á um 30.000 fermetrum með bílageymslu neðanjarðar.

Lýsing: Í Turninum er frábær aðstaða fyrir starfsfólk sem þar er. Öll þjónusta er við höndina og ekki þarf að keyra langar leiðir. Má þar nefna matvöruverslanir, Læknavaktina, Ríkið og aðrar verslanir og veitingastaði á Smáratorgi og í Smáralind. Hægt er að taka lyftuna í ræktina þar sem líkamsræktarstöðin World Class er með útibú í byggingunni og á 19. hæð er hægt að fá sér gómsætan hádegisverð á veitingastaðnum sem þar er. Á 20. hæð er einn flottasti veitingastaður landsins en þar er hægt að bóka fundi og fá sendar veitingar á skrifstofuna. Næg bílastæði eru fyrir starfsmenn og viðskiptavini. Þar sem mörg fyrirtæki eru í nágrenninu þá eru auknar líkur á að þau nýti sér þjónustu þeirra fyrirtækja sem eru innan handar. Það hefur því ýmsa kosti í för með sér að stunda atvinnurekstur í Turninum á Smáratorgi sem verður hæsta bygging Íslands, um 78 metrar að hæð, með einstöku útsýni.



Eignamiðlun Suðurnesja
Stofnað 1978

Hafnargötu 91, 230 Reykjanesbæ
Sími 421 1700 • Fax 4211790

Sigurður V. Ragnarsson, löggiltur fasteignasali • Júlíus Steinþórson sölumaður, julli@es.is

TIL SÖLU ÞVERHOLT 5 KEFLAVÍK



472 ferm einbýlishús á góðum stað í Keflavík Reykjanesbæ. Stórglæsilegt einbýlishús með 7 svefnherbergjum á tvömur hæðum, stór bílskúr. Á efri hæð eru 3 svefnherbergi stórt og rúmgott eldhús sjónvarpstofa borðstofa stofa baðherbergi með sturtu og baðkarí ásamt forstofu. Á neðri hæð eru 4 svefnherbergi hol forstofa eldhús/þvottahús baðherbergi með sturtu og bílskúr. Stór pallur á baklóð. Frábær staðsetning með útivistarsvæði sem snýr að baklóðinni.

Allar nánari upplýsingar á skrifstofu.

101 REYKJAVÍK
FASTEIGNASALA

Helgi Leifur Svavar Hrafnhildur
Leifur Aðalsteinsson, löggildur fasteignasali

Laugavegur 66 • 101 Reykjavík • Sími 511 3101 • Fax 511 3909 • www.101.is • 101@101.is

Einbýli



Lindarberg, Hafnarfirði. Glæsilegt ca: 300 fm einbýlishús sem skiptist í 2 íbúðir. Rúmgóður bílsk. Bæðar íbúðir eru í góðri leigu. Mjög falleg gólfefni og innréttingar. Stórar suð-vestur svalir, afgirtur garður. V-74 millj. (5243)



Hjarðarland, Mosfellsbær. Mjög vel skipulagt 304,4fm einbýlishús á tveimur hæðum ásamt tvöföldum bílskúr. Auk-íbúð í kjallara. Efrí hæð : Stofa, borðstofa, sjónvarpshol, eldhús, wc. Neðri hæð: 4 herbergi, baðherbergi, þvottahús, fataherbergi og ca:60fm íbúð sem er í leigu. (5248)

Rað- og parhús



Hörpugata, Litli Skerjafjörður. Mikið endurnýjað 154,4fm parhús á tveimur hæðum ásamt 73,2fm bakhúsi. Efrí hæð : Forstofa, tvær stofur, stórt eldhús, sjónvarpsherbergi, gestasalerni. Neðri hæð : Hol, tvö herbergi, baðherbergi, skrifstofa/ herbergi og þvottahús. Glæsilegt eldhús og bæði baðherbergin. Bakhús biður upp á mikla möguleika. Fallegur garður í rækt. V-52 millj. (5234)

Hæðir



Nýbýlavegur. 122,2fm 4ra herb. neðri sérhæð með sérinnngangi. Hæðin skiptist í. Forstofu, gang, 3 mjög góð svefnherbergi, stofu með útgengi á suðursvalir, baðherbergi og eldhús. Í kjallara er sameiginlegt þvottahús og sameiginlegt geymsla. Á lóðinn er góður geymsluskúr. Bílskúrstréttur. V-32,9 millj. (5177)



Ásvallagata. Mjög vel staðsett 98,6fm 4 herbergja efrí hæð í þrjúbýlishúsi. Eignin skiptist í : Gang, eldhús, tvær góðar stofur, 2 góð herbergi, baðherbergi og stórt herbergi /geymslu í kjallara. Sam. þvottahús og þurrk. V-32,8 millj.(5155)

5 herb.



Álakvísl. Mjög vel skipulögð 106,5fm 5herb. íbúð á 2 hæð í góðu þrjúbýlishúsi. Neðri hæð : forstofa, hol, eldhús, stofa, borðstofa og wc. Efrí hæð : þrjú góð herbergi, hol, baðherbergi. Yfir efrí hæðinni er mjög gott óskráð risloft með gluggum. Sam. hjóla og vagnageymsla. Sérbíl-stæði.Hús vel staðsett innst í botnlanga. V-28,5 millj. (5221)

4ra til 7 herb.



Engjasel, Seljahverfi. 105,6fm 4ra herb. endaíbúð á efnu hæð (3) ásamt 31,9fm herbergi og geymslu í kj. og 36,6fm stæði í lokaðri bílageymslu. Eignin er laus til afhendingar strax. Nýmálud. Mjög falleg eign. Húsið hefur verið klætt að utan. V-26,9 millj. (5166)



Skólagerði, Kópavogur. Mjög vel skipulögð 81,8fm 4ra herb.íbúð á jarðhæð með 44,6fm bílskúr, samtals : 126,4fm. Eignin skiptist í : Forstofu með skápum, eldhús með góðri innréttingu, stofu og borðstofu með útgangi út í garð, 3 herbergi með parketi á gólf, gang og baðherbergi með baðkar. Stór bílskúr. Mikið endurnýjuð eign á rólegum stað. V-27,9 millj.(5192)



Arnarhraun, Hafnarfirði. Um er að ræða 4ra herb. 119,7 fm íbúð á 1. hæð í fjölbýli. Íbúðin skiptist í forstofu, hol, gang, 3 svefnherbergi, stofu, baðherbergi, eldhús og sér geymslu í kjallara. Suðursvalir. Einnig er sameiginlegt þvottahús í kjallara. V-22,9 millj. (5224)



Boðagrandi. Stórglæsileg 127,7fm 4ra herb. íbúð á 4 hæð í fallegu húsi. Tvennar svalir. Eignin skiptist í : Forstofu, gang, stofu, eldhús, borðstofu, 3 herbergi, baðherbergi, þv.hús innan íbúðar. Sér geymsla í kj.ásamt stæði í bílageymslu. Parket og flísar á gólfum. Glæsilegar innréttingar. Eignin er laus strax. V-49,8 millj. (5237)

3ja herb.



Suðurhlíð, 3 herb.íbúð á 1. hæð á þessum vinsæla stað. Eignin skiptist í : Forstofu, hol, 2 góð herbergi, baðherbergi, stofu, borðstofu, eldhús og þvottahús. Í kjallara er sérgeymsla og stæði í lokaðri bílageymslu. Glæsilegar innréttingar og tæki. Falleg gólfefni. V-43,9 millj. (5171)



Þúðar, Snýrtiborð, Blásarar, Ódýr Búr. Nýjar vörur www.liba.is



2 hreinræktaðar Labrador tikur til sölu, ættb.færðar hjá H.R.F.I, tilb. til afh. Nánari uppl. í s. 822 2118 & 822 0383 einnig á www.labbapabbi.dyraland.is

5 kettlingar, fallegir og fjörugir, 8 vikna, óska eftir góðum eigendum. s. 565 8022.

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Ferðaþjónusta



Sjóstangveiði - Andrea
Hvalaskoðun, Skemmtisiglingar. Tilvalið fyrir fyrirtæki og starfsmannahópa. Símar 562 2300, 892 8433. Nánari upplýsingar www.hvalalif.is / hvalalif@hvalalif.is

Hestamennska



Leðurjakkar kr. 29.950 svartir og brúnir. Leðurbuxur kr. 23.500 og kr. 23.950 svartar og brúnar.

Tito.is - Súðarvogi 8 - Gsm 861-7388

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Þarftu að leigja?
Hringdu í síma 440 6100 eða skoðuðu rentus.is

Leigjendur, takið eftir!

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Rooms for long term rent in Reykjavik and Hafnarfjörður. Free use of kitchen, bathroom, washer, dryer, stateright TV and internet. Call 824 4532.

Íbúðir til leigu

Skrifstofa Leiguliða auglýsa lausar nýjar og notaðar íbúðir til leigu í Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfirði. www.leigulidar.is eða 517-3440.

Auka 20 fm. stofa til leigu í Vesturbænum með interneti, þvottavél og sameiginlegu baði og eldhúsi. Góð staðsetning. Upplýsingar í s: 847-6267, María.

Gistipláss/herb. til leigu á svæði 104. Rooms for rent contact number 661 4096 & 698 3211.

Fyrirtæki auglýsir 60 fm. stúdíóíbúð til leigu á besta stað í miðbæ Rvk. Íbúðirnar eru nýuppgerðar árið 2005. Verð 125 þús./mán. 2 mán. trygging fyrirfram. Rafmagn, hiti og hússjóður innifalinn. Einungis langtímaleiga kemur til greina í 2-3 ár. Uppl. í síma 820-0628/661-3707.

Húsnæði óskast

Fyrirtæki leitar að 2-3 herbergja íbúð frá 1.júní. Hafa samband í síma 8990724 eða graenhus@graenhus.is

Húsnæði til sölu

Stop! Stop! Stop!
Fallett útsyni! 6 herb. íbúð til sölu. Aukatekjur. Leikvöllur. Stutt í gönguleiðir. Miðsvæðis í Rvk. V. 22.5 m. 4,15% fastir vextir. Uppl. í s. 697 3217.

Sumarbústaðir

Pottarnir
Vatnabátar og viðgerðir

Visa lán

PLAST
Áglastraug 23, Akranesi
S. 431 5006 / 860 6096 / 894 9114.



Til sölu 40fm fohelt sumarhús. Gert er ráð fyrir 20fm svefnlofti. Innihurðar og einangrun fylgir. Uppl í síma 892-2150

Sumarhús við Reykjarhól Varmahlíð Skagafirði. Sumarhús til leigu 50fm 6 manna og 60fm 8 manna. Sjá varmahlid.is S. 862 2129.

Sumarhús óskast til leigu í sumar, innan 150km radius frá Reykjavík. FF.gr. og gott verð fyrir rétta eign. Sendið upplá steinunnbj@hive.is

Atvinnuhúsnæði

Glæsilegt 200 fm verslunarhúsnæði að Bæjarlind 16, Kópavogi til leigu. S. 897 5505.

„...fyrst á visir.is“



visir.is
...ég sá það á visir.is



Til leigu

skrifstofuhúsnæði



Bíldshöfði 9b

Til leigu á einum af eftirsóttustu stöðum á höfuðborgarsvæðinu, 8 hæða skrifstofuhúsnæði, ca 9.000 fm. auk 130 bílastæða í kjallara. Tilbúið til afhendingar haustið 2009.

Nánari upplýsingar gefa Gunnar í síma 693 7310 eða Benedikt í síma 693 7304.

BYGG
www.bygg.is

Geymsluhúsnæði



Gámar af ýmsum stærðum til sölu og leigu.



Til leigu sér geymslubíl 7, 10 og 17 m². Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.veysmlaeitt.is

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innisgláðar í plasti á brettum. Starfað í 20 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar. www.buslodageymsla.iceware.net



Panoram Restaurant óskar eftir starfsfólki í fulla vinnu, sumarvinnu og aukavinnu. Aðstoðarfólk í sal, á bar, í eldhúsi og uppvasi. Umsóknir sendist á fb@centerhotels.is

American style Hafnarfirði

Vantar þig góða vinnu í föstu vaktavinnukerfi? Eru með störf í sal 100% vaktavinnu í sal. Mjög góð íslenskukunnátta áskilin. Skemmtilegt vinnuumhverfi, samkeppnishæf laun og frábært fólk. Komdu að vinna fyrir rötgróinn vinnustað og sæktu um á americanstyle.is

Málari eða maður vanur málningavinnu óskast til starfa sem fyrst. Eingöngu vanir menn koma til greina. Uppl. í s. 899 8920 eða senda umsóknir á husmal@simnet.is

Íslensk læknaþjón á Englandi óska eftir barngóðri stúlkunni, 19 ára eða eldri, til að gæta 2ja ára drengs. Uppl. í drmatthildur@msn.com.

Starfsmaður óskast í litla matvöruverslun á svæði 105. Vinnutími frá 11-18 virka daga og 10-16 annan hvorn laugardag. Nánari uppl. í síma 552 6803 frá 9-18 virka daga.

Finnst þér gaman að daðra við karlmenn? Rauða Torgið leitar samstarfs við hlýjar og vinalegar simadómur. Nánari upplýsingar á www.raudatorgid.is

Dagvinna - Kvöldvinna

Okkur vantar gott fólk í símasölu kl. 9-17 virka daga eða 2-5 kvöld vikunnar frá 18-22. Góð laun í boði fyrir gott fólk. Aldur 30+ og góð íslenskukunnátta (talað mál) Uppl. dagvinna 869 0291 milli kl. 9-17 Uppl. kvöldvinna 699 0005 milli kl. 12-20.

HENDUR.IS

Starfsfólk óskast í eftirfarandi stöður: Tölvuumsjónarmaður, bílasmíður, rekstrarstjóri, skjala- og upplýsingastjóri, kranamenn, tryggingafulltrúi, afgreiðslufólk, bifvélavirki, pípuþvottamaður, þjónusta í sal á veitingastað, starf í þjónustuborði o.fl.

Verktakafyrirtæki óskar eftir vönum smíð í innivinnu. Uppl. í s. 865 5795.

Kaffi Sólun

Kaffi Sólun óskar eftir að ráða matreiðslumann, Aðstoðarfólk í eldhúsi, uppvasi, fólk í aukastörf í sal. Dag, kvöld og næturvinnu í boði. Upplýsingar á staðnum eða sendið post á solon@solon.is

Poszukuje murarzy lub ludzi którzy znaja sie na murarce. Tel. 897 2510.

SANTA MARÍA Laugavegi 22A. Vantar starfsfólk í sal og eldhúsi. Uppl. síma 8667629

Atvinna óskast

Vantar þig Smíði, múrara eða járnabindingamenn? Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar. Proventus starfsmannþjónusta s. 661 7000.

Starfsfólk frá Lettlandi: smíðir, verkamenn, meiraprófsbilstjórar, suðumenn ofl. S. 845 7158.

Nema í rafeindavirkjun vantar að komast í starfsnáms. Sími: 6931487. Ingvar.

TILKYNNINGAR

Einkamál

SÍMAPJÓNUSTUR

Stefnumót
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9925 (fritt, karlar)
555-4321 (fritt, konur)
Spjall
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (fritt, konur)
Gay spjall
535-9988 (kreditkort)
Sögur
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
Spjalldómur
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

Nú fer hver að verða síðastur að ná sér í Blaðbera

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.




Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið

www.fm957.is

Venjulegur dagur byrjar klukkan átta. Zúuber góður dagur byrjar klukkan sjö!



32% landsmanna undir fertugu hlustar á FM957

FM957

ATVINNA

Atvinna í boði

Helgarvinna
Starfsfólk óskast í NK Kaffi Kringlunni laugardaga og sunnudaga.
Uppl. á staðnum og í s. 568 9040 & 693 9091.

Rafís ehf.

Rafvirkjar óskast

Rafís ehf óskar eftir að ráða rafvirkja til almennrar rafvirkjavinnu og stjórnumarstarfa. Leitað er eftir öflugum, jákvæðum og stundvísnum starfsmönnum. Upplýsingar í síma 824 0420 Sigsteinn og 892 2071, Einar.

Vantar þig vinnu?

Vegna aukinna umsvifa óskum við eftir duglegum einstaklingum til starfa í matvælavinnslu í Mosfellsbæ. Um er að ræða störf í framleiðslu og útkeyrslu. Uppl. í s. 897 3236, Ragnar eða 866 6614 Jón.



Pítan

Pítan er að leita að vaktstjóra sem er 25 ára og eldri, kvöldvaktir 17-22:30 og önnur hver helgi 10:30-22:15. Mjög samkeppnishæf laun í boði. Lágmarksaldur 25 ára, mjög gott ef viðkomandi hefur reynslu af heimilisrekstri. Upplýsingar veitir Herwig (892 0274) milli 9-17.

Nings Veitingahús

Nings veitingahús óska eftir duglegu starfsfólki í afgreiðslu. Um er að ræða kvöld og helgarstarf. Aldurstakmark 18 ár. Endilega hafið samband í síma 822 8870 eða www.nings.is

Leikskóla úthýst - aukinn kostnaður fyrir Akureyri

UMRÆÐAN

Hlynur Hallsson skrifar um leikskólamálið

Það virðast vera einhver undarleg trúarbrögð hjá ákveðnum aðilum innan Sjálfstæðisflokksins að einkavæðing, einkarekstur og úthýsing sé það sem muni bjarga öllu og vera mun hagstæðara fyrir samfélagið.

Hægt er að benda á mörg dæmi um að þetta sé fullkominn miskilningur. Einkavæðing á rafveitum og almannaþjónustu hefur reynst dýrari fyrir samfélagið en opinber rekstur. Meirihluti bæjarsjórnar Akureyrar ákvað á síðasta kjörtímabili að bjóða út rekstur á leikskólanum Hólmasól. Í fyrstu lotu sótti enginn um að reka leikskólann með þessum hætti en þegar aftur var gerð atlega að málinu fékkst einn umsækjandi, Hjallastefna ehf. Þá þegar var ljóst að bærinn þyrfti að kosta meiru til þessa leikskóla en annarra leikskóla í bænum og var í raun stórfurðulegt og full ástæða til að hætta við áformin. Auðvelt

hefði verið að taka upp kynskiptingu eða svokallaða hjallastefnu í leikskólanum en það hefur verið gert með góðum árangri hjá Reykjavíkurborg og á hagstæðari hátt en Hjallastefna ehf. treystir sér til að gera.

Hólmasól kostar meira

Nú stefnir í að leikskólinn Hólmasól verði Akureyrarbæ enn kostnaðarsamari en fyrirséð var. Samningur bæjaryfirvalda við Hjallastefnu ehf. er vísitölubundinn meðan aðrir leikskólar á Akureyri fá fasta upphæð árið 2008. Nú rýkur verðbólgan upp í um 12% og þá er augljóst að framlög til Hólmasólur munu hækka meðan aðrir leikskólar þurfa að



HLYNUR HALLSSON

herða sultarólina til að halda sér innan fjárhagsáætlunar. Hvert pláss á Hólmasól er nú þegar dýrara fyrir Akureyrarbæ og foreldra en pláss á öðrum leikskólum. Foreldrar barna á Hólmasól þurfa að greiða aukalega um 1.900 kr. á mánuði í ýmis gjöld eins og fyrir heimasíðu leikskólans.

Fjölbreytt skólastefna af hinu góða

Fjölbreytt skólastarf er mikil-

vægt og Vinstrihreyfingin – grænt framboð styður heilshugar frumkvæði foreldra og fjölbreytni í skólastarfi á öllum skólastigum. Leikskólar á Akureyri eru fjölbreyttir og leggja áherslu á mismunandi þætti eins og heimspeki, fjölmenningu og hreyfingu svo dæmi séu tekin. Akureyrarbær mætti gjarnan beita sér fyrir enn fjölbreyttari stefnu í starfi leikskóla í samvinnu við foreldra með stefnur eins og Waldorfstefnu eða Reggio Emilio svo dæmi séu nefnd.

Leikskólar Akureyrar eru vel reknir og mannaðir hæfu og menntuðu starfsfólki og til fyrirmyndar. Það að skólunum sé mis-

munað fjárhagslega á ekki að eiga sér stað. Það er ljóst að einkarekstrarstefna Sjálfstæðisflokksins hefur enn og aftur beðið skipbrot og nú bitnar það á foreldrum barna á Akureyri og Akureyrarbæ.

Þessi grein er ekki skrifuð sem gagnrýni á Hjallastefnu eða leikskólann Hólmasól heldur til að benda á þann aukna kostnað sem einkavæðing hefur í för með sér. Einkarekstur á ekki að koma að ofan en ef foreldrar vilja koma að rekstri leikskóla er það sjálf-sagt og hið besta mál.

Höfundur er varafulltrúi Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs í skólanefnd Akureyrarbæjar.

Það ríkti engin sátt

UMRÆÐAN

Grétar Mar Jónsson skrifar um eftirlaunafrumvarpið

Það vildi svo til að ég sat sem varaþingmaður í desember 2003 þegar hið umdeilda eftirlaunafrumvarp kom inn í þingsali Alþingis. Í fyrstu umræðu um málið lýsti ég þeirri skoðun minni að ég væri andvígur þessu máli sökum þeirrar stöðu sem uppi var gagnvart öryrkjum og atvinnulausum á þeim tíma.



GRÉTAR MAR JÓNSSON

Ég er sömu skoðunar í dag og lít svo að engin sérkjör eigi að gilda um lífeyrisréttindi alþingismanna og ráðherra umfram það sem gerist á vinnumarkaði. Það var óverjandi frá mínum bæjar- dyrum séð að hið opinbera væri á sama tíma að auka réttindi ædstu embættismanna ríkisins.

Við vorum fjórir þingmenn Frjálslynda flokksins sem greiddum atkvæði á móti þessu frumvarpi sem knúið var í gegn af þáverandi meirihluta ríkisstjórnarflokkanna.

Það verður mjög fróðlegt að vita hvað núverandi ríkisstjórn hyggst fyrir varðandi breytingar á þessu umdeilda frumvarpi nú, sem við þingmenn stjórnarandstöðu máttum heyra af í fjölmiðlum nýlega.

Ég legg til að menn stígi skrefið til fulls og afnemi þessi sérréttindi, sem þarna voru færð í lög, að fullu og öllu en það væri Alþingi til sóma.

Höfundur er þingmaður Frjálslynda flokksins í Suðurkjördæmi.

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritsstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

Til að framkvæma þarf að kunna.

• Brynjar Þór Þorsteinsson

Viðskiptafræðingur frá viðskiptadeild



10 JÚNÍ
RENNUR
UMSÓKNAR-
FRESTURINN
ÚT!

WWW.BIFRÖST.IS

BS nám í viðskiptafræði

STAÐNÁM, FJARNÁM OG NÁM Á ENSKU

Í BS námi í viðskiptafræði eru öll helstu svið stjórnunar, rekstrar og viðskipta kennd. Námið er alhliða viðskiptanám sem ætlað er að búa nemendur undir ábyrgðar-, forystu- og stjórnunarstörf í innlendu og alþjóðlegu samkeppnisumhverfi. Lögð er áhersla á hópstarf og verkefnavinnu í nánnum tengslum við fyrirtæki og stofnanir. Fjölbreytt viðfangsefni og virkt samstarf nemenda og kennara tryggja nemendum fyrsta flokks undirbúning fyrir ábyrgðarstöður í íslensku

atvinnulífi. Við deildina kenna innlendir og erlendir sérfræðingar úr atvinnulífinu, öflugt menntafólk og rannsakendur sem miðla nemendum af viðtækri reynslu sinni, menntun og þekkingu.

Velja má að stunda námið í Háskólanum á Bifröst eða í fjarnámi samhliða vinnu með vinnuhelgum á Bifröst. Framsæknum nemendum stendur nú jafnframt til boða að taka allt námið á ensku. Allar nánari upplýsingar er að finna á bifröst.is.

ENNEMM / SIA / NM3379

FRUMGREINADEILD

- Staðnam
- Fjarnám

VIÐSKIPTADEILD

- BS í viðskiptafræði
- BS in Business Administration
- MS í alþjóðlegri banka- og fjármálastarfsemi
- MS í alþjóðaviðskiptum
- MS í stjórnun heilbrigðisþjónustu

LAGADEILD

- BS í viðskiptalögfræði
- ML í lögfræði
- MA í skattarétti


FÉLAGSÍSINDADEILD

- BA í heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði (HHS)
- MA í menningarstjórnun
- MA í Evrópufræðum



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

➤ **Allt að 80% fjármögnun**



**Kauptu notaðan bíl
hjá Brimborg í dag**

**Allur v
skattu**

*Opið í dag
frá kl. 9 til 18*

**Í dag
Í dag
Í dag**

GC GROUP GREY ALMANNINGSL

Í dag Brimborg
afnemur ígildi vaskisins
af öllum notuðum bílum
til klukkan 18

Virðisauka- rinn burt

**Allt að 80%
fjármögnun**



Brimborg afnemur ígildi virðisaukaskattsins af öllum notuðum bílum í dag til kl. 18. Komdu í Brimborg og kaupu þér nýjan notaðan bíl á frábæru verði.

Komdu í kaffi og kleinur

Smelltu á notadir.brimborg.is og veldu nýjan notaðan bíl - farðu síðan á bgs.is og sannreynðu tilboð dagsins í dag.

Komdu í Brimborg

brimborg

Öruggur staður til að vera á

STEINGRÍMUR THORSTEINSSON
SKÁLD FÆDDIST PENNAN DAG
ÁRIÐ 1831.



„Betri er sannleikur byrstur
og grár en bláeyg lygi með
glóbjart há.“

Steingrímur var rektor Lærða
skólans í Reykjavík. Hann orti
í anda rómantísku stefunnar
og var líka mikilvirkur þýðandi.
Sneri meðal annars á íslensku
Púsund og einni nótt og
ævintýrum og sögum H. C.
Andersen.

tímamót

timamot@frettabladid.is


ÞETTA GERÐIST: 19. MAÍ 1950

Gullfoss með glæstum brag

Gullfoss hinn nýi, hið glæsilega farþegaskip Eimskipafélags Íslands, kom til landsins þennan dag árið 1950. Hann sigldi fánunum þrýddur inn á Reykjavíkurböfn. Þúsundir Reykvíkinga fögnuðu honum með mikilli viðhöfn.

Gullfoss var flaggskip flotans og rúmaði 210 farþega og 60 manna áhöfn. Hann var tæpar 4000 lestir og knúinn 4000 hestaflla dísilvél, smíðaður hjá Burmeister & Wain í Kaupmannahöfn. Skipið þótti hið fegursta enda var vel til þess vandað. Um Gullfoss orti Guðjón Halldórsson: „Gullfoss með glæstum brag greiðir oss heillaför.“

Gullfoss var í förum fyrir Eimskipafélag Íslands til ársins 1973. Koma hans til hafnar vakti jafnan athygli og fjöldi manns hélt niður á bryggju þegar hann var að leggjast að, bæði til að fagna vinum og ættingjum eða bara af forvitni. Meðal þeirra sem ferðuðust með Gullfossi var Halldór Kiljan Laxnes. Óvenju margir voru á bryggiunni 4. nóvember 1955 honum til heiðurs er hann sté frá borði sem fyrsta Nóbelskald þjóðarinnar.



MERKISATBURÐIR

- 1536 Anne Boleyn, önnur eigin kona Hinriks 8. Englands-konungs, er tekin af lífi vegna hórdóms.
- 1604 Í Kanada er borgin Montréal stofnuð, þá sem Ville-Marie eða Borg Maríu en nafninu var síðar breytt.
- 1875 Fyrsta sláttuvélin kemur til Íslands frá Noregi.
- 1933 Æstur múgur ræðst inn í fangelsið í Vestmannaeyjum og leysir fanga úr haldi. Tíu manns voru dæmdir til fangelsisvistar fyrir tiltækið.
- 1983 Geimskutlan Enterprise hefur viðkomu á Keflavíkurlflugvelli.
- 1990 Húsdýragarður er opnaður í Laugardal í Reykjavík með tuttugu tegundir húsdýra, sjávardýra og viltra dýra.

AFMÆLI



ÞORGEIR
PÁLSSON
VERKFRÆÐINGUR ER 67
ÁRA.



ÁSGEIR
HANNES
EIRÍKSSON ER
61 ÁRS.



DAGNÝ
KRISTJÁNSDÓTTIR
PRÓFESSOR ER 59 ÁRA.



GUÐJÓN SIGMUNDSSON ER 51 ÁRS.



Elskulegur maðurinn minn, faðir okkar,
afi og langafi,

Sigbór Guðmundsson
frá Blönduósi, Hlíðartúni 27, Höfn,

sem lést á krabbameinsdeild Landspítalans þann 7. maí, verður jarðsúnginn frá Hafnarkirkju þriðjudaginn 20. maí kl. 14.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélagið.

María Marteinsdóttir

Þórunn Sigþórsdóttir Páll Gíslason
Brynja Reynisdóttir Björn Sverrisson
Sigurbjörg Hákonardóttir Jón Sigurðsson
Hólmfríður Sigþórsdóttir Ingvaldur Mar Ingvaldsson
afabörn og langafabörn.



HAFÞÓR RAGNARSSON VERKEFNASTJÓRI. „Þetta var áreiðanlega fólk sem þurfti að hafa mikið fyrir því sem það átti.“

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

BLINDRABÓKASAFNIÐ: FÉKK HÖFÐINGLEGA GJÖF

Örlæti þessara hjóna einstakt

Blindrabókasafni Íslands tæmdist ríkulegur arfur nýlega er Hafnafirðingurinn Málmfríður Jóhannsdóttir ánafnaði því allar eigur sínar, þar á meðal íbúð með öllu innbúi. Hún hafði verið þakklátur lánþegi á safninu um árabil og lést skömmu fyrir síðustu áramót. Eiginmaður hennar, Finnþógi Bjarnason sem lést 2006, var einnig í hópi lánþega og gjöf Málmfríðar var til minningar um hann. Nú hefur verið settur upp minningarskjöldur um þau á safninu auk þess sem tækniherbergið þar heitir nú Málmfríðarstofa.

„Örlæti þessara hjóna er einstakt,“ segir Hafþór Ragnarsson, verkefnastjóri á Blindrabókasafninu. „Upphaflega komu þau vegna veikinda Finnþóga. Við þjónustum ekki bara sjónþapurt fólk heldur líka þá sem eiga kannski erfitt með að halda á bókum vegna lasleika eða fötlunar. Einnig kemur hér fjöldi fólks með lesblindu,“ útskýrir hann.

Hann kveðst ekki hafa kynnst hjónunum persónulega en starfsfólkið í útlánadeildinni beri þeim góða sögu. „Við vitum ákaflega takmarkað um þessi hjón. En þetta var áreiðanlega fólk sem þurfti að hafa mikið fyrir því sem það átti og bjó í Hafnafirði,“ segir hann. „Þau höfðu sig ekki mikið í framm. Fóru þessa hljóðlátu leið og gáfu okkur allt eftir sinn dag.“

Hafþór segir búið að selja íbúðina og að andvirðið renni í sérstakan sjóð. „Við erum með styrktarsjóð fyrir allar gjafir og frjáls framlög sem okkur berast frá einstaklingum og félagsamtökum.“

Menntamálaráðuneytið heldur utan um sjóðinn og skammtar okkur úr honum eftir þörfum. Þótt peningarnir séu ekki eyrnamerkir beinlínis þá fer hluti af þessari gjöf í að yfirfæra segulbandasafnið okkar á stafrænt form. Það verkefni gengur nú hraðar en nokkru sinni fyrr, ekki síst vegna framlags þessara heiðurs hjóna. Þess vegna þótti vel við hæfi að skíra tækniherbergið Málmfríðarstofu og setja upp merkispjald úr málm því til sönnunar.“

Hafþór segir að í hljóðbókasafninu séu á sjötta þúsund bókatitlar og alltaf bætt við. „Efnið er á stórum spólum eins og eru notaðar eru í útvarpinu. Nú er verið að keyra



ÖBLINGSHJÓN Málmfríður Jóhannsdóttir og Finnþógi Bjarnason.

hljóðið af þeim inn á tölvu, eina bók í einu.

Svo þarf að klippa efnið til og taka út allar tilkynningar um að nú þurfi að snúa snældunni við og annað slíkt sem talað var til hlustenda áður en efnið var sett inn á snældur til útlána,“ segir hann brosandí og heldur áfram. „Nú setjum við þetta inn á MT3 spilara. Það er diskur sem þjappar efninu og passar í iPod og tölvu.“

Það er alls konar tækni komin til að létta sjónskertum og öðrum lífið sem betur fer. Svo erum við að leita leiða til að hægt sé að logga sig inn á vefsíðuna okkar og ná í efnið þar. Það er á skoðunarstigi en ég vil endilega koma því á framfæri að við erum að opna nýja heimasíðu. Slóðin er einfaldlega www.bbi.is fyrir Blindrabókasafn Íslands.“

gun@frettabladid.is

Legsteinar

í miklu úrvali



Steinsmiðja

• Viðarhöfða 1
• 110 Reykjavík
• Sími 566 7878
• Netfang: rein@rein.is

REIN



Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is. Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 512 5000.

erum og verðum

ALLT AÐ ÖDYRARI



INTEL TÖLVUPAKKI 3

- Intel Core2Duo E8300 - 45nm
- 2GB DUAL DDR2 800MHz
- 500GB WD SATA2 - 16MB
- 512MB Geforce NX8600GT
- 22" Acer skjár, 5ms DVI
- Windows Vista Home Premium

129.950

AMD TÖLVA 1

- Athlon 64 4000+ DualCore
- 1GB DDR2 667MHz
- 160GB SATAII WD - 8MB
- 512MB ATI Radeon X1250
- Vista Home Basic

@tt.is

49.950

INTEL TÖLVA 2

- Intel Core2Duo E4500
- 2GB DUAL DDR2 800MHz
- 320GB WD SATA2 - 16MB
- 256MB Geforce 8400GS
- Windows Vista Home Basic

@tt.is

69.950

TURNUPPFÆRSLA 1

- AMD Sempron LE-1150
- 2GB DUAL DDR2 667MHz
- 160GB WD - 7200RPM
- 256MB Geforce 6100

@tt.is

29.950

RAZER LEIKJAMÚS

Razer DeathAdder 3G Infrared Mögnuð leikjamús fyrir leikja-spilarann, Optical 1800dpi

6.450

RAZER MÚSAMOTTA

Keppnis músamotta frá Razer Mantis Speed er 44x35cm, mögnuð í leikina

2.950

CREATIVE A300

Creative A300 er 2.1 hátalarakerfi með 2 öflugum hátölurum og stóru bassaboxi

5.950

SENNHEISER HD 201

Sennheiser HD 201 létt og þægileg lokuð heyrnatól sem að ná utan um eyrun

2.450

INTEL TÖLVA 4

- Intel Core2Duo E8400 - 45nm
- 4GB DUAL DDR2 800MHz
- 500GB SATAII WD - 16MB
- 512MB Geforce 9600GT
- Vista Home Premium

@tt.is

119.950

MSI GEFORCE NX8800GTS

MSI GeForce NX8800GTS-OC, 320MB 1.76GHz DDR3, 575MHz Core, 320-bit, Dx2, T, HDCP Ready, PCI-E 16X

17.950

ASPIRE X-TELSTAR

Aspire X-Telstar glæsilegur turnkassi með mælum, ljósum og hlíðarglugga

12.950

COOLERMATER HYPER 212

Frábær örgjörvakæling frá coolermater, ultra hljóðlát 120mm vífta með bláum ljósdíóðum á risa kæligrilli

4.950

XILENSE AFLGJAFI

Öflugur 550watta Xilence aflgjafi með hljóðlátri 120mm vífta, ATX ver. 2.2

6.950

20" ACER AL2016WB



acer

Acer 20" viewable AL2216WB TFT LCD, svartur breiðtjaldsskjár 1680x1050 í upplausn, 800:1 í skerpu og 5ms

23.950

500GB MY BOOK

Nýr og enn betri My Book utanáleggjandi diskur frá WD tengist í USB2. Tilbúinn til notkunar.

15.950

100GB WD PASSPORT

Litill og nettur utanáleggjandi diskur frá WD tengist í USB2, tilbúinn til notkunar

9.950

500GB ICYBOX

500GB IcyBox MP303 margmiðunarspilar, spilar kvikmyndir og tónlist fullkomin fjarstýring fylgir.

27.950

SANDISK 2GB MP3

Flottur 2GB MP3 spilar frá Sandisk, getur tekið upp tal, kemur með snúru um hálsinn og heyrnartólum

5.950

MSI EX600

- Intel Core 2 Duo T7100
- 2GB DDR2 667MHz
- 160GB SATA 5400rpm
- 256MB DDR Geforce 8400
- 15.4" WideScreen skjár

104.950

@tt.is

Allt tölvutengt á betra verði

www.att.is

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT HEIM • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS 500 KR HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700

Þetta myndir eru til að sýna myndir og myndir.

GÍTARINN

HLJÓDFÆRAVERSLUN

Stagg

Þjóðlagagítar

Poki, Ól, Stilliflauta,
Auka Strengjasett,
eMedia geisladiskur.

Kr. 14.900

Fáanlegir Litir:
Viðarlitaður,
Sunburst,
Svartur,
Blár.

Stórhöfða 27 • Sími: 552-2125
www.gitarinn.is



STUÐ MILLI STRÍÐA Dúkkur höfða mál

VIGDÍS ÞORMÓÐSDÓTTIR UM KVENMENN ÚR PLASTI



Ótrúlegar fréttir berast frá ríki eilífrar sólar og hamingju, Kaliforníu. Þar er stríð í uppsiglingu og mun útkoma þess hafa djúp áhrif á upplifun komandi kynslóða af vestrænni menningu. Barbara Milicent Roberts, betur kunn sem Barbie, þessi staðfasta ímynd fágunar, hógvæðar og annars sem helst einkennir kvenleika, hefur loksins fengið nóg og sýnir nú klærnar. Eftir sjö ára stanslaust áreiti af hálfu nokkurra miskunnarlausra hrekkjusvína hefur yfirljóskan höfðað mál. Barbie hafði lengst af lifað fremur fríðsælu lífi, en árið 2001 ruddust freklega fram á sjónarsviðið fjórir keppinautar um

aðdáun barna um víða veröld. Hér er að sjálfsögðu vísað til þeirra Cloe, Sasha, Jade og Yasmin sem saman mynda hópin Bratz. Óþekktarormarnir atarna brjóta blygðunarlaust ýmsar þær velsæmisreglur sem Barbie er of þrúð til að ganga gegn; þær ganga í magabolum og ofurstuttum pilsnum og mæta heiminum með sjálfumglöðu viðhorfi. Bratz-dúkkurnar, því hér eru plastdúkkur til umræðu hafi einhver haldið annað, hafa sem sagt fengið Barbie til að óttast um skilyrðislaus yfirráð sín yfir dúkkumarkaði heimsins. Það er talsvert afrek þar sem Barbie hefur fram að þessu verið eins og Coca Cola á sínu sviði og að auki laus við samkeppni frá Pepsi. Sem sagt sannkallaður risi.

En nú er þetta sæluskeið á enda og framleiðendur Barbie hafa kært framleiðendur Bratz vegna brota á einhverju sem tengist höfundarétti eða á móta leiðinlegu lögfræðihjali. Í raun réttir langar Barbie-veldið einfaldlega til þess að ganga frá Bratz-veldinu, svo rækilega að þær sýni aldrei aftur á sér risavaxin smettin. En vandamálið sem Barbie og vinir hennar standa frammi fyrir á sér djúpar rætur sem krefjast ekki aðeins útpurrkunar keppinautsins heldur einnig djúprar sjálfskoðunar. Vandí Barbie er sá að börn vilja ekki lengur vera þrúð og vönduð; þau vilja fremur vera frökk, frek og umfram allt svöl. Barbie þarf því alvarlega á yfirhalingu að halda.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Tilboð til hluthafa FL Group hf.

Í tengslum við fyrirhugaða afskráningu FL Group hf. af skipulegum verðbréfamarkaði hefur stjórn félagsins, með samþykki hluthafafundar 9. maí 2008, ákveðið að gera hluthöfum félagsins tilboð um að selja hluti sína í félaginu. Tilboðið er lagt fram á grundvelli nánari skilmála sem fram koma í bréfi sem sent hefur verið til hluthafa. Tilboðið er gert þeim hluthöfum sem skráðir voru í hluthafaskrá félagsins samkvæmt uppgerðum viðskiptum í lok dags 8. maí 2008. Með bréfinu fylgir lykilorð fyrir hluthafa til þess að taka þátt í tilboðinu ásamt leiðbeiningum.

Hluthöfum býðst að selja hlutabréf sín miðað við gengið 6,68 fyrir hvern hlut í FL Group hf. Fyrir hlutabréfin verður greitt með hlutabréfum í Glitni banka hf., miðað við gengið 17,05 fyrir hvern hlut í Glitni banka hf., eða um 0,39 hlutir í Glitni banka hf. afhentir fyrir hvern hlut í FL Group hf. Tilboðið tók gildi hinn 9. maí 2008 kl. 10:00 og gildir til 21. maí 2008 kl. 16:00.

Hluthafar, sem hyggjast taka tilboðinu, skulu fylgja þeim leiðbeiningum sem fram koma í bréfi til hluthafa. Ef bréfið, með upplýsingum um tilboðið og lykilorð, hefur ekki borist hluthafa í seinasta lagi miðvikudaginn 14. maí 2008 skal hann hafa samband við þjónustuver Glitnis í síma 440 3725. Þjónustuverið veitir hluthöfum jafnframt frekari upplýsingar ef þörf er á í tengslum við tilboðið.

Reykjavík, 9. maí 2008
Stjórn FL Group hf.



FL Group | Síðumúla 24 | 108 Reykjavík | Sími 591 4400 | www.flgroup.is

Hvílir sig á boxinu

Leikkonan Lucy Liu hefur lagt boxhanskana á hilluna eftir að hafa stundað íþróttina grimmt að undanfögnu. Liu, sem hefur leikið í Charlie's Angels og Kill Bill, steig fyrir skömmu inn í hringinn á móti annarri stúlku og lenti í miklum hremmingum.

„Ég steig inn í hringinn á móti þessari stelpu og hún lamdi mig beint á nefið. Það var rosalega sárt. Ég nefbrotnaði ekki en ég sá samt stjörnur. Þetta gerði útslagið. Ég held ég sé ekki nógu sterk til að þola þetta lengur,“ sagði Liu.

LUCY LIU Leikkonan Lucy Liu er hætt að boxa eftir að hafa næstum nefbrotnað á dögnum.



SKRAUTLEGUR SKILNAÐUR Skilnaður þeirra Heche og Laffoons var ekki fallægur, og nú segist Heche ekki lengur geta greitt honum þá mánaðarlegu upphæð sem um samdist við skilnaðinn.

NORDICPHOTOS/GETTY

Heche er skítblönk

Á meðan Ellen DeGeneres er rífandi hamingjusöm og á leið upp að altarinu með kærustu sinni, Portiu Di Rossi, er fyrrverandi kærasta hennar, leikkonan Anne Heche í verri málum.

Eftir að framleiðslu þáttanna Men In Trees, þar sem Anne Heche fór með aðalhlutverkið, var hætt er fjárhagsstaða hennar orðin svo slæm að hún hefur ekki efni á að borga fyrrverandi eiginmanni sínum, Coley Laffoon, þá 15 þúsund dollara á mánuði sem dómstóll úrskurðaði að honum bæri að fá þegar þau skildu. Heche freistar þess nú að fá úrskurðinum breytt í ljósi breyttra aðstæða, og í skjölum sem hafa verið lögð fyrir dómstól

skrifar Heche að hún eigi í miklum fjárhagskröggum, þar sem hún þurfi einnig að borga fyrir eigið húsnæði og bíl, auk skólagöngu sonar síns, sem er í einkaskóla.

Skilnaður Laffoons og Heche var ekki í hópi þeirra fegurstu, en Laffoon kallaði leikkonuna meðal annars slæma móður. Heche svaraði fyrir sig og sagði að Laffoon gerði lítið annað en að „sitja bara heima og skoða klámsíður“. Heche og DeGeneres voru saman í þrjú ár, en hættu saman árið 2000. Ári síðar gaf Heche út ævisögu sína, þar sem hún segist hafa átt við geðræn vandamál að stríða stærstan hluta ævi sinnar, eftir að hafa verið misnotuð kynferðislega af föður sínum. Hún er nú með leikaranum James Tupper, sem lék einmitt á móti henni í Men In Trees.

Allir vilja kalkúnann

■ Írski kalkúninn Dustin fær mikinn meðbyr í Belgrad. Þar komst hann í sjónvarpsviðtal með sigurvegara síðustu keppni, Mariu Serifovic, sem lýsti því yfir að hún vonaði að kalkúninn myndi vinna. Þá hefur hinn heimsfrægi tískumógúll Jean Paul Gaultier, sem er í frönsku sendinefndinni og lýsir keppninni í franska sjónvarpinu, falast eftir fundi með kalkúninum til að láta þá ósk sína rætast að smellt verði mynd af þeim saman.

■ Rússar hafa tapað stríðinu gegn Grikkjum um sviðsmyndina í Beogradska-höllinni. Dima Bilan, keppandi Rússa, verður að gjöra svo vel að sleppa risastórum stiga sem hann ætlaði að drösla upp á svið. Hann þarf þó ekki að örventa því eftir af sviðsmyndinni er pallur úr klaka sem skautadrottning mun sýna listir sínar á. Sjálfur verður Dima svo berfættur og lætur skína í bringuhárin á meðan hann engist á sviðinu í mikilli innlifun.



ÞAÐ YRÐI SAGA TIL NÆSTA BÆJAR EF SOKKABRÚÐA YNNI EUROVISION Dustin the Turkey brýtur blað og er eftirsóttur í Belgrad.

■ Hinir finnsku Teräsbetoni fara alla leið í þungarokkinu og bjóða upp á flugelda, sprengjur og allra handa eldglæringar. Þessir fimm vörpulegu menn eru auðvitað í leðri frá toppi til tár og gefa löndum sínum í Lordi lítið eftir í töffaraskap.

Það er ljós í myrkrinu

– leiðir til úrbóta í byggingariðnaði –

Samtök iðnaðarins boða til morgunverðarfundar um ástand og horfur í bygginga- og mannvirkjagreinum í Íþrótt- og sýningarhöllinni í Laugardal, þriðjudaginn 20. maí kl. 8.00–10.00.

Dagskrá

8.00 Morgunverður í boði SI

8.30 **Árni Mathiesen**, fjármálaráðherra
Bjarni Már Gylfason, hagfræðingur SI
Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri BM Vallár
Ingólfur Bender, forstöðumaður greiningardeildar Glitnis

10.00 Fundarlok

Fundarstjóri er Helgi Magnússon, formaður SI

Fundurinn er öllum opin og aðgangur er ókeypis.

Skráning á mottaka@si.is

www.si.is

SI
Samtök iðnaðarins



BSc NÁM Í VERKFRÆÐI

VIÐ HÁSKÓLANN Í REYKJAVÍK

Tækni- og verkfræðideild HR býður upp á

- BSc í fjármálaverkfræði
- BSc í heilbrigðisverkfræði
- BSc í hátækniverkfræði
- BSc í rekstrarverkfræði

Tækni- og verkfræðideild HR leggur áherslu á framúrskarandi kennslu, öflugar rannsóknir og sterk tengsl við atvinnulífið.

Umsækjendur í grunnnámi í verkfræði þurfa að hafa lokið stúdentsprófi eða hafa sambærilega menntun og með haldgóða þekkingu í stærðfræði, raungreinum, íslensku og ensku. Miðað er við að nemandi hafi lokið a.m.k. 21 einingu í stærðfræði og 6 einingum í eðlisfræði.

Umsóknarfrestur er til 30. maí
Kynntu þér námið á www.hr.is

FRAMTÍÐIN ER
HR

HÁSKÓLANN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIBERSITETI

EUROVISION

ÞRÍR DAGAR TIL STEFNU

5125050

Auglýsingasími

Mest lesið

Nýtt í bíó LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

★★★ T.V. - kvikmynd.is
★★★★ 1/2 S.V. MBL
"Eitt besta gamanmyndum" - S.V. MBL 7/7/08

LAUGARÁS BÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

HAROLD & KUMAR 2	kl. 6, 8 og 10.10	12
WHAT HAPPENS IN VEGAS	kl. 8 og 10.10	L
FORGETTING SARAH MARSHALL	kl. 5.50, 8 og 10.10	12
SPIDERWICK CHRONICLES	kl. 6	7

Alngjöf BRESLIN, Jordín FOSTER, Gerard BUTLER

NIM'S ISLAND
NEVER BACK DOWN
IRON MAN

Wagga skemmtun!
Nýtt sem engin O.Cay / eða Mixed Martial Arts aðliandi ætti að láta fram hjó sér fara.

ÓDÝRARA MIÐAVERÐ Á MIDI.IS

U2 3D **THE HUNTING PARTY**

ALFABAKKA

NEVER BACK DOWN	kl. 5:40 - 8 - 10:20	14
NIM'S ISLAND	kl. 5:50 - 8 - 10:10	L
U2 3D	kl. 10:30/3D	L
IRON MAN DIGITAL	kl. 5:30D - 8D - 10:30	12
IRON MAN	kl. 5:30 - 8 - 10:30	VIP
MAID OF HONOR	kl. 5:40 - 8 - 10:30	L
DRILLBIT TAYLOR	kl. 5:50	10
IN THE VALLEY OF ELAH	kl. 8	16

SELFLOSS

NIM'S ISLAND	kl. 8	L
MAID OF HONOR	kl. 8	L
IRON MAN	kl. 10:10	12
RUINS	kl. 10:10	16

KEFLAVÍK

NEVER BACK DOWN	kl. 8 - 10:15	12
IRON MAN	kl. 8	12
THE HUNTING PARTY	kl. 10:15	7

KRINGLUNNI

NEVER BACK DOWN	kl. 8:10 - 10:30	14
NIM'S ISLAND	kl. 6 - 8	L
U2 3D	kl. 6/3D	L
THE HUNTING PARTY	kl. 8:10 - 10:30	12
IRON MAN	kl. 10	12
SHINE A LIGHT	kl. 5:50	L

SAMBIO.IS

NÝTT Í BÍÓ!

FÖR BEINT Á TOPPINN Í BANDARÍKJUNUM!

ÖSKUR BERA ENGAN ÁRANGURI!

PROM NIGHT NÓTT DAUÐANS

HAROLD OG KUMAR ERU MÆTTIR AFTUR!

VEGAS

ÖSKUR OGUR SKYNDIBITI SEM HÆFIR ÁRSTÍÐINI FULLKOMLEGA! - S.V., MBL

LÚXUS

PATRICK DEMPSEY

MADE OF HONOUR

ÞAD PARF ALVÖRU KARLMANN TIL AD VERA BRÜÐARMEYJA!

Dove

Coca-Cola

HUGLUF OG SKEMMTILEG! VJV - TOPPIS / FB

★ ★ ★ ★ ★ - V.J.V., TOPPIS / FBL

FRÁ LEIKSTJÓRA "SCARFACE" OG "THE UNTOUCHABLES"

Sannleikurinn er fyrsta fórnarlambið í stríði

★★★★★ Chicago True Crime

REDACTED

Ekki missa af myndinni sem Fox News vildi banna!

★ ★ ★ ★ ★

24 STUNDIR

★ ★ ★ ★ ★

HORTON

★ ★ ★ ★ ★

BRÜÐGUMINN

★ ★ ★ ★ ★

SMÁRA BÍÓ Sími 564 0000

PROM NIGHT	kl. 6 - 8 - 10	14
WHAT HAPPENS IN VEGAS	kl. 5:45 - 8 - 10:15	L
WHAT HAPPENS IN VEGAS LÚXUS	kl. 5:45 - 8 - 10:15	L
IRON MAN	kl. 5:20 - 8 - 10:40	12
MADE OF HONOUR	kl. 8 - 10:15	L
SUPERHERO MOVIE	kl. 4 - 6	7
BUBBI BYGGIR Í VILTA VESTRINU	kl. 4	L
HORTON	kl. 4	L

REGNBÖGINN Sími 551 9000

HAROLD & KUMAR ESCAPE FROM GB	kl. 5:45 - 8 - 10:15	12
REDACTED	kl. 6 - 8 - 10	16
MADE OF HONOUR	kl. 5:50 - 8 - 10:10	L
TROPA DE ELITE	kl. 8	16
THE RUINS	kl. 10:20	16
BRÜÐGUMINN	kl. 6	7

TILBOÐSVERÐ!
Gætt á kl. 5:45
Sýningartímið er 10 mínútur á undan sýningartíma.

HÁSKÓLA BÍÓ Sími 530 1919

PROM NIGHT	kl. 6 - 8:30 - 10:30	14
WHAT HAPPENS IN VEGAS	kl. 5:45 - 8 - 10:15	L
STREET KINGS	kl. 5:30 - 8 - 10:30	16
21	kl. 8 - 10:30	12
BRÜÐGUMINN	kl. 6	7

BORGAR BÍÓ Sími 462 3500

HAROLD & KUMAR	kl. 6 - 8 - 10	12
WHAT HAPPENS IN VEGAS	kl. 8 - 10	L
MADE OF HONOUR	kl. 6	L

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á **midi.is**

FÆRD 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITORTI

AUKAKRÖNUR

Skemmti öskrandi Kínverjum

Hljómsveitin Hellvar er nýkomin frá Kína þar sem hún spilaði á þrennum tónleikum.



HEIÐA OG RAPPARINN PACO Hann reynir nú að búa til hipphoppmenningu í Kína og fór yfir um af gleði þegar Heiða leyfði honum að heyrja í Quarashi og Rottweiler-hundum.

„Ég hef bara aldrei upplifað annað eins,“ segir Heiða Eiríksdóttir, söngkona Hellvars, um viðtökur Kínverja á tónleikum sveitarinnar. „Það voru bara allir að missa sig. Sverrir bassaleikari sagði eftir fyrsta lagið að nú skildi hann hvernig Bítunum leið því það var svo mikið öskrað að við heyrðum varla í sjálfum okkur.“

Heiða er með skýringu á látunum. „Ég held að fólk hafi hreinlega skilið gamla leiðinlega lífið sitt eftir og alveg sleppt sér á tónleikum. Þarna eru margir sem vinna langan vinnudag í ómurlegri vinnu og fá kannski ekki nema þrjá frídaga á mánuði. Fólk þórir því bara í eitthvert ástand. Öskraði og gólaði og dansaði einhverja furðulega hringdansa.“

Það var duglegur Íslendingur, Ásgeir Tómasson, sem kom tónleikumum í kring og auk Hellvars spilaði keflvísa hljómsveitin Vicky Pollard. Upphaflega stóð til að spila á útítonleikum. „Kínversk stjórnvöld settu bara ný lög þrem dögum áður en við fórum út sem banna að fleiri en hundrað manns

safnist saman á einum stað úti við. Því varð að færa alla tónleikana í hús. Þessu verður víst breytt aftur eftir Ólympíuleikana.“

Tónleikarnir voru í Peking sem Heiða segir stórkostlega borg. „Það eru hermenn með byssur úti um allt en þegar maður hefur vanist því finnst manni borgin bara afslöppuð. Meira að segja úti í

súpermarkaði eru herlögreglu-menn með alvæpni sem hjálpa manni að raða ofan í poka. Mjög sérstakt!“

Þetta er hugsanlega bara fyrsta skrefið í Kínaævintýrum Hellvars því sveitin er bókun aftur í Kína í október. „Nú fórum við að safna fyrir flugmiðunum,“ segir Heiða.

gunnarh@frettabladid.is

Skemmtilegt samkrull

Steintryggur er hljómsveit Sigtryggs Baldurssonar og Steingrims Guðmundssonar, en báðir eru gamalreindir og mikils metnir slagverksleikarar. Trappa er önnur plata sveitarinnar, en sú fyrri, Dialog sem kom út síðla árs 2003, þótti mjög vel heppnuð. Á meðal gesta á nýju plötunni eru barkasönghópurinn Huun Huur Tu frá Tuva, tyrkneski strengja- og flautuleikarinn Hadji Tekbilek, Dave Randall, gítarleikari ensku sveitarinnar Faithless, Daninn Lars Bo Kujahn og Ástralinn Ben Frost.

Eins og fyrri platan er Trappa eins og ferðalag um ólík tónlistarsvæði í heiminum. Þar sem Sigtryggur og Steingrímur eru báðir trommarar þá kemur það ekki á óvart að takturinn er undirstaðan í tónlist Steintryggs. Ofan á hann er svo spunnarið og spilað. Stein-

grímur er mikill tabla-maður og tabla-hljómurinn er áberandi og gefur plötunni indverskt yfirbragð, en svo fær tónlistin lit frá þeim listamönnum og hljóðfærum sem setja svip á hvert lag fyrir sig. Egypsk flatharpa er áberandi í upphafslaginu Melur, barkasöngvararnir í Huun Huur Tu fanga athygli manns í laginu Root, í Remains er það munharpan hans Davids Jones og í Mouse Hunt er það söngur kammerkórs Suðurlands, en hann er reyndar meðhöndlaður skemmtilega með raftólum.

Þessi fjögur lög eru öll flott og fleiri lög standa vel fyrir sínu. Það er finn hljómur á plötunni og hún grúvar vel þó að mér finnst hún risminni heldur en fyrri platan. Engu að síður fersk og öðruvísi plata.

Trausti Júlíusson



TÓNLIST

Trappa
Steintryggur

★★★

Trappa er skemmtilegt samkrull af tónlist víða að úr heiminum þó að grunnurinn sé taktar trommaranna Sigtryggs Baldurssonar og Steingrims Guðmundssonar.

Mundu mig – ég man þig

SPARISJÓÐURINN spar.is



CANNES 2008 HANNA BJÖRK VALSDÓTTIR FYLGIST MEÐ BESTU KVÍKMYNDAHÁTÍÐ Í HEIMI

Á sparikjól í bíó

Þegar maður er farinn að vandræðast yfir því að hafa ekki komið með nógu margum kjóla til Cannes man maður hversu öll umgjörðin á hátíðinni er dásamlega yfirborðskenn. Þó að myndirnar séu margar hverjar meistaraverk þá er fyndið að þurfa að klæða sig í sitt fínasta púss til að sitja í bíósal.

Stundum er reyndar frábært að vera í salnum með leikstjórum og leikurum þegar verið er að frumsýna myndirnar þeirra. Það var mjög tilfinningaþrungin stund í höllinni í gærkvöldi þegar myndin hans Walter Salles frá Brasilíu, sem er þekktur fyrir Motorcycles Diaries, var frumsýnd. Kvíkmyndir frá Suður-Ameríku hafa verið að slá í gegn ein af annarri og Líhna de Passe er mögnuð mynd um fjóra föðurlausa bræður sem alast upp hjá einstæðri móður sem berst í

bökkum. Bræðurnir reyna allir á sinn hátt að finna leið út úr vonlausum aðstæðum fátæktar og lífið snýst um að halda sig frá glæpum.

Walter Salles sagði á blaðamannfundum að hann myndi líklega gera öðruvísi myndir ef hann hefði ekki sjálfur alist upp í Brasilíu. Strákarnir fjórir sem léku bræðurna hafa aldrei leikið áður en stóðu sig allir ótrúlega vel og eftir sýninguna grétu þeir í faðmlögum undir dynjandi lófaklappi galagesta á Cannes. Augljóslega stærsta stundin þeirra í lífinu. Og spennan eykst í keppninni.

Annars ætlaði allt að verða vitlaust í dag yfir Indiana Jones. Steven Spielberg og George Lucas eru mættir á svæðið með leikaraliðið sitt og fólk er að missa sig yfir Harrison Ford. Spielberg hefur ekki komið á Cannes-hátíðina síðan 1982 þegar hann



Á RAUÐA DREGLINUM Walter Salles, lengst til hægri, með strákunum sínum fjórum og Danielu Thomas meðleikstjóra sínum. NORDICPHOTOS/GETTY

sýndi ET og var mjög sáttur við að vera mættur aftur. Nítján ár eru liðin síðan síðasta Indiana Jones myndin var gerð og það er hreinlega vegna

eftirspurnar sem þeir ákváðu að gera aðra. Mikil spennan og æsingur hefur verið yfir þessari mynd. Og galasýningin er enn eftir í kvöld.



ÍSLENDINGAR Í CANNES Sigurjón Síghvatsson framleiðandi og Laufey Guðjónsdóttir, forstöðumaður Kvíkmyndamiðstöðvar, í hrókasamræðum. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA



„Lyf eru nauðsyn í nútímasamfélagi!“

„Í starfi mínu er ég daglega minntur á hve lífið er mikið kraftaverk og að það eru forréttindi að fá að vinna við að lækna og líkna. Vönduð og vel rannsökuð lyf skipta þar oft sköpum, bæði þau lyf sem byggja á gömlum og traustum þekkingargrunni og hin sem eru þróuð á grunni nútímaþekkingar í lyfjafræði og vísindalegri læknisfræði.“

Án lyfja hefði framþróun heilbrigðismála orðið með öðrum hætti. Mannkynið stæði verr. Að baki lyfjaframleiðslu liggur gífurleg vísindavinnan til að tryggja að lyfin skili sem bestri verkun með fyrirsjáanlegum hætti. Lyf eru nauðsyn í nútíma þjóðfélögum og ein meginstöð öflugra heilbrigðiskerfis.“

Reynir Tómas Geirsson, prófessor/lyfirlæknir, forstöðumaður fræðasviðs, Kvennasviði LSH.

Lyf skipta sköpum!



Lundastél og hákarl á ströndinni

Alþjóðlega kvíkmynda-hátíðin í Reykjavík (RIFF) hélt veislu niður við strönd í Cannes til að kynna fyrir erlendum blaðamönnum og öðrum gestum hverju þeir mega eiga von á í haust þegar hátíðin verður haldin í fimmta sinn. Hanna Björk Valsdóttir var á meðal gesta.

Hrönn Marinósdóttir, stjórnandi Alþjóðlegru kvíkmynda-hátíðarinnar í Reykjavík, og Dimitri Eipides dagskrárstjóri kynntu dagskrána í glæsilegri strandveislu í Cannes fyrir helgi. Eins og áður verður mikil áhersla lögð á upprennandi leikstjóra og aðalverðlaunaflokkur hátíðarinnar Vitranir beinir sjónum að fyrstu verkum leikstjóra. Meðal nýjunga er nýr flokkur sem ber heitið Kvíkmyndir & tónlist. Þar verða sýndar kvíkmyndir um tónlistarmenn, rætt um kvíkmynda-tónlist og haldnir tónleikar.

Íslendingar mættu líka í veislunni og skemmtu erlendu gestunum meðan Hörður DJ sá um að þeyta skífum og laumaði íslenskum slögurum í gestina. Boðið var upp á nýjan kokkteil hátíðarinnar sem hefur verið kallaður Lundastél eða „Pufftail“ á ensku, í höfuðið á Gullna lundunum verðlaunagrip hátíðarinnar, og var búinn til af kokkteilmeistara Reyka Vodka. Jón Ólafsson bauð líka upp á íslenska vatnið Icelandic Glacial í veislunni. Og að sjálfsögðu var brennivín og hákarl haft með í för.



MEÐ Á NÓTUNUM Sigtryggur Magnason nýráðinn markaðs- og kynningarstjóri Alþjóðlegru kvíkmynda-hátíðarinnar.



ADALFÓLKID Hrönn Marinósdóttir og Dimitri Eipides skemmtu sér á ströndinni í Cannes.

> Komnir í undanúrslitin

Jón Arnór Stefánsson og félagar í Lottomatica Roma eru komnir í undanúrslit í ítölsku úrvalsdeildinni í körfubolta eftir 66-53 útisigur á Tisettanta Cantu í fjórða leik liðanna. Jón Arnór var með 6 stig og 2 stolna bolta á þeirri 21 mínútu sem hann spilaði í leiknum en hann kom inn af bekknum eins og venjulega. Lottomatica mætir Air Avellino í undanúrslitunum en Jón Arnór var með 4 og 11 stig (útileikur) í tveimur sigurleikjum Rómaliðsins á Avellino-liðinu í deildarkeppinni. Fyrsti leikurinn verður á heimavelli Lottomatica á fimmtudagskvöld.

sport
sport@frettabladid.is



ÓLI STEFÁN FLÓVENTSSON: MÆTIR SÍNUM GÖMLU FÉLÖGUM Í GRINDAVÍK Í KVÖLD MEÐ FJÖLNI

Ætlar að halda dýrinu Andra Steini niðri

Óli Stefán Flóventsson var fyrirlíði Grindavíkur um árabíl en í kvöld mætir hann sínum gömlu félagum með Fjölni. „Ég á endalast af góðum minningum frá Grindavík og vonandi næg ég að bæta við einni í kvöld,“ sagði Óli. „Ég veit það líklega manna best sjálfur hversu erfitt er að fara þangað og það yrði glæsilegt að fá eitt stig út úr leiknum.“

Óli segist bera mikla virðingu fyrir Grindavík og hann kveðst varla ætla að fagna skori hann í kvöld. „Ég held að ég þurfi ekki að hafa miklar áhyggjur af því að skora, ég er svo aftarlega á vellinum. En ef ég skora held ég að ég myndi láta lítið fyrir mér fara.“

Byrjun Fjölnis hefur verið líkt sem öskubuskuævintýri. „Öskubuska endaði vel,“ sagði Óli glaðbeittur en árangurinn kemur honum ekki á óvart. „Við vitum hvað við getum. Svo má ekki gleyma því að þetta eru aðeins tveir leikir og það eru tuttugu eftir. Þessi stig eru því bara dropi í stigahafið sem í boði er. Við erum alveg niðri á jörðinni. Markmið okkar er skýr, að halda okkur uppi. Félagið þarf á því að halda að festa sig í sessi í efstu deild. Allt annað er bónus,“ sagði Óli sem liður vel í Grafarvoginum.

„Hér snýst allt um fótbolta, og þannig á það líka að vera“. Óli skildi

vel við Grindavík þar sem hann á enn marga af sínum bestu vinum. „Ég var í brúðkaupi hjá einum þeirra á föstudaginn og þar reyndu þeir að hella mig fullan þannig að ég yrði þunnur og eftir mig. Það gekk auðvitað ekki,“ sagði Óli og hló við.

Sóknarmaðurinn og Fjölnismaðurinn Andri Steinn Birgisson mætir Óla líklega í kvöld. „Við vorum að borða saman áðan þar sem sálfræðistíðið var í fullum gangi. Hann heldur að hann geti skorað hjá mér en ég efa að hann nái því. Við þekkjum hvor annan svo vel. Ef hann skorar verður ekki hægt að tala við hann í sumar þannig að ég ætla mér að halda dýrinu niðri,“ sagði Óli, fullur tilhlökkunar að koma aftur til Grindavíkur. „Mér líður alltaf vel þar.“



FJÖLNISSMENN Unnu tvo fyrstu leiki sína.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Nýliðar með fullt hús stiga: Aðeins tvö hafa unnið þriðja leik

FÓTBOLTI Nýliðar Fjölnis hafa unnið tvo fyrstu leiki sína í Landsbankadeild karla og heimsækja Grindavík í nýliðaslag í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport í kvöld. Ekkert annað félag sem leikur í fyrsta sinn í efstu deild hefur unnið tvo fyrstu leiki sína síðan deildin varð skipuð tíu liðum árið 1977. Aðeins átta nýliðar hafa náð fullu húsi út úr fyrstu tveimur umferðunum frá þeim tíma.

Af þessum átta liðum hafa aðeins tvö náð að vinna leik sinn í þriðju umferð. Valsliðið frá 2005 á metið en liðið vann þá fyrstu fimm leiki sína en Keflvíkingar náðu að vinna þrjá fyrstu leiki sína árið 1993.

- óóó

ÞRIÐJI LEIKUR NÝLIÐA MEÐ FULLT HÚS STIGA:

Lið (ár) úrslit og (völlur)

Breiðablik (1986):	1-1 gegn ÍBV	(ú)
Þór Akureyri (1992):	2-2 gegn KA	(h)
Keflavík (1993):	2-1 gegn Fram	(h)
Valur (2001):	0-0 gegn Fylki	(ú)
Valur (2003):	0-4 gegn FH	(ú)
Keflavík (2004):	1-1 gegn FH	(ú)
Valur (2005):	2-1 gegn Fylki	(ú)
Breiðablik (2006):	1-4 gegn Víkingi	(ú)

Guðjón og Sverre hyltirnir við brottför

Guðjón Valur Sigurðsson og Sverre Jakobsson voru kvaddir með söknuði eftir lokaleik þeirra með Gummersbach um helgina. Sverre fékk óvænta gjöf að skilnaði en báðir kveðja þeir félagið með söknuði.

HANDBOLTI Guðjón Valur Sigurðsson og Sverre Jakobsson léku sinn síðasta leik fyrir Gummersbach á laugardag. Þeir voru hyltirnir af stuðningsmönnum í leikslök enda með eindæmum vinsælir hjá félaginu. Guðjón gengur í raðir Rhein-Neckar-Löwen í sumar en Sverre kemur heim og spilar með HK.

„Það var ekki mikið drama en ég hef átt þrjú góð ár hér og liðið mjög vel. Það er leiðinlegt að leikurinn vannst ekki þrátt fyrir að það hafi ekki verið að neinu að keppa. Kveðjustundin var fín og fólkið var mjög almennilegt. Það hefur verið að hrósa mér og hæla í bak og fyrir af því að ég er að fara. Þá er allt fínt, flott og gaman,“ sagði Guðjón sem kemur heim í dag til móts við íslenska landsliðið. Hann hefur hins vegar átt við meidsli að stríða en lofar fullkomnu formi þegar undankeppni ÓL hefst í lok maí.

„Ég fór í aðgerð bæði á hné og öxl á tímabilinu. Ég áttaði mig á því að ég byrjaði alltof snemma að spila, öxlin var ekki tilbúin. Það er þessi vitleysa að byrja alltaf að spila strax. Ég þarf að gera mínar skrytnu æfingar, þá verð ég flottur eftir tvær vikur,“ sagði Guðjón.

Sverre fór út fyrir tveimur árum og uppfyllti þar með drauminn um atvinnumenskuna. Ég er ánægður með að hafa skellt mér í þetta ævintýri. Ég gerði mér vonir um atvinnumenskuna en kannski ekki í toppbaráttunni í bestu deild í heimi,“ sagði Sverre sem bíður þó spenntur eftir því að koma heim. Hann gat valið úr tilboðum frá liðum úr Evrópu en ákvað að koma heim. „Ég lá lengi yfir tilboði frá FC Kaupmanna-



MYNDATAKA Sverre með konu sinni Sveinbjörgu Torfadóttur, Arnóri Atla og komandi erfingja.



FJÖLSKYLDAN KVÖDD Guðjón með konu sinni Guðbjörgu Þóru Þorsteinsdóttur og dætrum þeirra, Dagbjörtuínu og Jónu Margréti.

GUMMERSBACH

höfn en við ákváðum á endanum að koma heim,“ sagði Sverre sem á von á barni hvað úr hverju. „Það var sett á 2. júní en þetta getur gerst hvenær sem er.“ Sverre skuldbindur sig ekki í bæði

verkefnin með landsliðinu framundan en vonast til að ná í það minnsta öðru.

Kveðjustundin á laugardag var honum góð. „Þetta var gaman en á sama tíma sorglegt. Mér hefur verið tekið vel og ég hef haft það gott. Ég hef ekki yfir neinu að kvarta,“ sagði Sverre sem fékk óvænta en góða gjöf frá tveimur ungum addændum.

„Þær lágu yfir úrklippum og myndum og settu saman í bók fyrir mig. Ef það var mynd þar sem litla táin á mér sást var hún í bókinni. Faðir annarrar þeirra er ljósmyndari og það var því fullt af myndum og ég veit ekki hvað og hvað. Þetta var eins og draumur og mín ár hér í hnotskurn,“ sagði Sverre.

hjalti@frettabladid.is



ISLENSKA STÍLAS / DRI 42389 05/2008

Hermann Hreiðarsson áberandi í fagnaðarlátunum:

„Svona fögnum við heima á Íslandi“

FÓTBOLTI Hermann Hreiðarsson stökk upp á svið og dansaði, að því er sagt er að íslenskum sið, í einkasamkvæmi Portsmouth eftir sigur í bikarúrslitaleiknum á laugardag. Leikmönnum var fagnað sem þjóðhetjum í gær þegar ekið var með bikarinn um götur borgarinnar.



Hermann er þekktur sem „sá klikkaði“ á meðal leikmanna og klæddi hann sig meðal annars upp í Elvis-búning þegar leikmenn skelltu sér á karóíkíbar á fimmtudaginn fyrir leikinn. „Svona fögnum við á Íslandi,“ sagði Hermann þegar hann reif upp hljóðnemann og stökk upp á svið með glas í hendi á laugardaginn. Vakti það mikla kátínu meðal nærstaddra sem sátu þá í rólegheitum og mynduðu sig með bikarinn.

Hermann er brákaður á kinnbeini eftir árekstur við David James í leiknum en af sinni alkunnu hörku kláraði hann leikinn. Hann fór í myndatökur á laugardag en á eftir að fara í nánari skoðun. Hann skartaði því myndarlegu glóðurauga í fögnuðinum en það kom ekki að sök því á heimasíðu Portsmouth segir að skemmtanahöldin hafi verið með besta móti.

- hph



Í GÓÐUM GÍR Myndin er tekin í gleðskapnum á hóteli leikmanna á laugardagskvöldið.

HEIMASÍÐA PORTSMOUTH

Rúrik Gíslason:

Gæti vel farið frá Viborg

FÓTBOLTI Rúrik Gíslason gæti verið á förum frá Viborg í Danmörku. Rúrik hefur hlotið mikið lof fyrir frammistöðu sína undanfarið en liðið féll þó úr úrvalsdeildinni á dögunum. Ólafur Garðarsson, umboðsmaður Rúriks, sagði við Fréttablaðið í gær að verulegur áhugi væri að myndast á Rúrik, aðallega frá Norðurlöndunum.

Rúrik sjálfur segist eðlilega vilja spila á hærra plani en í 1. deildinni í Danmörku. „Ég vil auðvitað spila á meðal þeirra bestu. Það er spurning hvort þeir vilja selja mig og ég vil vona að þeir setji ekki

af þeim setji ekki af háan verðmiða á mig. Þau lið sem hafa verið nefnd hljóma mjög vel,“ sagði Rúrik sem bjóst ekki við því að liðið væri jafn slakt og raunbar vitni. Hann kvaðst einnig vilja spila áfram á Norðurlöndunum.

- hph



ÚRSPLIT GÆRDAGS

Landsbankadeild kvenna:

Breiðablik-Keflavík	1-1
1-0 Berglind Björg Þorvaldsdóttir (23.), 1-1 Danka Podovac (63.).	
Valur-HK/Víkingur	3-0
1-0 Dóra María Lárusdóttir, 2-0 Margrét Lára Viðarsdóttir (víti), 3-0 Pála Marie Einarsdóttir.	
Fylkir-Afturelding	0-2
0-1 María Sönnberg (45.), 0-2 Mist Edvarðsd. Stjarnan-Fjölnir	4-0
1-0 Björk Gunnarsdóttir (víti), 2-0 Björk Gunnarsdóttir (víti), 3-0 Inga Birna Friðjónsdóttir, 4-0 Pamela Liddel.	

1. deild karla:

Pór-ÍBV	0-2
Atli Heimirsson og Andri Ólafsson.	
Fjarðabyggð-Haukar	2-2
1-0 Jóhann Benediktsson (17.), 2-0 Sigurður Viðisson (67.), 2-1 Guðmundur Kristjánsson (77.), 2-2 Denis Curic (92.).	
Víkingur Ólafsvík-Njarðvík	1-0
1-0 Gísli Freyr Brynjarsson	
Víkingur R.-KA	3-1
1-0 Jón Guðbrands. (22.), 2-0 Jón Guðbrands. (23.) 3-0 Sinisa Kekic (70.), 3-1 Dean Martin (77.)	
Stjarnan-KS/Leiftur	2-1
0-1 sjálfsmark (27.), 1-1 Zoran Stojanovic (36.), 2-1 Zoran Stojanovic (63.)	
Selkross-Leiknir R.	4-2
1-0 Sævar Þór Gíslason, 2-0 Andri Freyr Björnsson, 2-1 Jakob Spangsbjerg, 2-2 Jakob Spangsbjerg, 3-2 Henning Jónasson, 4-2 Sævar Þór Gíslason.	



SKOTTILRAUN Bryndís Bjarnadóttir, fyrirliði Breiðabliks, á hér skot að marki Keflavíkur. Bryndís átti finan leik fyrir Blika. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Keflavíkurstúlkur náðu í gott stig gegn Blikum í Landsbankadeild kvenna í gær:

Blikastúlkur klaufar á heimavelli

FÓTBOLTI Keflavík heimsótti Blikastúlkur heim á Kópavogsvöllum í gær í 2. umferð Landsbankadeildar kvenna. Breiðablik vann sigur á nýliðum Aftureldingar í fyrstu umferðinni en Keflavík beið lægri hlut gegn bikarmeisturum KR í hörkuleik suður með sjó. Leikurinn í gærkvöld var skemmtilegur áhorfs og fór svo að liðin gerðu 1-1 jafntefli í leik þar sem Blikastúlkur gengu svektari af velli að leik loknum.

Leikurinn fór rólega af stað en leikmenn Breiðabliks voru þó ákveðnari. Berglind Björg Þorvaldsdóttir kom þeim yfir á 21. mínútu leiksins þegar hún fylgdi eftir langskoti Bryndísar Bjarnadóttur sem markvörður Keflvíkinga hafði misst frá sér. Berglind Björg, sem er einungis 16 ára gömul, skoraði þar með annað mark sitt í Landsbankadeildinni í sumar.

Eftir markið lifnaði heldur betur yfir Blikastúlkum og áttu þær hverja sóknina á fætur annarri og áttu meðal annars þrjú skot í tréverkið á marki Keflavíkur. Staðan í hálfleik var þó 1-0 og máttu Keflavíkurstúlkur vel við una miðað við gang leiksins.

Keflavíkurstúlkur mættu ákveðnari til leiks í síðari hálfleik og þeim tókst að jafna metin á 63. mínútu þegar Danka Podovac skoraði með skoti fyrir utan teig. Blikum var brugðið við þetta en þær settu meiri kraft í sóknarleikinn og áttu nokkrar hættulegar sóknir. Þeim gekk þó illa upp við markið og tókst ekki að skora. Lilja Íris Gunnarsdóttir, fyrirliði Keflavíkur, var nærri því búin að stela sigrinum undir lokin þegar hún átti skalla í þverslána á marki Breiðabliks en lokatölur urðu 1-1 og Vanda Sigurgeirsdóttir, þjálfari



HVAR ER BOLTINN? Fjórar stúlkur eru hér í baráttunni á Kópavogsvelli í gær, tvær úr hvoru liði. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Breiðabliks, var svekt í leikslok.

„Gríðarleg vonbrigði. Það eru tvö orð yfir þetta. Við vorum að ræða það ég og aðstoðarþjálfari minn að við áttum að klára þetta í fyrri hálfleiknum. Við yfirspiluðum þær og áttum fullt af færum til að klára leikinn. Það gerði útslagið. Þær breyttu síðan sínu leikskipulagi í hálfleik og settu nýjan sóknarmann inn sem sló varnarmenn mína eithvað út af laginu. Þær fengu svolítið að leika lausum hala sem átti auðvitað ekki að gerast.“

Þjálfari Keflavíkur, Salih Heimir Þorca, var hins vegar ánægður

með stigið. „Ég er mjög ánægður með stigið miðað við allt saman. Ég var með tvær 15 ára stelpur í framlínunni í fyrri hálfleik og þær voru svolítið stressaðar, þetta eru okkar framtíðarstelpur en þær vantar kannski sjálfstraust. Ég setti reyndari leikmenn í framlínuna í síðari hálfleik sem geta haldið boltanum betur, en við vorum í vandræðum í fyrri hálfleik með að halda boltanum. Mér finnst þetta nokkuð sanngjarnt, fótbolti er reyndar aldrei sanngjarn en þegar upp er staðið er ég mjög ánægður með jafnteflið.“ sagði Salih Heimir við Fréttablaðið. - sjj



KEKIC Skoraði þriðja mark Víkinga. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

1. deild karla í gær:

Góður sigur hjá Víkingum

FÓTBOLTI Víkingur vann öruggan 3-1 sigur á KA í Víkinni í gær. Tvö mörk í fyrri hálfleik frá Jóni Guðbrandssyni og mark Sinisa Kekic í þeim seinni tryggðu heimamönnum stigin þrjú. Dean Martin skoraði mark KA sem léku manni færi síðasta hálf-tímans.

Leikurinn var í jánnum í upphafi en á tveimur mínútum gerði Jón nánast út um leikinn með tveimur mörkum. Eftir mark Kekic fjarðaði leikurinn svo út en hann var ekki mikið fyrir augað og fá færi utan mörkin litu dagsins ljós.

„Við vorum mun ákveðnari en KA strax í byrjun leiksins og á því unnum við leikinn. Ég er óánægður með hvernig við nýttum stöðuna manni fleiri, en þrjú stig í dag er það sem skipti mestu máli,“ sagði Jesper Tollefsen, þjálfari Víkings, eftir leik. - tv



SÁTTUR Kristján er hér í miðrið á blaðamannafundi eftir keppnina. Hann er nú fjórði í keppni ökuþóra. FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTJÁN FRÍDRIKSSON

Kristján Einar Kristjánsson komst á verðlaunapall:

„Sprakk nánast úr þjóðarstolti“

KAPPAKSTUR Kristján Einar Kristjánsson lyktaði af kampavini allan gærdeginn eftir að hafa komist á verðlaunapall á hinni sögufrægu braut Monza á Ítalíu í Formúlu-3 kappakstrinum. „Þetta var spennandi allan tímann. Ég og Hywell Lloyd skiptumst á öðru og þriðja sæti nokkrum sinnum á hring,“ sagði Kristján sem kom annar í mark, en það urðu ekki endanleg úrslit.

„Ég var óheppinn undir lokin þegar ég náði að skilja mig frá honum og kom annar í mark. Sökum áreksturs var keppnin stöðvuð og því fóru úrslitin eftir því hver kom í mark þegar hún var stöðvuð. Það var eini hringurinn af síðustu fimm sem hann kom á undan mér yfir línuna og því hreppti hann annað sætið, en bara tæknilega séð,“ sagði Kristján við Fréttablaðið frá Monza í gær. „En, ég lykta allavega af kampavini.“

Mikil rigning var á brautinni og aðstæður voru erfiðar. Mikið var um árekstra en hraðinn var mikill. „Þetta er sögufræg braut og það er alveg frábært að keyra hérna. Það er svo gríðarlegur hraði,“ sagði Kristján sem náði sínum besta árangri á ferlinum.

Kristján segist vera að bæta sig stöðugt og þrátt fyrir að hafa verið svektur með að fá ekki annað sætið sem hann átti skilið var hann stoltur Íslendingur á Monza í gær. „Það var þínu svekkjandi að vera kallaður fyrstur á pallinn en íslenska fánanum var í það minnsta flaggað á Monza. Ég sprakk nánast úr þjóðarstolti við það,“ sagði kappakatur Kristján. - hph



KAMPAVINIÐ FLÆÐIR Kristján opnar kampavinið eftir keppnina í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STELLA-MARIA THOMSON



LAGADEILD HR

NÝJAR ÁHERSLUR – MARKVISST NÁM – MEIRI MÖGULEIKAR

Við lagadeild HR er í boði metnaðarfullt og nútímalegt laganám, sem miðar að því að útskrifaðir nemendur verði framúrskarandi lögfræðingar og í fremstu röð á sínu sviði.

Hlutverk lagadeildar HR er að skapa og miðla þekkingu í umhverfi sem hvetur til frumkvæðis, gagnrýnnar hugsunar og vísindalegra vinnubragða og auka þannig lífsgæði og samkeppnishæfni í samfélaginu.

Lagadeild HR er brautryðjandi í nútímavæðingu laganáms hér á landi, hvort sem litið er til skipulags námsins, kennsluáferða eða þeirra miklu krafna sem gerðar eru til nemenda á öllum námsstigum.

Grunnnámið tekur 3 ár og að því loknu gefst nemendum kostur á 2ja ára framhaldsnámi til meistaraþrófs í lögfræði.

Umsóknarfrestur er til 30. maí
Kynntu þér námið á www.hr.is

FRAMTÍÐIN ER
HR

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

> Matthew Perry

Perry ólst upp í Kanada. Þegar hann var yngri þótti hann afburða góður tennisspilari. Fimmtán ára flutti hann til Bandaríkjanna og fór að sýna leiklistinni meiri áhuga. Perry leikur í Friends-þáttunum sem sýndir eru á Stöð 2.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ SVAVAR HÁVARÐSSON OG SAGAN AF HÚSINU

Allt fram streymir endalaust, ár og dagar líða

Í fréttatíma sjónvarpsins var stutt umfjöllun um borgarstjórana í Reykjavík á laugardaginn. Þeir eru búnir að vera allmargir síðan 1908 og hópurinn litríkur. Í ráðhúsinu stendur yfir sýning um menn þessa og konur og eftir umfjöllun fréttatímans gaf ég mér tíma í gær til að kíkja niður í ráðhús til að skoða sögu þeirra aðeins nánar.

Ég komst að því að viðfangsefni borgarstjóra hafa lítið breyst á þessum hundrað árum. Allt snýst þetta um fólk í borginni. Til að krydda heimsókn mína rakst ég á heimildir um lífsbaráttu mannsins sem byggði litla bárujárnshjallinn sem ég bý í á Laugarnesveginum.

Maður er nefndur Runólfur. Hann byggði húsið í algleymi krepunnar árið 1933. Ári síðar skrifaði hann ásamt fleirum íbúum við Laugarnesveg Jóni Þorlákssyni borgarstjóra stutt bréf, þar sem hann spyr hvort borgaryfirvöld séu þess umkomin að leggja klóakleiðslu 150 metra leið frá götunni og í sjó fram. Ástæðan fyrir

umleitun Runólfs var að Laugalækurinn þjónaði sem klóak fyrir hverfið og það væri hvítleitt fyrir íbúanna hvað lækurinn lyktaði illa í sumarhitum. Leikur barna og rottugangur við lækinn gæti líka skarast á við reglugerðir um heilsuvernd.

Í öðru bréfi sem þarna er til sýnis fékk ég það sannreynt að Runólfur og nágrenni hans fengu ekki úrlausn mála sinna sumarið 1934. Þrettán árum síðar skrifar annar íbúi í húsinu mínu og kvartar yfir þessu sama en áhyggjurnar fara vaxandi með fjölgun í þessu nýja „úthverfi“. Hann hefur áhyggjur af orðspori bæjarins og skorar á Gunnar Thoroddsen, sem þá hafði nýlega tekið við embætti borgarstjóra, að fyrirbyggja þá niðurlægingu að fréttir berist af hlutverki lækjarins og innihaldi hans.

Ég get vottað að lögd hefur verið klóakleiðsla í hverfinu mínu, og hún virkar. Því virðist óþarfi að hafa áhyggjur af stöðu borgarmálanna í dag. Það eina sem við þurfum er þolinmæði. Þessu verður öllu kipt í liðinn; í fyllingu tímans.



EKKI MISSA AF



▶ **19.45 Landsbankadeildin**
STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.00 Seinfeld** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **20.15 Ný Evrópa með augum Palins**
SJÓNVARPIÐ



▶ **22.30 c.s.i.** SKJÁREINN



▶ **23.00 Imagining Argentina**
STÖÐ 2

SJÓNVARPIÐ

14.25 HM í ishokki Upptaka frá úrslitaleiknum sem fram fór í Halifax í Kanada í gærkvöld.

15.55 Sunnudagskvöld með Evu Maríu

16.35 Leiðarljós

17.20 Táknmálsfréttir

17.30 Ungar ofurhetjur

17.53 Skritín og skemmtileg dýr

17.58 Gurra grís

18.05 Alla leið (3:3)(e)

19.00 Fréttir

19.30 Veður

19.35 Kastljós

▶ **20.15 Ný Evrópa með augum Palins** (5:7) Leikarinn Michael Palin úr Monty Python-hópnum, ferðast um 20 lönd í Mið-, Austur- og Suðaustur-Evrópu sem hafa nýlega gengið í, eða eru við það að ganga í Evrópusambandið. Palin kynnir sér sögu og menningu og lítur glöggu gestsauga á venjur heimamanna á hverjum stað.

21.15 Lífsháskí Bandarískur myndaflokkur um hóp fólks sem komst lífs af úr flugslysi og neyddist til að hefja nýtt líf á afskekktu eyju.

22.00 Tíufréttir

22.20 Sportið Í þættinum verður farið yfir íþróttaviðburði helgarinnar, innlenda sem erlenda.

22.45 Herstöðvarlíf (4:13) Bandarísk þáttaröð um eiginkonur hermanna sem búa saman í herstöð og leyndarmál þeirra.

23.30 Soprano-fjölskyldan (e)

00.20 Kastljós (e)

00.55 Dagskrárlok

BÍÓ

06.00 Mean Creek

08.30 Adventures of Shark Boy and L

10.00 Finding Neverland

12.00 Bee Season

14.00 Adventures of Shark Boy and L

16.00 Finding Neverland

18.00 Bee Season

20.00 Mean Creek Spennandi verðlaunamynd um vinahóp sem ákveður að hefna sín á hrekkjusvíni. Aðalhlutverk: Rory Culkin, Scott Mechlowicz, Ryan Kelley.

22.30 Venom

00.00 Spin

02.00 Missing

04.00 Venom

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2

08.10 Oprah

08.50 Í fínu formi

09.05 Bold and the Beautiful

09.25 La Fea Más Bella

10.10 Homefront

10.55 Matur og lífsstíll

11.25 Sjálfstætt fólk

12.00 Hádegisfréttir

12.45 Neighbours

13.10 Numbers

13.55 Walkout

16.18 Leðurblökumaðurinn

16.43 Skjaldbökurnar

17.08 Tracey McBean

17.23 Funky Wally

17.28 Bold and the Beautiful

17.53 Neighbours

18.18 Ísland í dag, Markaðurinn og veður

18.30 Fréttir

18.55 Ísland í dag og íþróttir

19.30 The Simpsons Evintýri Simpson-fjölskyldunnar eru eitt vinsælasta sjónvarps-efni allra tíma.

19.55 Friends

20.20 American Idol (39.42) Bandaríska útgáfan af Idol-Stjómuleit. Komíð er að því að finna sjöundu Idol-stjómuna en fram að þessu hafa sigurveggar keppninnar og reyndar fleiri til slegið rækilega í gegn.

21.05 American Idol (40.42)

21.50 Missing (3.19) Spennumyndaflokkur sem fjallar um leit bandarísku alríkislögreglunnar að týndu fólk. Jess Mastrini er sjáandi og sérlegur aðstoðarmaður í þeim rannsóknunum.

22.35 Swinging (3.6) Beittur og kræfur nýr breskur sketsaþáttur um skrautleg þór og spaugilegar hlíðar á kynlífi þeirra.

▶ **23.00 Imagining Argentina** Áhrifamikil kvikmynd með Antonio Banderas og Emmu Thompson, byggð á samnefndri metsölu-bók. Myndin fjallar um eldheitar ástir á miklum ógútímum í samtímasögu Argentínu.

00.45 Shark (10.16)

01.30 Cabin Pressure

03.00 Walkout

04.50 Missing (4.19)

05.35 Fréttir og Ísland í dag

06.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVI

SPORT

besta sætið

07.00 Boston - Cleveland Útsending frá leik í úrslitakeppni NBA.

09.00 Spænski boltinn Útsending frá leik Mallorca og Zaragoza í spænska boltanum.

15.35 Spænski boltinn Útsending frá leik Mallorca og Zaragoza í spænska boltanum.

17.15 Fréttabáttur Meistaradeildar Evrópu Vandaður fréttabáttur um Meistaradeild Evrópu.

17.45 Boston - Cleveland Útsending frá leik í úrslitakeppni NBA.

▶ **19.45 Landsbankadeildin 2008** Bein útsending frá leik Grindavíkur og Fjölnis.

22.00 Landsbankamörkin 2008 Farið yfir alla leiki og öll mörkin í Landsbankadeild karla.

22.40 Spænsku mörkin Íþróttafretamenn kryfja öll umdeildustu atvikin ásamt Heimi Guðjónssyni.

23.20 Þýski handboltinn Öll helstu tilþrifu úr þýska handboltanum þar sem allir okkar bestu leikmenn spila.

00.00 Timeless Í þættinum er fjallað um fólk sem æfir og keppir í ólíkum íþróttgreinum.

00.25 New Orleans - San Antonio Bein útsending frá leik í úrslitakeppni NBA.

SPORT 2

enski boltinn

17.45 English Premier League Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfræðinga.

18.45 Premier League World Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heim-sóttir, gömlu stjómurarnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.

19.15 Bestu leikirnir Tottenham - Chelsea

21.00 English Premier League Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfræðinga.

22.00 Coca Cola mörkin Farið yfir öll mörkin og helstu atvikin í leikjum síðustu umferðar í Coca Cola-deildinni en þar eiga Íslendingar nokkra fulltrúa.

22.30 Bestu leikirnir Man. Utd. - Newcastle

SKJÁREINN

08.00 Rachael Ray (e)

08.45 Vörutorg

09.45 Óstöðvandi tónlist

15.55 Vörutorg

16.55 Top Chef (e)

17.45 Rachael Ray Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.

18.30 Game tívi Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jónsson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum. (e)

19.10 Svalbarði Spriklandi ferskur skemmtiþáttur í umsjón Þorsteins Guðmundssonar sem fær til sín góða gesti. Hjólsmátturinn Svalbarði spilar dillandi dans-tónlist ásamt söngkonunni Ágústu Evu Erlendsdóttur sem einnig bregður sér í ýmis gervi ásamt Þorsteini í nýstárlegum leiknum atriðum. (e)

20.10 One Tree Hill (15.18) Bandarísk unglingsæra þar sem húmor, dramatik og bullandi rómantík fara saman. Nathan og Haley halda afmælisveislu fyrir Jamie. Lindsey snýr aftur til Tree Hill og gefur Lucas vonir um endurnýjuð kynni. Brooke og Peyton undirbúa sig fyrir ættleiðinguna og Dan reynir að koma sér aftur í mjúkinn hjá fjölskyldunni.

21.00 Eureka NÝTT. Bandarísk þáttaröð sem gerist í litlum bæ með stórt leyndarmál. Aðalhlutverkin leika Colin Ferguson, Salli Richardson-Whitfield, Joe Morton og Debrah Farentino.

▶ **22.30 C.S.I.** (12.17) Bandarískir þættir um störf rannsóknardeildar Las Vegas borgar. Grissom og félagar berjast við flensu á sama tíma og þeir rannsaka morð á lykivítum í dómsmáli gegn alræmdri glæpaklíku í Las Vegas.

23.20 Jay Leno Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á léttu strengi.

00.05 Brotherhood (e)

01.05 C.S.I.

01.45 Vörutorg

02.45 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Samantekt helstu fréttu vikunnar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.



Dagskrá allan sólarhringinn.

SVIFVÆNGJAFLUG

NÁMSKEIÐ ERU AÐ HEFJAST

NÁMSKEIÐIN VERÐA HALDIN Í FÉLAGSHEIMILI FISFLAGS REYKJAVÍKUR AÐ GRUND (UNDIR ÚLFARSFELLI).

SVIFVÆNGIR LÁNADIR Á MEÐAN NÁMSKEIÐIN STANDA YFIR. TRYGGÐU PÉR SÆTI OG BYRJAÐU AÐ FLJUGA Í SUMARI!

NÁNARI UPPLÝSINGAR: WWW.FISFLUG.IS
RÓBERT BRAGASON S: 898 7771 - ROBERT.BRAGASON@GMAIL.COM

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 21.60

Missing

Þriðja þáttaröð þessa vinsæla spennumyndaflokks sem fjallar um leit bandarísku alríkislögreglunnar að týndu fólki. Jess Mastrini er sjáandi og sérlegur aðstoðarmaður í þessum rannsóknum. Nicole Scott er félagi hennar og er hörkulögga sem veigrar sér ekki við að fara fram hjá reglunum til að leysa glæpi. Magnaðir þættir í anda Cold Case. Í þættinum í kvöld fara Jess og Nicole til Norður-Karólínu en þar hefur fellibylur lagt lítinn í bæ í rúst og fjöldi fólks hefur horfið.



▶ VIÐ MÆLUM MED

Eureka NÝTT SKJÁREINN kl. 21.00

Bandarísk þáttaröð sem gerist í litlum bæ með stórt leyndarmál. Þar hefur helstu snillingum heims verið safnað saman og allt getur gerst. Lögregluáðurinn Jack Carter villist af leið og endar í Eureka. Snillingarnir eru allir að vinna að einhverjum undarlegum uppfinningum og það getur reynst hættulegt að búa í bæ þar sem allir eru óvitar. Þegar ein uppfinningin fer úr böndunum verður Jack Carter að bjarga máluum. Aðalhlutverkin leika Colin Ferguson, Salli Richardson-Whitfield, Joe Morton og Debrah Farentino.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.05 Morgunvaktin
06.40 Veðurfregni
06.50 Bæn
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.05 Okkar á milli
09.45 Morgunleikfimi
10.03 Veðurfregni
10.13 Stefnumót
11.03 Samfélagið í nærmynd
12.00 Fréttayfirlit
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregni
13.00 Vít og breitt
14.03 Bak við stjórnumar
15.03 Útvarpsagan: Lesarinn
15.30 Dr. RÚV

16.00 Síðdegisfréttir
16.10 Veðurfregni
16.13 Hlaupanótan
17.03 Viðsjá
18.00 Kvöldfréttir
18.25 Spegillinn
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.00 Leynifélagið
20.30 Stjómukikir
21.20 Kvika
22.07 Veðurfregni
22.12 Orð kvöldsins
22.15 Frá Tónskáldþinginu í París
23.10 Lárétt eða lóðrétt
00.07 Næturtónar
00.50 Veðurfregni
01.03 Næturtónar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Lítt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

EXTRA

16.00 Hollyoaks
16.30 Hollyoaks
17.00 Seinfeld

17.30 Wildfire (9:13) Þriðja þáttaröðin um hana Kris sem var í byrjun send nauðug á búgarð í sveit en þar féll hún fyrir hestamennskunni og þá sérstaklega kappreiðahestinum Wildfire.

18.15 The Class (7:19) Við fylgjumst með bekkjarmóti skrautlegra skólafélaga sem margir hverjir hafa ekki sést í 20 ár.

18.35 American Dad 3

19.00 Hollyoaks

19.30 Hollyoaks

▶ 20.00 Seinfeld (5:22) Stöð 2 Extra sýnir nú þessa sígildu gamanþáttaröð eins og hún leggur sig, fjóra daga vikunnar og svo aftur um helgar.

20.30 Wildfire (9:13)

21.15 The Class (7:19)

21.35 American Dad 3

22.00 Cold Case (15:18)

22.45 Big Shots (9:11)

23.30 Curb Your Enthusiasm

00.05 Entourage (6:20)

00.30 American Dad (12:19)

00.55 Comedy Inc. (15:22)

01.20 Sjáðu

01.45 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV

INN

20.00 Mér finnst... Spjallþáttur í umsjón Kolfinnu Baldvinsdóttur og Ásdísar Olsen. Gestir eru Elisabet Jökulsdóttir og Björk Jakobsdóttir ásamt leynigesti.

21.00 Mæður og dætur Steinunn Anna Gunnlaugsdóttir veltir fyrir sér sambandi mæðgna ásamt gestum sínum.

21.30 Kristinn H. Gunnarsson Gestur hans er Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna.

Dagskrá INN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

DR 1

10.00 DR Update - nyheder og vejr 10.10 21 Søndag 10.50 Aftenshowet 11.20 OBS 11.25 Saras køkken 11.50 Søren Ryge i haven 12.20 Danskernes Krønike - Vores ferie 12.50 Nyheder på tegnsprog 13.00 DR Update - nyheder og vejr 13.10 Dawson's Creek 13.50 Family Guy 14.15 Skum TV 14.30 Den lyserøde panter 14.35 Naruto 15.00 Troldspejlet 15.15 Robotboy 15.30 Tigerdyret og Plys 16.00 Aftenshowet 16.30 TV Avisen med Sport 17.00 Aftenshowet med Vejret 17.30 Supernabo 18.00 DR1 Dokumentarern - Prostitutionsens bagmænd 19.00 TV Avisen 19.25 Horisont 19.50 SportNyt 20.00 Mistænkt 6: Det sidste vidne 21.40 Truslen fra dybet 22.20 Seinfeld 22.40 Smagsdommeme


NRK1

10.00 NRK nyheter 10.10 Camilla Plum i hagen 10.40 Hellenisterne 11.40 Åpen himmel: Gudstjeneste fra Grønnåsen kirke, Tromsø 12.10 Med hjertet på rette staden 13.00 Newton 13.31 Kim Possible 14.05 Ghost Trackers 14.31 Supermusikk 15.00 NRK nyheter 15.10 Oddasat - Nyheter på samisk 15.25 Tid for tegn 15.40 Mánáid-TV - Samisk barne-tv 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Mine venner Tigergutt og Brumm 16.25 Bali 16.40 Distriktsnyheter 17.00 Dagsreynen 17.30 Puls 17.55 Melodi Grand Prix 2008: Fra Senja til Serbia 18.25 Redaksjon EN 18.55 Distriktsnyheter 19.00 Dagsreynen 21 19.30 Album 20.30 De som bygger landet 21.00 Kveldsnytt 21.15 Prime Suspect 22.55 20 spørsmål 23.25 Kulturnytt 23.35 Sport Jukeboks 1.00 Country jukeboks

SVT 1

10.00 Rapport 10.05 Agenda 11.00 Sportspegein 11.50 Eurovision Countdown 2008 12.15 Slakten är värst 13.30 Andra Avenyn 14.00 Rapport 14.10 Gomorron Sverige 15.00 Ramp 15.30 Mega 16.00 Bolibompa 16.10 Ebb och Flo 16.15 Röri Racerbil 16.30 Lata Lucy 16.35 Jane och draken 17.00 Bobster 17.30 Rapport med A-ekonomi 18.00 Andra Avenyn 18.30 Sthlm 19.15 The Full Monteverdi 19.30 Naturlollorna 20.00 Skuggan av Tito 20.55 Rapport 21.05 Kulturyheterna 21.20 Glasklart 22.20 Brottskod: Försvunnen 23.05 Sändningar från SVT24

Upplifðu dansstemninguna með þeim bestu á Dansfestivali DanceCenter Reykjavík 30. og 31. maí!



Dansfestival 2008

SJÓÐHEITIR DANSTÍMAR hjá Laurie Ann Gibson danshöfundi Honey

Laurie Ann hefur fyrir löngu skapað sér nafn í dansheiminum í Bandaríkjunum og hefur m.a. samið fyrir Puff Daddy (Making The Band á MTV), Jude Law í Alfie, Madonna, Missy Elliott, Aliciu Keys, Brandy o.fl. Þá er Laurie Ann mikil fagmanneskja og útskrifaðist frá Alvin Ailey Dance School.

Laurie Ann Gibson í maí!

Föstudaginn 30. maí og laugardaginn 31. maí í Íþrótt- og sýningarhöllinni í Laugardal - og danspartý í lokin!

Sabra Johnson í ágúst! Danny Tidewell í nóvember!

100% skemmtun lofað!!! - námskeiðin eru fyrir ALLA!
Tryggðu þér sæti og skráðu þig strax!

Seinast komust færri að en vildu

Skráning fer fram á www.dancecenter.is Nánari upplýsingar fást með því að senda fyrirspurn á info@dancecenter.is, eða hjá Nönnu Ósk Jónsdóttur í síma 861 5658.

Sérkjör fyrir
2 VILD

DANSLIÐ
So You Think You Can Dance?
kemur sérstaklega á vegum:



www.dancecenter.is

DANSGLEÐI með:



ICELANDAIR



OUTFITTERS' NATION



SAMSKIPTI
prentlausnir fyrir skapandi fólk



„Ég hlusta yfirleitt ekki á neitt í vinnunni, ég kveiki sárasjaldan á útvarpinu. Ef það gerist, þá verður Bylgjan fyrir valinu.“

Guðrún Sigurfinnsdóttir öðukennari.

Atli Örvars önnum kafinn í Hollywood

Hróður Atla Örvarssonar tónskálds virðist aukast með hverjum degi í draumverksmiðjunni Hollywood. Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu samdi hann nýlega tónlist við hasarmyndina Babylon A.D. með Vin Diesel í aðalhlutverki og ofan á það bættist kvikmyndin The Code þar sem stórleikararnir Antonio Banderas og Morgan Freeman verða í



NÓG AÐ GERA Atli Örvarsson hefur nóg fyrir stafni í Hollywood því á árinu verða frumsýndar þrjár kvikmyndir þar sem tónlist hans fær að hljóma.

helstu hlutverkum. Á vefsíðu IMDB var í gær tilkynnt um nýtt verkefni Atla en það er Whiteout með ofurstjórnunni Kate Beckinsale og gamla brýninu Tom Skerrit í aðalhlutverkum. Ráðgert er að þessar þrjár myndir verði allar frumsýndar á þessu ári

og ef það verður að veruleika er það einstakt afrek hjá íslensku tónskáldi.

Whiteout segir frá lögreglukonu sem er á höttunum eftir raðmorðingja í Alaska og þarf helst að finna kauða áður en sólin leggst í vetrarhýði næstu sex mánuði. Atli ætti að þekkja vel til drungans og myrkursins sem umlykur bandaríska fylkið enda að norðan en þar geta returnir oft



orðið æði kaldir og dimmir. Á kvikmyndasíðunni kemur fram að áætlað er að kvikmyndin verði frumsýnd í október á þessu ári. Leikstjóri er Dominic Sena, sá hinn sami og gerði Gone in Sixty Seconds og Swordfish.

- fgg

STÓRSTJARNAN Kate Beckinsale er ofurstjarna í Hollywood og lék meðal annars Övu Gardner í The Aviator.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. hæfileika, 6. gat, 8. nafar, 9. fugl, 11. tveir eins, 12. flattótur, 14. kvk nafn, 16. skóli, 17. netja, 18. fugl, 20. tveir eins, 21. staðarnafn.

LÓÐRÉTT

1. tarfur, 3. í röð, 4. forskot, 5. dýrahljóð, 7. land í Evrópu, 10. írafár, 13. angan, 15. illgresi, 16. skammst., 19. tveir eins.

LAUSN

LÓÐRÉTT: 1. boli, 3. á, 4. forgið, 5. urf, 7. póllend, 10. así, 13. ilm, 15. mör, 18. önd, 20. ff, 21. oddi.
LÁRÉTT: 2. gáfu, 6. op, 8. bor, 9. lóa, 11. r, 12. ílsig, 14. lílla, 16. ma, 17. arfi, 16. möo, 19. dd.

HERMANN OG VALDIMAR: HLJÓMALINDARHÚSNÆÐIÐ FÆR NÝTT HLUTVERK

Alvörumarkaður í bænum

Athafnamennirnir Hermann Fannar Valgarðsson og Valdimar Geir Halldórsson blása til mikillar veislu í og við gamla Hljómalindarhúsið í sumar. En þar hyggjast þeir opna alvöru útmarkað að erlendri fyrirmynd. Markaðurinn verður opinn frá miðvikudegi til sunddags og segir Hermann Fannar hugsunina vera þá að þematengja hverja viku fyrir sig. „Það verða kannski komputagar eina vikuna og svo hönnunardagar hina. Við erum líka búnir að ræða við Félag smábátaeigenda sem ætla að bjóða upp á ferskt sjávarfang og svo verður þarna líka gróðurmarkaður þar sem hægt verður að kaupa ferskt grænmeti og blóm. Auðvitað verða líka fastir liðir en þetta ætti að vera mjög fjölbreytlegt,“ útskýrir Hermann.

Í Hljómalindarhúsinu verður kaffihús og húsgögnin eru síður en svo frá Saltfélaginu eða öðrum tiskuvænum verslunum. Þau koma öll úr Góða hirðinum og verða til sölu. „Þannig að fólk getur fengið sér kaffi og kipt með sér stól eða sófa.“ Hermann segir málið hafa æxlast þannig að eigendur hússins vildu gera eitthvað fyrir það í staðinn fyrir að láta það standa tóm og ráðfærðu sig við þá féлага. Hefð er



FERSKUR FISKUR OG GRÆNMETI Hermann Fannar og Valdimar Geir verða með markað við gamla Hljómalindarhúsið. Inni getur fólk svo fengið sér kaffi og keypt sér sófa í leiðinni.

fyrir því að markaður sé starfræktur á þessum bletti en á sumrin var yfirleitt fatamarkaður í portinu hjá Sirkus. „Og á kvöldin er síðan stefnt að því að vera með tónleika,“ segir Hermann sem spáir því að höfuðborgarbúar eigi eftir að taka þessari nýbreytni opnum örmum. Og hann óttast ekki að nágrannarnir á móti, á skemmtistaðnum Óliver, eigi eftir að kippa sér mikið upp við það þótt yfir svæðið leggi kannski sætan fiskiilm öðru hvoru. „Annars má benda á að við erum með vefpóstinn trai-

liceland@trailiceland.com ef fólk vill hafa samband við okkur.“ Nýráðinn framkvæmdarstjóri miðborgarinnar, Jakob Frímagnússon, var að vonum ánægður með framtakssemi Hermanns og Valdimars. „Allt sem glæðir miðborgina auknu lífi og skemmtilegheitum fær minn móralska stuðning. Ég fékk reyndar póst áður en ég tók við þessu starfi og leist strax vel á þetta enda þekki ég þessa menn ekki að neinu öðru en sem drifandi og með mikinn hómor.“

FRÉTTIR AF FÓLKI

Egill „Gillzenegger“ Einarsson

hefur jafnan mörg járn í eldinum. Auk starfs síns sem hljómborðsleikari í Mercedes Club hefur hann nóg að gera sem einkapjálfaári. Nýjasta verkefni kappans mun vera að hafa umsjón með Bootcamp-prógrammi sem Háskóli Íslands býður nemendum upp á í sumar. Stóri G, eins og Egill kallar sig þessa dagana, hefur hingað til að mestu haldið sig inni í lyftingasal svo það ætti að verða nýtt fyrir honum að berja háskólanema áfram þrjá morgna í viku í einhverri erfiðustu líkamsrækt sem fyrirfinnst. Það skýtur aftur á móti nokkuð skökku við að Egill, sem er að útskrifast úr Háskólanum í Reykjavík, skuli láta það verða sitt fyrsta verk að fara að vinna fyrir helsta keppinautinn.



Mikil Eurovision-veisla er fram undan á Rás 2 í vikunni. Hápunkturinn er á föstudag þegar **Páll Óskar** verður sérstakur gestur í Popplandi. Hann hefur útsett nokkur Eurovision-lög til einsöngs og mun flytja þau með hjálp **Karls Ólgeirssonar**. Svo er aldrei að vita nema sjálfur **Johnny Logan** kiki í heimsókn, en Johnny heldur einmitt tónleika á Broadway sama kvöld.



- hdm/gh

ÞAD ER ADEINS EIN!

KICKIN' IT OLD SKOOL
FRUMSÝND 21. MAÍ

60GB PLAYSTATION 3
4 LEIHR + 4 HASSAR AF EIGILS ORKU!
SENDU SMS BTC PS3
OG SVARADU EINGI SPURNINGU!
9 HVER VINNUR!

BT

FULLT AF AUKAVINNINGUM:
GTA IV - VIKING BATTLE FOR ASGAR - DARK SECTOR
EURO 2008 - INCREDIBLE HULK - KIPPIR AF EIGILS ORKU
BIÓMÍÐAR Á KICKIN' IT OLD SKOOL - PS3 AUKAHLUTUR
DVD MYNDIR OG FULLT AF ÖÐRUM TÖLVULEIKUM

Eurovision-mömmurnar spenntar

„Við erum ákveðin í að taka þessu rólega og horfa á undankeppnina 22. maí. Þegar við sjáum hvernig fer plönun við laugardaginn,“ segir Sigprúður B. Stefánsdóttir móðir Regínu Óskar Óskarsdóttur Eurovisionkeppanda. Spennan magnast nú fyrir síðara undanúrslitakvöldinu á fimmtudag, þegar Regína Ósk og Friðrik Ómar stíga á svið fyrir Íslands hönd. Mæður söngvaranna eru manna spenntastar.

„Ég hef fylgst með keppninni síðan 1970, löngu fyrir tíma Regínu og hef alla tíð verið algjört Eurovision-nörd,“ segir Sigprúður og neitar því ekki

FLOTT Regína og Friðrik á sviðinu.



það verði erfitt að biða fram á fimmtudag. „Dagarnir fram undan verða erfiðir og ég er komin með svona innra stress, en Friðrik og Regína eru bæði dugleg og mikið keppnisfólk svo ég veit að þau munu gera sitt allra besta. Ég held að þetta sé líka fint fyrir þjóðina til að lyfta okkur upp úr þessu efnahagskjaftæði,“ segir Sigprúður og bætir við að það sé sérstaklega spennandi að fylgjast með Regínu í aðalhlutverki núna þar sem hún hefur hingað til sungið bakraddir fyrir Íslands hönd í keppninni.

Foreldrar Friðriks Ómars tóku í sama streng. „Við ætlum að koma saman fjölskyldan, borða pitsu og horfa á keppnina. Mín von er bara að þau komist upp úr undankeppninni og ég myndi gera mig ánægða með það, svo kemur framhaldið bara í ljós,“ segir



BIÐUR SPENNT EFTIR UNÐANKEPPNINI Fjölskyldur Regínu og Friðriks ætla að sameinast á fimmtudagskvöldið til að sjá hvort við náum loksins að komast í aðalkeppnina. Sigprúður, mamma Regínu, er Eurovision-nörd.


FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sólveig Gestsdóttir, móðir Friðriks Ómars Hjörleifssonar, og bætir við að óneitanlega sé keppnin mikið rædd. „Það er ekki talað um annað í fjölskyldunni. Við erum öll mjög stolt af honum, bæði vinir og vandamenn.“

- ag

Akureyri, Egilsstaðir, Selfoss, Hveragerði,
Reykjavík, Akranes, Hafnarfjörður,
Njarðvík, Sandgerði, Kópavogur,
Neskaupstaður, Grundarfjörður,
Stykkishólmur, Súðavík, Ísafjörður,
Vík í Mýrdal og Hreðavatnsskáli **eiga**
fleira sameiginlegt en **fallega**
náttúru og **fagurt mannlíf.**

Þú sparar á Orkustöðvunum



Net Orkustöðvanna umhverfis landið þéttist
sífeltilt enn frekari hagsbóta fyrir almenning.
Kynntu þér hvar Orkustöðvarnar eru og hvað
bensínið er ódýrt þar.

www.orkan.is



SPÁÐU Í HVAÐ ÞÚ SPARAR!



BAKÞANKAR
 Þráins
 Bertelssonar

Góði Geir, gerðu það, vertu memm!

Fyrir helgi kvað Geir H. Haarde formaður Flokksins og forsætisráðherra Íslands upp úr með skoðanir sínar á aðild Íslands að Evrópusambandinu.

Í fyrsta lagi, að þegar vegnir væru kostir og gallar þess að ganga í Evrópusambandið væru kostirnir léttvægari [sic!]. „Þess vegna vil ég ekki ganga í Evrópusambandið.“ Sagði Geir.

Í öðru lagi sagði Geir að ef við værum í Evrópusambandinu hefðu stjórnvöld ekki haft jafnt svigrúm til að laga sig að breytingum í alþjóðlegu umhverfi eins og gert hefði verið á síðustu mánuðum (sic!) ... Eina svigrúmið sem við hefðum haft væri á vinnu- markaði þar sem hægt væri að segja upp fólki og auka þannig atvinnuleysi. „Viljum við það? Ég vil það ekki.“ Sagði Geir.

FORSÆTISRÁÐHERRANN sagði að á grundvelli EES-samningsins hefðum við einhverja ákveðna stöðu gagnvart ESB. „En ég held að ef við værum komnir inn í sambandið og sætum við þetta stóra borð yrði lítið hlustað á okkar rödd.“ Sagði Geir – sem getur stundum verið dálídið líttill í sér.

PETTA svartagallsraus þótti mér leiðinlegt að sjá haft eftir forsætisráðherranum mínum og nú langar mig að þurrka hann upp: Fyrsta takmark Evrópusambandsins og höfuðtilgangur er að Frakkar og Þjóðverjar fari aldrei framár í stríð sín á milli og fleiri heimstýrjaldir breiðist ekki út frá Evrópu. Í stað stríða skulum við stunda friðsamlegt samskipti. Þessu markmiði hefur verið náð. Ég tel það henta hagsmunum þjóðar minnar. Um hagsmuni Flokksins þíns veit ég fátt. En hitt veit ég að forsætisráðherra Íslands á að taka hagsmuni þjóðarinnar fram yfir hagsmuni Flokksins.

EVROPUSAMBANDIÐ er ævintýrið sem álfan okkar þurfti á að halda eftir hinar hræðilegu heimstýrjaldir á síðustu öld. Hvar ævintýrið endar vitum við auðvitað ekki – en góði Geir, ekki loka þig inni í Valhöll, komdu og vertu með í ævintýrinu. Og umfram allt leyfðu þjóðinni að ráða sér sjálfri, hvað svo sem BB og Flokkurinn tautar. Þetta snýst um frið og framtíðarsýn og samstöðu gegn aðstoðjandi hættum. Ekki um hvort hægt sé að hafa út úr Evrópusambandinu fáeinir krónur (evrur) og láta ekkert af hendi í staðinn.

GÓÐAN DAG!
 Í dag er mánudagurinn 19. maí, 141. dagur ársins.

Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík 3.59	13.24	22.51
Akureyri 3.22	13.09	22.59

Heimild: Almanak Háskólans

FORESTER
SYMMETRICAL AWD

NÝR SUBARU SPORTJEPPI

KOMDU OG REYNISLUAKTU GLÆNÝJUM SUBARU FORESTER

Beinskiptur: **3.390.000 kr.**

Sjálfskiptur frá: **3.590.000 kr.**

ÖFLUG ÞJÓNUSTA UM LAND ALLT

Komdu við á einum af eftirtöldum stöðum á landinu og kynntu þér nýjan og glæsilegan Subaru Forester. Forester er frábær sportjeppi sem stendur undir væntingum við íslenskar aðstæður. Kynntu þér Forester, fáðu bækling, skoðaðu gripinn í krók og kima og prufukeyrðu.

Kortið sýnir þá staði þar sem við bjóðum upp á reynisluakstur.

Starfsfólk Ingvars Helgasonar

Reykjavík, Sævarhöfða 2, 525 8000
 Selfossi, Hrismýri 2a, 575 1460 - Akureyri, Óseyri 5, 464 7940 - Reykjanesbæ, Holtsgata 52, 421 8808 - Egilsstöðum, Kaupvangi 16, 471 2521

INGVAR HELGASON